GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ
SAFNAHÚSIÐ ÍSAFIRÐI

# SKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

---

Fundabók fyrir Byggingarnefnd Ísafjarðar.

B.

16/9 1896 til 5/9 1911.

---

Aðfnr. 6001

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af

Þjóðskjalasafni Íslands

Tekið af vef Skjalasafns Ísafjarðar

www.safnis.is

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

# Fundabók

fyrir

# Byggingarnefnd

# Ísafjarðar.

—"—

B.

—"—

Í þessari bók eru fundirnir nr. 170 – 305
D.S.

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

## 170. fundur.

Ár 1896, þann 16. dag septembermán, átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer.

Var þá fyrir tekið það sem nú skal greina.

1. Samkvæmt beiðni trjesmiðs Trausta Vigfússonar var honum útmæld byggingarlóð vestur af lóð sjúkrahússins, norður af lóðarspildu tilheyrandi f. sýslumanni Sk. Thoroddsen, 35 álnir frá vestri til austurs, 25 álnir norður á við. Var honum leyft að byggja á lóð þessari íbúðarhús 10 x 10 ál., er standa skyldi að minnsta kosti 5 álnir frá lóðartakmörkunum, og 2-3 álnir frá götu þeirri, er liggur vestanvið lóðina.

2. Samkvæmt beiðni frá Jóhanni skipstjóra Stefánssyni var honum ~~leyft~~ útmæld lóð norður af húsi bindindisfjelagsins Dagsbrún 33 álnir meðfram götunni frá lóð fjelagshússins, og 20 álnir frá austri til vesturs. Var honum leyft að byggja á lóð þessari íbúðarhús, 10 x 15 áln., er standa skyldi í sömu röð og Bindindis

fjelagshúsið, 5 álnir frá lóðartakmörkum að norðanverðu. –

3. Samkvæmt beiðni frá Árna Gíslasyni húsmanni var honum leyft að byggja 4 ál. langa og 2 álna breiða skúr á fasta við vestari hlið húss hans.

4. Samkvæmt beiðni Guðjóni Gíslasonar húsmanns var honum leyft að byggja geymsluskúr, 3 + 4 ál. utanvert við hús Jóns Halldórssonar, ~~(að á skk)~~ áfast við húsið, að áskildu samþykki Jóns Halldórssonar.

5. Beiðni frá Guðmundi Guðmundssyni bátasmið um að honum verði útmældur oddi, sem liggur milli ~~hós~~ lóðar Leonh. Tangs og lóðar Ásmundar sál. Bergs, áleit byggingarnefndin þar óviðkomandi, með því að eigi er um neina byggingu, nje kálgarð að ræða, er setjast eigi á þessum stað.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið

H. Hafstein Árni Sveinsson
Bjarni Pálsson Björn Árnason

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1896 þann 3. desember, átti byggingar-
nefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér við
hús Guðm. skipasmið Guðmundssonar. Allir
á fundi nema Árni Sveinsson. Samkvæmt
1. beiðni Guðmundar í bréfi dags. í dag var
honum leyft að byggja smíðaskúr norðan við
hús sitt áfast við það, 6½ al. á breidd og 13 álnir
á lengd, er snúi lengri hlið út að götunni, og sjái
gaflarnir fullar 10 álnir frá húsum beggja megin.
Beiðni hans um útmæling til kálgarðsræktunar frestað.

2 Þá var gengið að húsi Einars Sigurðssonar, og
Sigmundi Ásbjörnssyni leyft að setja upp lausan
húskofa 3½ + 3 álnir sunnan við hús Einars
að áskildu samþykki lóðareiganda ([illegible])
Annað [?] ekki fyrir tekið
Fundi slitið

Hannes Hafstein
Ólafur Halldórsson
Björn Árnason
Bjarni Pálsson

I Ár 1897, þann 16. febrúar, var bindindisfélaginu „Dags-
brún" leyft uppá væntanlegt samþykki nefndarinnar að
byggja til bráðabirgða, til sumars 1897 — skúr við félags—

ina á húsi fjelagsins, 6 x 16 álna.

H Hafstein

Ár 1897, þann 29. april átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer. Nýjar kosningar í nefndina höfðu fram farið, og höfðu hlotið kosningu af bæjarfulltrúum Árni Sveinsson og Björn Árnason og af bæjarmönnum Ólafur Halldórsson og Jóachim Jóachimsson. Allir meðlimir nefndarinnar voru mættir.

1. Sólon Guðmundssyni var eptir ákvörðun bæjarstjórnar útmæld lóð til túnræktunar í túngirði þeirri sem bær hans í Hlíðarnesi stendur á, og er lóðin 2120 □ ál, að ofan takmörkuð af þverkanti suðvestan í stóran stein 35½ álnir, síðan niður að öðrum þverkanti 58½ ál, og þaðan beint út í grjótgarð 37 ál.

2. Eptir beiðni Árna Sigurðssonar var á ný uppmæld lóð sú, er honum var útvísuð ofan götu 11. jan. f. á. og var henni breytt þannig, að hún er nú takmörkuð að ofan af Sólons lóð, að norðan niður í miðju girðingar 36½

Skjalasafnið Ísafirði

al., suður meðfram götunni 42½ al., og að norðan upp að Sölva lóð 39½ al., að stærð c. 1476 □ al.

3. Þá var Ísleifi Sveinssyni útmæld lóð til húsbyggingar lóð frá utan lóð Trausta Vigfússonar á Eyrartúni 25 álnir meðfram götunni, 35 al. frá vestri til austurs, og var leyft að byggja á lóð þessari hús, í línu við Trausta hús, 14½ al. á lengd meðfram götunni, 8½ al. á breidd. —

4. Þá var Ólafi snikkara Halldórssyni, sem hefur keypt af Hjalta Sveinssyni stykki af lóð hans 12 álnir frá suðri til norðurs (út að tröppum Ólafs) og 23 al. vestur á við, ofan að lóð Sölva Thorsteinssonar, útmæld í viðbót við lóð hans stykki vestur af húsi hans, 5½ × 14 ál., út að gangstíg meðfram ~~ge~~ girðingu Sigurðar Guðmundssonar (f. Óla b. Ásmundssonar), og var honum leyft að byggja útbyggingu vestur af suðurenda húss síns 14 álnir á lengd vestur á bóginn, og 8 álnir á breidd frá suðri til norðurs. Ennfremur var honum leyft að færa skemmu sína, 4×6 al., er nú stendur milli húss hans og Fengahússins, ~~upp að~~ inn á lóð sína, þannig, að hún myndi gaflhorn við útbygginguna, og sleppi hann frá lóð þeirri, sem það hús hefur staðið á. —

Skjalasafnið Ísafirði

5. Þá var Guðmundi B. Árnasyni útmælt til húsabyggingar lóð í Norðurtanganum næst fyrir utan lóð Þorláks Magnússonar, 31 al. meðfram götunni og jafnbreið Þorláks lóð (25 ál.), og var honum leyft að byggja á lóð þessari hús, 13 ál á lengd meðfram götunni meðfram sjó og 7 — ál á breidd. Húsið skyldi standa í sömu línu og hús Þorláks.

6. Framlögð var beiðni frá Guðjóni L. Jónssyni um útmælingu í Norðurtanganum fyrir utan lóð Guðm. B. Árnasonar, af lóð sem áður hefur verið útmælt consul Sigf. Bjarnarsyni, og sem hann greiddi lóðargjald af, en hefur ekki girt né byggt á. Með því að engar skýrslur lágu fyrir um fyrirhugaða stærð hússins, gat beiðnin ekki orðið tekin til greina að svo stöddu.

7. Þá var Magnúsi Kristjánssyni útmæld lóð í Norðurtanganum, norðan af stykki sem Jóachim Jóachimsson hefur haft ~~til~~ útmælt, gagnvart húslóð sinni, 20 x 20 álnir, og var honum leyft að byggja þar hús, 7 x 9 álnir, þannig að hliðin (9 ál.) sé meðfram ~~hu~~ götunni, 3 álnir frá henni, en norður-gaflinn í línu við ~~hús~~ norðurgaflinn á Jóachims húsi. —

Afsalar Jóachim sér að öllu leyti stykki því, sem hann hefur haft austan götunnar.

Skjalasafnið Ísafirði

8. Þorgeiri Baldvinssyni var leyft að byggja meðfram bakhlið húss síns og áfast við það skúr 7½ x 2½ al.

9. Birni Ljósmyndara Pálssyni var leyft að byggja 4 al. breiðan skúr meðfram austurhlið íbúðarhúss síns og myndasmiðju, að norðan skúr 4 x 7 al. og að sunnan skúr 4 x 5¾ al., og milli skúranna þak 4 + 3¾ al. – Að svo miklu leyti sem byggingar þessar koma of nálægt lóð næsta lóðareiganda (Benoni Benonissonar) var sagt þinglesið leyfi hans til þessa.

10. Framlagt var erindi frá Guðmundi Bergssyni, dags. 17. þ.m., þar sem hann beiðist leyfis til að byggja ~~við~~ hinn endann á torfhús sitt; ~~og~~ en með því að torfhús þetta stendur fram í miðja götu, og byggingarnefndin gat ekki séð, að hin fyrirhugaða viðbót gæti farið fram án þess að allt torfhúsið væri ~~hafið~~ byggt upp, ~~og~~ ~~hér~~ en það bætti mjög, og auk þess sem hin fyrirhugaða viðbót gæti ekki bætt úr óþrifnaði þeim, sem er að torfkofa þessum, og sem mundi standa að lengur, ef þessi aðgjörð næði fram að ganga, gat byggingarnefndin ekki ~~eptir~~ að sér séð að veita hið umbeðna leyfi. –

11. Þá var Pjetri Magnússyni leyft að setja kofa, 7 + 3 álnir, er hann hefur keypt af Skúla sýslumanni

Eiríkssyni, ~~[illegible]~~ sunnan við geymsluhús J. Veðholms á lóð hans, að áskildu samþykki lóðareiganda.

12. Þá var verzlunarstjóra Á. Jónssyni leyft að byggja á neðstu kaupstaðarlóðinni við hið sama kolaport, sem þar er, kolageymsluhús fyrir ~~[illegible]~~ hið danska eptirlitsskip, 10 x 15 álnir.

Bókað ekki fleira tekið

Fundi slitið

H. Hafstein.

Björn Árnason ~~Árni Sveinsson~~ Jóakimsson
Ólafur Halldórsson

Ár 1897, þann 3. dag júnímánaðar, átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer. Mættir voru auk bæjarfógetans, þeir Björn Árnason og Ólafur Halldórsson.

1. Guðbjarti Jónssyni var útmæld í viðbót við lóð hans að norðan verðu, 11½ x 35½ al., og leyft að byggja þar skúr við hjallinn 3 x 4 al. Enn fremur var honum leyft að lengja skúr við hús sitt til norðurs um 3 álnir (viðbót 3 x 6 al)

2. Þá athugaði byggingarnefndin, að Sigurður Eggerts-

Skjalasafnið Ísafirði

dóttir hefur látið setja girðing þessa og langt fram að götunni í norðausturhorninu, og áskilur sjer að skipa þar um flutning á því síðar.

3. Þá var Erlendi Kristjánssyni trjesmið útmæld lóð á Eyrartúni norðan af lóð Jóhanns Stefánssonar, 30½ al. meðfram götunni og 20 al. á breidd, og var leyft að byggja þar hús, 12 x 20 al, er snúi eins og hús Jóh. Stefánss. í línu við það.

4. Þá var Kristjönu Guðmundsdóttur útmæld sama sumar við lóð hennar (meðfram kálgarðgirðing, sem var) 5 x 16½ al, til kálgarðræktunar.

5. Einari Sigurðssyni leyft að lengja um 4 álnir hjall þann, sem er hjá íbúðarhúsi hans og færa hann síðar frá húsinu.

6. Skúla Thoroddsen leyft:
1° að lengja íbúðarhús sitt að norðanverðu um 10. al. (10 x 10); skúrar þeir tveir, sem nú eru við norðurenda hússins, skulu rifnar.
2° að byggja á lóð sinni geymsluhús, 11 x 12 al. fyrir norðan núverandi geymsluhús sitt, hver-

Skjalasafnið Ísafirði

umbil í staði því, sem hjallgarmur nú stendur á;

3° að byggja skúr 3×3½ al. við austurhlið íveruhússins.

7. Í stað lóðarstykkis þeirra, sem cand. Sigfús Bjarnason hefir haft útmælt í Norðurtanganum, og sem sumpart þarf að taka til byggingar, var honum með samþykki hans útmælt norðausturhornið af Norðurtanganum, 77½ al. frá suðri til norðurs, að hælum, sem niður er rekinn, og 37½ al. til vesturs frá ~~syðra~~ norðurhorni hins neðsta geymsluhúss að telja. (Það í viðbót við það, sem 2 eldri lóðarstykki voru samtals, 3×77½ al.). Gatan með þann Sundinu nær því að eins norðan að þessari lóð Sigf. Bjarnasonar.

8. Þá var Guðjóni L. Jónssyni útmæld lóð 20×20 al. sunnan við lóð Magnúsar Kristjánssonar í Norðurtanganum, og leyft að byggja þar hús 10×10 al. er sé í röð við Magnúsar hús.

9. Þá var Guðmundi B. Árnasyni gefinn kostur á því, að fá skúrstæði og viðbótarútmælingu norðan við lóð sína, með því skilyrði, að hann láti af hendi (undir götu) dálitla sneið sunnan af útmæling sinni

og borgaði það sem kostaði að fá í sama skyni 4 feta breitt stykki norðan af túnbletti Árna H. Símonarsonar og færa girðing hans um þá vegalengd.

10. Þá var Guðmundi Bertrygni leyft að byggja í stað torfhúss þess, er á lóð hans stendur, timburhús 9 x 12 al., með hliðina niður að götunni, í stefnu við geymsluhús Alberts Brynjólfssonar en suðurgafl jafnlangt suður eins og hús Benónís Benónísonar.

11. Loks var Magnúsi kaupmanni Árnasyni samkvæmt beiðni hans útmæld til bólvirkis, ~~og~~ til þess þar á að byggja verzlunarhús, lóð neðan götu 100 álnir meðfram götunni frá bólvirki Viemo Thordersens (Thorsteinssens) að telja, suður í stefnu við suðurgaflinn á „Hotel Ísafjörð" og 50 álnir fram til sjávar. (5000 □ al.). Útmælingu er Jón Jónsson Gísli Filippus Árnason hafa haft á þeim stað, 30 x 50 al., fellur þá burt, ~~Fundi~~ ~~síðan~~ ~~slitið~~ enda hafa þeir ~~síð~~ síðan þeir fengu útmælingu 1883 hvorki notað lóðina til byggingar, girt hana eða auðkennt á neinn hátt.

Fundi slitið

H. Hafstein   Björn Árnason   Ólafur Halldórsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1897, þann 19. ágúst átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer og voru allir á fundi.

Var þá tekið fyrir:

1. Bæjarfógeta H. Hafstein var leyft að byggja í porti sínu geymsluskúr 4 x 16 álnir.

2. Stjórn sparisjóðsins á Ísafirði leyft að byggja á lóð spítalans fjarðarmegin við hann og í línu við hann, hús, 14 x 11 al.

3. Guðmundi bátasmið Guðmundssyni var með öllum atkvæðum synjað um, að fá útmælda lóð kálgarðsræktunar þríhyrnu milli lóða Leonh. Tang; Ásmundar Bergssonar og hans, vegna þess að líkindi þætti til, að þar mundi geta fengist byggingarstaður.

4. Þá var Valdemar Haraldssyni útmæld lóð á Norðurtanganum, neðan af lóð Guðmundar B. Árnasonar, 42 ál. meðfram götunni og á breidd 19 al. á norðanverðu en 17 að sunnanverðu. Var honum leyft að byggja á lóð þessari, í línu við hin húsin er þar eru, hús, 14 x 8 álnir.

Skjalasafnið Ísafirði

5 Þá var Jóni Brynjólfssyni leyft að setja skúr, 4 × 6 al, við suðausturhlið húss síns.

6. Sölva Thorsteinsen leyft að byggja hús sitt um 4 álnir norðar en áður.

Frekara ekki fyrir tekið

Fundi slitið

H. Hafstein Árni Sveinsson Björn Árnason

J. Jóakimsson

Ár 1897, þann 14. Sept. átti bygginganefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer kl. 9½. Allir á fundi nema Ólafur Halldórsson.

Var þá gjört sú sem nú skal greina.

1. Jens Fr. Jensen var útmælð norðanlegt á Torfnesinu lóð, 50 al. meðfram götunni og á breidd 36 al. á norðanverðu en 25 al. á sunnanverðu. Var honum leyft að byggja í suðausturhorninu á lóð þessari, 3 álnir frá götu, timburhús 7 × 8 al. en norðurendinn skyldi vera fyrir kálgarð.

Skjalasafnið Ísafirði

2. Magnúsi Bergi Guðmundssyni var útmæld lóð sú, sem Erlendur Kristjánsson snikkari fékk 3. júní m. þ. á., en sem hann aptur hefur afsalað sér, og var honum leyft að byggja þar í línu við hús Jóhannesar Stefánssonar hús 12 + 14 álna með skúr við norðurendann 7 + 12 álna.

3. Erlendi Kristjánssyni snikkara var útmæld lóð uppi Krók fyrir utan lóð Guðbjartar Jónssonar 30 álnir meðfram götunni að ofanverðu og 35½ al. uppi bakkann. Á lóðarbletti þessum var honum leyft að byggja íveruhús 9 álna langt og 8 al. breitt, er skyldi snúa eins og hús Guðbjartar og vera í línu við það.

4. Beiðni frá Jóni Helgasyni assist. um útmæling til byggingar í túni Leonh. Tang gat nefndin ekki sinnt, af því að öll skilyrði vantar fyrir því, að Jón hafi þartil fengið nokkurt leyfi eiganda.

Fundi slitið

H. Hafstein Árni Sveinsson Björn Árnason

Skjalasafnið Ísafirði

20. okt 1897 tilkynnir Skúli úrsmiður Eiríksson, að hann hafi eptir leyfi byggingarnefndarmanns utanfundar byggt í sumar við endann á húsi sínu skúr, 9 × 2.18 al., þar sem honum í fyrra hafði verið leyft að byggja, en ~~því~~ var breytt síðar.

H. Hafstein

Ár 1898, þann 2. febrúar, átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer. Allir á fundi nema Jóachim Jóachimsson.

Var þá fyrirtekið:

1. Árna Árnasyni Símonarsonar leyft að setja við norðurendann á húseign föður hans, 4½ × 7½ alin stór skúr.
2. Þorláki Magnússyni leyft að byggja skúr við bakhlið húss síns, 5 × 3 al.
3. Magnúsi Kristjánssyni leyft að setja bíslag við hús sitt, 2 × 3 al.
4. Albert Jónssyni leyft að breyta þakinu á smiðju sinni í sama form og er á íveruhúsinu. (Í bréfi hans er athс. um stærð á lóð hans)
5. Sigfúsi Bjarnarsyni konsúl leyft að lengja búð sína norður á við (að áskildu leyfi lóðareiganda) um 12 álnir, og tvíloptaður, þannig að viðbótin

verði 12 x 12 álnir, og sje í sömu línu og bakarhúsið að vestanverðu.—
og Jóakimsson kom fyrst fundar loka. ~~fyrir~~ ~~fundar~~ 
Áður var ~~ekki~~ ekki þar tekið

fundi slitið

H. Hafstein  ~~Arni~~ Sveinsson
Ólafur Halldórsson  J. Jóakimsson
Björn Árnason

Ár 1898, þann 2. febrúar, átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar aptur fund með sjer og voru allir á fundi.

Fram var lagt brjef frá Kjartan B. Guðmundssyni í Hnífsdal, þar sem hann beiðist þess, að fá útmældan grunn undir hús að stærð 12 x 8 ál. í línu ~~vestur~~ suður af húsi Guðmundar Guðmundssonar bátasmiðs frá lóð hans að grindgerði Leonh. Tangs meðfram lóð Árna Sigurðssonar. Byggingarnefndin samþykkti fyrir sitt leyti, að hann byggði hús af nefndri stærð á hinni umgetnu lóð, ~~að~~ þannig, að suðurgafl þess veri í línu við suðurgafl Árna Sigurðssonar hússins og Óla Ó. Ásmundssonar (nú Sig. Guðmundssonar) hússins, og austurhliðin í línu með húsi Guðm. Guðmundssonar. En með því að þetta getur ekki orðið nema hann fái tekið af lóð Leonh.

Skjalasafnið Ísafirði

Tungt. er endanlegri útmæling fer fram, þar til er samþykk. reglugjörðarinnar er fengið.

Fundi slitið

H. Hafstein Björn Árnason

G. Jóakimsson Ólafur Halldórsson

Ár 1898, þann 31. marz, átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer. Allir á fundi nema Á. Sveinsson.

V I Fram var lagt brjef frá Jóni Þorvaldssyni lækni, dags. 30 þ. m., þar sem hann skýrir frá, að hann hafi samið við Magnús Jónsson um að fá lóð þá, er honum var útmæld 25. júní 1896, og beiðist breytingar á byggingarleyfinu. Eptir beiðni hans samþykkti byggingarnefndin, að beiðandi á greindri lóð byggi:

a, Íbúðarhús, 17 al. á lengd og 13 al. á breidd, einloptað og portbyggt

b, geymsluskúr 14 ál. á lengd og 6 al. á breidd, 4-5 álnir á hæð

þannig að skúrinn standi á norðurenda lóðarinnar meðfram strandgötunni, en íbúðarhúsið í línu við hús Jóhanns Stefánssonar ~~að austurenda~~ meðfram þver-

Skjalasafnið Ísafirði

götunni, 4-5 álnir frá skúrnum.

2. Þá var Símoni Alexíussyni leyft að færa út hjalli sínum út Dokkuna, þannig að hann snúi eins og hjallarnir í sömu röð.

Frekara ekki fyrirtekið

Fundi slitið

H. Hafstein  J. Jóakimsson
Ólafur Halldórsson  Björn Árnason

18. fundur.

Ár 1898, þann 3. dag maímánaðar átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér í húsi Samsonar Eyjólfssonar. Allir á fundi nema Árni Sveinsson, sem var erlendis.

I Fram var lagt erindi frá Samson Eyjólfssyni dags. 5. f.m. þar sem hann biður þess að honum verði útmælt geymsluhússtæði niður í fjörunni niður af húsi hans (fyrrv. hús Matth. Þórðarsonar) í Norðurtanganum. Samson Eyjólfsson var viðstaddur.
Með því að kaupmaður H. Sigfús Bjarnason hefur áður fengið lóð þessa útmælda, þá var

búið þar til fiskireit ~~??~~ á venjulegan hátt, sem hann hefur notað til þessa, og nú loks lokið girðing um lóð þessa, þá álít byggingarnefndin að hann gegn mótmælum Sigfúsar Bjarnasonar, er var líkvaddur, byrgti heimild til að útmæla ~~at~~ beiðandi hana ~~??~~ sem ónotaða kaupstaðar lóð, jafnvel þótt hún hafi verið ógirt í meira en 2 ár frá því ~~hann~~ Sigfúst fékk hana útmælda.

Byggingarnefndin synjaði því (~~samþykkir~~) beiðni Samsonar með öllum atkvæðum.

Þá var Samson Eyjólfssyni leyft að bæta við ~~??~~ norðurenda húss síns 7 x 9 álnum ~~húsi~~ tvíloptuðum.

Þá var ákveðin þvergata, 7 álna breið meðfram suðurgaflinum á húsenda Samsonar vestur í götu þá, sem liggur um miðjan tangann. Til þess verður nauðsynlegt að taka saman af lóð Samsonar ~~7~~ 5 álna breiða spildu; einnig verður að taka 2 álna spildu norðan af túnbletti Árna Árnasonar Símonarsonar, og krefjast þeir báðir endurgjalds, er síðar verður ákveðið.

II Ennfremur var Þorláki Magnússyni gjört aðvart um að til götu þessarar tækist lítil spilda norðan af lóð þeirri er hann leigulaust hefir af

mennað fyr. III Lóðir athugast ~~Bi~~ byggingar-
nefndin, að Guðmundur Bjarni Árnason hefur
tekið girðingu kringum túnblett sinn í sumar, nú
hús sitt of langt suður á lóðinni, (og 1 alin of
langt ~~austur~~). Ákveðið var að gjöra honum að
skyldu að flytja aptur girðing sína þannig, að
hún verði gjörð meðfram hinni nýákveðnu þvergötu,
~~(frá var mæld lóð sú, sem nú fylgir húsi~~
~~Samsonar~~ Egjólfssonar, ~~sem fyrr Matth. Sandar-~~
~~sonar hús)~~ í gjörða línu við suðurgaflinn
á Samsonarhúsi.
Þá var ákveðið, að Strandgatan skyldi
ekki ná lengra norður í lóðina en á móts
við suðurgaflinn á húsi Samsonar, en haldi
skyldi opnum gangstíg 3 álna breiðum
meðfram girðing H. S. Bjarnarsonar út ~~að~~
í Norðurtangann. Lóð Samsonar telst þá
~~frá~~ niður að þeim gangstíg, og verður þá
sú lóð, sem nú til heyrir húsinu 31 alin
frá ~~suðu~~ á lengd meðfram götunni og 23½
á breidd vestur að girðing Guðm. Bj. Árnasonar, =
alls 728½ ☐ al.
Frekara ekki fyrir tekið
Fundi

slitið.

H. Hafstein

Björn Árnason  J. Þorláksson  Ó. Halldórss

Ár 1898, þann 11. maí, átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer. Allir á fundi nema Árni Sveinsson.

1. Fram var lagt erindi frá Sigvalda Árnasyni skósmið, dags 9. þ. m. þar sem hann biður um útmælingu til bólverks og byggingar sjáfarmegin við Strandgötuna ofanvið við ~~B~~ bólverk F. Thordersen, 45 x 30 al.

Fyrir lóðarbeiðanda mætti Magnús S. Árnason kaupmaður. Tilkvaddir voru og mættir F. Thordersen og verzlunarstjóri Leonh. Tangsverzlunar J. Laxdal.

Eptir að athugað höfðu verið eldri útmælingarskilríki var Sigvalda Árnasyni útmæld lóð neðan götu 12 álnir frá ~~stakkstæði~~ bólverki Finns Thordersen. 45 álnir upp með þeirri og 30 álnir frá götunni fram til sjáfar að neðanverðu, 28 álnir á breidd að ofan. Á þessari lóð var honum leyft að

byggja tvíloptað hús 16 x 18 álnir, er sje að minnsta kosti 2 álnir niður frá götunni í með hliðina meðfram henni.

2. Millibilið milli þessara nefndu lóðar og bólverks P. Thorsteinsson, ~~sem~~ 12 x 30 álnir var Árna bakara Thorsteinsson ~~að~~ útmælt eptir beiðni hans til viðbótar við bólverk hans, með því skilyrði, að hann breikki bólverkið um þetta svið jafnsnemma og Sigvaldi Árnason byrjar á því að gjöra bólverk á sinni lóð.

Ákveðið var að leggja því Sigvaldi Árnason að gjöra byggingarnefndinni aðvart áður en hann byrjar að leggja grunn því hús sitt, svo að hún geti haft eptirlit með því, hvernig húsið verður sett.

3. Byggingarnefndin ákvað, að taka til götu af endanum á lóðarspildu að þakinu, til hægra Leonh. Tang verzlun ~~en~~ trapezmyndað stykki, ~~sem~~ þannig að Skólagatan ~~sje~~ komi beint á Bótargötuna. Stykki það, sem þannig tekið til götu, takmarkast af línum, sem eru 6½, 23, 20½ og 31½ álnir á lengd eða c. 290 □ álnir. –

Skjalasafnið Ísafirði

Samkvæmt 4. gr. A. í O. br. 26 jan. 1866 ákvað byggingarnefndin að endurgjald skyldi greitt af bæjarsjóði fyrir stykki þetta, sem eptir stærð og verði allrar lóðar Leonh. Tangsverzlunar og eignum þeirra, sem verzlunarlóðin gæti álitizt að verða fyrir við breytingu þessa, svo og með tilliti til þess verði, er í fyrra hefur verið gefið fyrir álíka lóðarstykki álítizt hæfilegt metið 20 krónur. Gjörðin sú, sem er um þetta korn, fari á kostnað bæjarsjóðs. —

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið

H. Hafstein  Bjarni Sakarías...
Hafliði Halldórsson  Björn Árnason

Ár 1898, laugardaginn 18. júní, átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér, og voru allir á fundi. –

I. Afgreitt var framlögð til umsagnar nefndarinnar kæra til amtsins frá verzlunarstjóra Jóni Laxdal yfir því, að endurgjald það, 20 kr., fyrir korn af lóð undir götu, er ákveðið var 11 f. m., sje of lágt sett. Nefndin athugaði, að hún hefði við ákvörðun endur-

gjaldinu fari samkvæmt 4 gr. A í O. bj. 26. jan
1866 eptir stærð og verði allrar lóðarinnar ~~lo~~ þeirrar, er
Leonh. Tang er eignuð hjer, og sýnum þeirri, sem lóðin
hugsanlega græði fyrir við þessa nauðsynlegu breyting
götunnar. Nefndinni er kunnugt um, að eptir verði
því, sem ~~var~~ Leonh. Tang fyrir fáum ~~árum~~ gaf
fyrir öll verzlunarhús sín hjer með tilheyrandi lóð, sem
til lóðargjalds ~~húsaskatts~~, er talin 80.168 □ álnir, getur
hver kvaðratalin í lóðinni ekki staðið honum í nema
á litlum parti úr eyri, og nefndinni getur ekki
komið til hugar að trúa því, að þessi breyting
á götunni, sem ~~hennar~~ ~~psyfir~~ ákveðað hefur verið,
fellir eign Leonh. Tangs í verði ~~um~~ á nokkurn hátt.
Nefndin hlaut að álíta sjer óskylt að rannsaka, hvað
verzlunin kynni að geta selt privatmönnum grunn
fyrir, því að í fyrsta lagi er hjer ekki að ræða
um annað, en að verzlunin verði skaðlaus, og í öðru
lagi er hjer um mjótt horn milli gatna að ræða, sem ekki er
auðið að nota til byggingar. Vottorð þau, sem
verzlunarstjórinn hefur sent með kæru sinni, eru mjög
villandi (og gegnir furðu, að kærandi skuli ekki hafa
getað sjeð, að mjög beint liggur við að álíta, að
hann hafi það) og koma ekkert þessu máli við.
Lóð sú, sem Sigfús Bjarnason hefur ~~boðið~~ [illegible]

í áframhaldi af sölubúð hans, þannig að hann getur ekki lengi haft þetta, nema hann fái lóðina á þessum stað, hvernig sem upp er sett, og sannar það ekki, að hann eigi geti legið fyrir það lóðarhorn, sem hjer er um að ræða. Vottorð F. Thordarsens sannar einnig lítið, því að lóð hans er svo lítil, að hann kemst eigi af með það til sinna eigin afnota, og hefur í vor orðið að fá viðlóðarútmæling. Það var því engin furða þótt hann eigi ekki selja það sem hann með engu móti getur misst, enda verður að geta þess, að honum var alls ekki boðið þetta fyrir alla lóð hans, heldur fyrir part af henni til nýrrar verzlunarbyggingar.

Byggingarnefndin verður því að álíta, að verð það, 20 kr, sem hún hefur ákveðið, nægi til þess að friða verzlunarstjórann og láta eitthvað heita, en af því að hún álíti að um nokkra rýrnun í lóðinni væri að ræða, sje full hátt, ~~og~~ enda verður nefndin að mótmæla því, að helmingur stykkis þess, sem hjer er um að ræða sje lágdýr fiskireitur. ~~helling~~ allt að 2/3 ~~eða~~ ónotaður ~~[illegible]~~ grassvörður, ~~og~~ enda fer því fjarri, að horn það af blettinum, sem verðlagt er, sje notað að staðaldri, og nær engri átt, að það gefi af sjer nærri svipað þeirri upphæð, sem verzlunarstjórinn nefnir.

Byggingarnefndin vonast því eptir, að hið háa

amt láti við þar búið standa.

2, Þá var Magnúsi Bergi Guðmundssyni útmæld lóð pollmegin upp við kirkjugarðsgötuna, 40 ál. á ~~breidd~~ lengd meðfram þeirri götunni, ~~sem~~ talst að sunnan verði 20 álna breið frá kirkjugarðshorninu; breidd lóðarinnar 20 al. ~~á breidd~~ meðfram Pollgötunni. Á þessari lóð var honum leyft að byggja hús 14 álna langt, og 12 álna breitt með skúr ~~á ..~~ við norðurgafl, 7 x 12 álnir, og skyldi húsið vera tvíloptað, þannig sett, að suðurgaflinn sje í „flugti" við bindindisfjelagshúsið. En verði lóðin girt að sunnan, ber að stefna girðingunni í suðausturhorn kirkjugarðsins. sjá 21/4 1900

3, Þá var Skúla Thoroddsen leyft að byggja á lóð sinni geymsluhús, 19 x 7 álnir, fyrir neðan eldra geymsluhús hans, þannig að öll austurhliðin nái út á takmörk lóðar hans og nágrannalóðarinnar. Höfðu hlutaðeigandi lóðareigendur veitt til þess skriflegt leyfi, dags. 15. júní 1898.

4, Jóni lækni Þorvaldssyni leyft að lengja hús sitt

Skjalasafnið Ísafirði

bílaloptað, og skúrinn við norðurenda þess 16 x 8 ál. í stað 14 x 6, en að öðru leyti samþykkt verði. –

5, Þann var lagt erindi, dags. 21. maí, frá Hans Sigurðssyni, Þorláki Magnússyni, Jóni A. Þorkelssyni, Guðm. B. Árnasyni og Kristni Guðmundssyni, þar sem beðið er um að fá niður í fjörumál, gegnum fiskireit A. S. Bjarnasonar í Norðurtangarnum. Með því að nægur aðgangur er til sjóar fyrir húseigendur þá, er ofan greinir, fyrir innan þetta fiskireit, og enda 3 götur auk þess hverjir eru lagðar hjá fram í fjöruna, taldi nefndin ekki ástæðu til að sinna þessari beiðni.

6, Magnúsi Kristjánssyni leyft að byggja við norðurenda húss síns skúr 4 x 7 álnir.

7, Guðmundi B. Árnasyni leyft að setja við hús sitt bíslag 2½ x 3 álnir.

8. Beiðni frá Jóni Magnússyni hjúsmið, dags. 9/6 um viðbótarútmælingu suðvestan við lóð hans, synjað.

Skjalasafnið Ísafirði

9, Þá var Pjetri M. Bjarnasyni út-
mælt lóð sunnan af lóð Jóni Magnússonar
trjesmiðs, 22 álnir á lengd meðfram götunni,
og 25 álnir á breidd frá götustjettinni, og
honum leyft að byggja þar hús að ~~ummáli~~
stærð 12 x 10 álnir, hliðin í línu við hús
Jóns Magnússonar.

10, Þá var Jóni Helgasyni útmælt lóð niður
af lóð Skúla Eiríkssonar, suðurtakmörk beint at ~~frá~~ Girðing hans ~~að~~
~~þvergötunni~~, og að norðan út að hugsaðum þver-
stig. Lóð þessi er 22 álnir meðfram þver-
götunni, en á breidd 21 alin að norðan og
18½ al. að sunnan. Var honum leyft að
byggja þar hús 16½ x 11½ álnir, er sje í
línu við hús J. Magnússonar, ~~og~~ þó að á-
~~að~~ skilda leyfi porti lóðareiganda Skúla Eiríkssonar
til að byggja upp á lóð hans.

Þá var dagur að kveldi ~~kominn~~,
og var fundi slitið
H. Hafstein Árni Sveinsson Björn Árnason
Ólafur Halldórsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1898 þann 2. ágúst átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer og voru mættir Árni Sveinsson og Björn Árnason auk formanns nefndarinnar.

Var þá tekið fyrir:

1. Verzlunarstjóra A. Ásgeirssonar verslunar leyft að byggja smiðju 12 x 8 al. á túninu sínu vest við neðsta kaupstaðinn.

2. Verzlunarstjóra Á. Jónssyni leyft að hækka og gjöra að íveruhúsi hjall, er hann hefur keypt af Páli Jónssyni, og sem stendur á suðausturhorni lóðar hans við sundin.

N3 / Sjá húsavirð.bók №108

3. Eptir ákvörðun samþykkt eptir á, að Jón Sæmundsson hafi með munnlegu samþykki nokkra nefndarmanna byggt á lóð sinni skúr 6 x 9 al. austur af húsi sínu.

4. Eptir beiðni dags. 22. f.m. var Jóni Sæmundssyni leyft að lengja nýnefndan skúr austur í lóðinni um 4 álnir.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

H. Hafstein Árni Sveinsson

Björn Árnason Ólafur Halldórsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1898, þann 25. ágúst, átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer. Allir á fundi nema Jóakim Jóakimsson.

Var þá tekið fyrir:

1., Kom var lagt erindi frá M. S. Árnasyni, dags. 23. þ. m. þar sem hann skýrir frá að hann hafi áformað að byggja hús á lóð þeirri, er honum var útmæld til starfsstöðu 3. júní f. á. og biður byggingarnefndina að koma saman til þess að hann, með hennar samþykki geti ákveðið hvar hann vilji setja húsið.

Byggingarnefndin gekk á hina umræddu lóð og gjörði verzlunarstjóra M. S. Árnasonar, Birni Þórðarsyni aðvart, með því M. S. Árnason var ekki viðlátinn, og mætti Björn Þórðarson við gjörðina.

Með því að ekkert mótar fyrir bólverksbyggingunni, var Birni Þórðarsyni gjört aðvart um, að ef lóðin ekki innan tveggja ára frá útmælingardegi til þess, sem hún væri útmæld til, þá gæti hún að þeim tíma liðnum fallið aptur til bæjarins. Hann lýsti því þá yfir sem skilaboðum frá M. S. Árnasyni, eptir

Skjalasafnið Ísafirði

að hafa gengið frá og heim í húsið, þar er Magnús en
þá komin, að hann mundi ekkert bólverk byggja,
og ~~verður~~ því að skoða hið ~~framlagða erindi sem~~
beiðni var) og með því að það er ákveðið leyfið fram
við útmælinguna 3. júní þ.á. að lóðin sje útmæld
til bólverks, til þess þar á að reisa verzlunarhús,
þá verður því að skoða hið nú framlagða erindi
sem beiðni um leyfi til að byggja hús neðan götu
án bólverks.

Með því byggingarnefndin álítur, að það sje
óheppilegt og óeskilegt fyrir bæinn að bólverk til verzlunar
gjörsigangi komi á þessum stað, þá var samþykkt
að neita um leyfi til húsbygginga neðan götu nema
bólverk sje byggt, og neitar nefndin því að svo stöddu um
hina umbeðnu útvísun á byggingarstæði á svæði því, er
til bólverks var útmælt 3. júní þ.á.

2, Þá var framlagt erindi frá Þorláki Magnússyni,
dags. 24 þ.m., þar sem hann biður um lóð til
þess að byggja hús 14 x 10 ál. pallmegin við Bakka
götu sunnmegin við svokallað „Fjelagshús". Lóð þessi
hefir 1882 verið útmæld S. Holm til húsbyggingar, og
hefir jafnan verið borgað af ~~þ~~ honum lóðargjald síðan,
lengst af af verzlun L. Tungu, sem hefir notað hana
undir fiskireit (þurkreit) og fengið leyfi til þess hjá S. Holm.

Skjalasafnið Ísafirði

Byggingarnefndin frestaði fyrst um sinn að taka ákvörðun um beiðni þessa.

Fleira var ekki fyrir tekið
fundi slitið

H. Hafstein   Árni Sveinsson
Björn Árnason   Ólafur Halldórsson

Ár 1898, þann 7. september, átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér sem allir á fundi.

1, Þorláki Magnússyni var útmæld lóð, 5 al fyrir ofan bræðluhús Leonh. Tang-verzlunar, pollmegin við götuna, 35 álnir upp með götunni 15 álnir á breidd og leyft að setja þar hús, 14+10 al, paralelt við götuna, þannig að framhliðin sé í beinni línu með bræðluhús hliðinni í norðausturhorni fundarhússins, og standi á húsið ekki ofar en á mitt við stakkst. S. Thorsteinsson.

2, Það var með 3 atkvæðum gegn 2 samþykkt að Magnús S. Árnason mætti setja hús á (stakk)

Skjalasafnið Ísafirði

bólverk sem hann hefur byggt neðan við ~~hús~~ ból-
verk Á. Thordersens. Húsið skyldi vera tvílyft, 18 x 12
álnir og snúa hliðinni meðfram pallgötunni eftir
línu sem nefndin ákvarðaði með niðurreknum hæl-
um og snúru. Skyldi húsið vera fullar 10 álnir
frá geymsluhúsi Á. Thordersen og (~~[illegible]~~) 5 álnir niður
frá hinni tilteknu götutakmarkalínu.

~~Meiri hluti~~ Byggingarnefndin taldi óheppilegt, að
bólverk það, sem hann hefur byggt, nær ekki jafn-
langt fram eins og bólverk Á. Thordersens og skuld-
batt M. S. Árnason kaupmaður, sem var viðstaddur
gjörðina, sig til þess, að færa það jafnlangt fram
innan árs.

3. Leyft var Árna kaupmanni Sveinssyni að
byggja við geymsluhús sitt skúr 5 x 6 álnir.

4. Þorsteini Stefánssyni var leyft að setja upp
að húsabaki við hús G. L. Jónssonar skúr 3 x 2½ al.

5. Kristni Gunnarssyni leyft að byggja skúr við norður-
gaflinn á húsi hans, 4 álnir norður á við, jafnbreiðan hús-
inu (4 x 7)

6. Benoní Benonísyni leyft að setja bílskúr út

Skjalasafnið Ísafirði

hús sitt 3+2 ál.

Fundi slitið

H. Hafstein

Björn Árnason Árni Sveinsson

J. Jóakimsson Ó. Halldórsson

Ár 1898, þann 11. Oktober, átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér og voru allir á fundi nema Ólafur Halldórsson. Fór þá fram svo sem nú skal greina.

1, Byggingarnefndin mældi upp og ákvarðaði lóð Magnúsar Gíslasonar í Krók. Reyndist hún að vera alls 325 □ álnir, þar af byggð lóð samtals 95 □ ál.

2. Jóhanni Stefánssyni synjað um 5 álna viðbótar útmælingu norðan við lóð hans, með því að því mundi skerðast um of byggingarstæði það, sem nú er milli húss Jóhanns og húss Jóns heitins Þorvaldssonar.

\+

3. Skúla Thoroddsen leyft að byggja skúr á lóð sinni frá norðausturhorni nýja geymsluhússins 14 ál. suður

Skjalasafnið Ísafirði

að gamla geymsluhúsinu, 5½ al. á breidd. Eigendur næstu lóðar, Maríar Guðmundsson og Magnús Benónísson höfðu skriflega veitt samþykki sitt til, að húsið væri byggt fast að lóðartakmörkunum.

4. Frestað beiðni Guðm. Br. Guðmundssonar um útmæling undir hús milli Dokkunnar og geymsluhúss Á. Ásgeirssonar.

5. Eftir beiðni Þorgeirs Baldvinssonar var athuguð lóð hans (Ólafar Helgadóttur hús) og telst nam að lóð sú, sem ~~hann~~ nú er með því húsi innan girðinga ~~að stærð~~ að stærð x 860 □ álnir, þar af byggð lóð 238 en óbyggð 622. – Af lóð þeirri sem talin hefur verið húsi þessu til skatta hafði nokkur ~~hefir~~ verið selt Símoni Alexíussyni, og nú að nokkru tilheyrir B. Pálssyni (athuga.) Vegna vantandi skilríkja gat þetta ekki orðið útkljáð til fullnustu.

Frekara ekki fyrir tekið

Fundi slitið

H. Hafstein

Björn Árnason  J. Jóakimsson

Sama ár og dag & síðast greinir var verzlunarstjóra Árna Jónssyni af byggingarnefndinni leyft að byggja hús úr timbri á Neðsta-kaupstaðarlóðinni 5 × 8 álnir, efst á túninu Sundamegin, þar sem hænsna hús nú stendur, og ennfremur var honum leyft að byggja „Bíslag“ 3 × 6 álna, við efri hlið hins svonefnda Péturshjalls, að áskildu samþykki næsta lóðareiganda, Péturs Jónssonar, til þess að byggja „Bíslag“ þetta að eins 2 álnir frá lóðartakmörkum.

H. Hafstein.

Björn Árnason  J. Jóakimsson

Ár 1899 þ. 12. d. aprílm. átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér á skrifstofu bæjarfógeta og voru allir á fundi nema J. Jóakimsson.

Var þá tekið fyrir sem nú skal greina.

1) Beiðni frá Erlendi Kristjánssyni um skúrbyggingu norðanvert við hús hans, er skyldi vera 5 álnir út frá húsinu. — Byggingarnefndin veitti þetta leyfi.

2) Ennfremur frá Á. Benediktssyni um skúrbyggingu á norðaustur hlið íbúðarhúss hans, sem líka

er rétt.

3) Lögð fram beiðni frá Bjarna Vigfússyni um, að honum verði útmæld lóð undir 18 x 18 álna smiðju. Byggingarnefndin álítur að fresta úrskurði sínum um þessa beiðni. —

4) Beiðni frá Birni Pálssyni um að byggja 2 álna breiðan skúr austanvert við Gosenegnda smiðju sína. Það er samþykkt með öllum atkvæðum. —

5) Svo er framlögð beiðni frá Skúla Eiríkssyni um að honum sje útmæld lóð frá lóð hans yfir að þvergötunni. Þessu er synjað af byggingarnefndinni, þar sem þetta umrædda stykki áður er útmælt. —

Marinó Hafstein
settur.

Björn Árnason Árni Sveinsson
Ólafur Halldórsson

Ár 1899, þann 16. dag júnímánaðar átti byggingarnefnd Ísafjarðar kaupstaðar fund með sjer, og voru allir á fundi nema Ólafur Halldórsson.

Var þá fyrir tekið:

Skjalasafnið Ísafirði

1, Katli Magnússyni skósmið var útmæld í viðbót við lóð hans lóðarspilda norður af húsi hans, norður á móts við girðing Skúla úrsmiðs ~~Einarssonar~~ Eiríkss[onar] og 4 álnir út frá húsi hans frá þrihyrndri stakkstæðisbotni upp að þvert skúrnum ofan við húsið. Viðbótin er 18½ + 14 al + 4 × 10 al = 299 □ al. Styrkir allur til gardrækta.

2. Þá var Ragnheiði Jónsdóttur leyft að lengja skúr, sem er norðan að húsi hennar um 3 álnir, að áskildu leyfi næsta lóðareiganda fyrir norðan, og ber að láta Bæjarstjórn þá leyfi. Viðbót við byggða lóð 3 × 7 al

3, Bjarna Sigfússyni synjað um leyfi það, er um ræðir í fundi 12. apr. síðastl., í 3. lið.

4. Skúla Thoroddsen leyft að byggja skúr 8 × 12 álna ~~???~~ við norðurhlið hins nýja geymsluhúss í lóð hans.

5. Þá var læknir Þorvaldi lækni Jónssyni leyft að snúa við geymsluhúsi sínu og færa það svo, að það verði ~~???~~ parallelt við íbúðarhús hans, og lengja það um 6 álnir (Viðbót við byggða lóð 6 × 8 al.)

Skjalasafnið Ísafirði

Þá var ekki fleira fyrir að taka.

Fundi slitið.

H. Hafstein — Árni Sveinsson

Björn Árnason — J. Jóakimsson

190.

I Ár 1899, þann 7. ágúst, var Guðmundi Bjarna Árnasyni leyft að byggja hjall á lóð sinni bak við húsið, 6 × 6 álnir. —

H. Hafstein — J. Jóakimsson
Björn Árnason

Ár 1899, þann 1. sept. átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér, og voru allir á fundi.

Var þá tekið fyrir:

1. Beiðni um útmælingu til húsabyggingar í Króknum, milli húss Magnúsar Eiríkssonar og hliðsins á grjótgarðinum, er inn var komin frá Guðl. Guðmundssyni, dags. 14. f.m., var synjað, vegna fyrirhugaðrar götu og byggingar á tanganum. —

2. Þá var Jóhanni Þorkelssyni skipstjóra leyft að

Skjalasafnið Ísafirði

byggi norðan að húsi konu sinnar Petrínu Barðardóttur, sker, er væri hornskekkja eptir götunni, 12 álnir á breidd en 4 álnir á lengd á skemmri veg.

3, Þá var Skúla Einarssyni útmælt á ný lóð svo lóð hans stækki út að Skóla götunni 19 x 12½ álnir, lítt ræktuð.

Þ[illegible] ekki. Þá tekið
Fundi slitið.

[signature]

Olafur Halldórsson
Björn Árnason
Jóakimsson

Ár 1899, þann 7. dag oktobermánaðar, átti byggingarnefnd Ísafjarðar kaupstaðar fund með sér á skrifstofu bæjarfógeta og voru allir á fundi nema Jóakim Jóakimsson

I Var þá lagt fram bréf frá kaupm. Samson Eyjólfssyni dags. 4. þ.m. viðvíkjandi endurgjaldi fyrir lóðar bletti sunnan við hús hans, sem hann lætur til götu þvert yfir norðurtanga. 5 x 23½ al = 117½ □ álnir. Samson kaupmaður Eyjólfsson

ra mættir á fundinum, og taldi það að sam-
komulagi, að honum skyldi greitt 35 kr. fyrir
lóðar nefnt stykki sunnan af lóð hans og fyrir
rask á girðingu, er hann hafði sett. Gengur
Samson kaupmaður að þessu, og sleppir þá frekari
kröfum.

Frekara ekki fyrir tekið
fundi slitið

H. Hafstein   Árni Sveinsson   Björn Árnason
Ólafur Halldórsson,
Samþykkur Samson Eyjólfsson

Ár 1900, þann 20. apríl átti byggingar
nefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer og voru
allir á fundi. Fór þá þannig fram:

1, Framlagt var erindi frá Pjetri M. Bjarnasyni um stækkun
á lóð hans og leyfi til að byggja skúr & kamar. Vegna skekkju
á lóð þeirri, sem hús eigin hans fylgir, og sem hefði
komið mjög í ljós þegar lóðin var gjörð, var samþykkt
sú breyting á lóðinni, að eystri lóðar takmörk verði
paralell með húshliðinni. Þegar það horn, er þannig gengur
af lóðinni að norðaustan, og fellur til bæjarins aptur, fær hann við-
bót að norðanverðu, þannig að lóðin verður nú 45 álnir á lengd
meðfram kirkjugarðsgötunni, (á breidd 20 álnir að sunnan og 15 al. að norðan.
Sjá res. B. hinn 18/6 98

Var honum leyft að byggja skúr eftir Geymsluhús 12×6 álna, 5 álnir sunnar frá norðurtakmörkum lóðarinnar og setja port milli skúrsins og hússins.

2, Þá var Birni Guðmundssyni leyft að byggja skúr við austurhlið á geymsluhúsi sínu, 4 al. breiðan og 12 álna langan.

3, Þá var Bjarna Sigurðssyni útvísað byggingarstað á lóð þeirri á Torginu, sem hann hefur keypt af Pjetri M. Bjarnarsyni, 10 álnir sunnar frá húsi Jóns Magnússonar, paralell við götuna. Stærð 12×10 álnir.

4. Þá var Benóní Benónýsyni synjað um leyfi til að byggja geymsluhús á lóð sinni austanvert við geymsluhús hans, með því að millibil milli þess húss og næstu húseignar hefði ekki getað orðið 10 álnir.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið

H. Hafstein

Árni Sveinsson. Ólafur Halldórsson

Björn Árnason J. Jóakimsson

Í fjarveru minni 14. sept – 1 okt. þ. á. er herra bæjarfulltrúa Árna Sveinssyni falið að halda byggingarnefndarfund í umboði mínu

H. Hafstein

Skjalasafnið Ísafirði

Árið 1900, föstudaginn hinn 14. september átti byggingarnefnd Ísafjarðar kaupstaðar fund með sjer. Á fundinum voru allir nefndarmenn mættir nema oddviti sem var fjarverandi og hafði gefið bæjarfulltrúa Árna Sveinssyni umboð til að halda fundinn.

1. Var Olafi Magnussyni bókhaldara leyft að byggja skúr 18 x 4 áln, 4 álnir frá norðvestur hlið íbúðarhúss hans, en var jafnframt gjört að skyldu að fá leyfi L. Tangs eða umboðsmanns hans til að byggja á þessum stað, þar eð staðurinn sem beðið er um að byggja á liggur þjett upp að lóð Tang.

2 Þá var Sigríði Þórðardóttir leyft að byggja ofan á skúr sem er við norðurenda húss Jóns Þórðarsonar á Langabáli

3 Þá var Ingvari Vigfússyni leyft að ~~stækka~~ stækka smíðahús sitt um 3 x 4 álnir

4 Þá var Kristni Gunnarssyni leyft að byggja skúr við austurhlið íbúðarhúss síns 4 x 3 áln að stærð.

5 Þá var Magnúsi Benónýssyni leyft að byggja skúr 6 x 4 álnir við suðvesturhlið geymsluhúss Guðm. Guðmundssonar.

Skjalasafnið Ísafirði

6 Þá var Ólafi Halldórssyni leift
að byggja ofan á geymsluhús sitt sem er við
norðvesturhorn smiðuhús hans.

7 Þá var Skúla Thoroddsen leift að byggja
áframhald af geymsluskúr sínum 18×7 álna
að stærð.

8. Loks var Þorv. lækni Jónssyni leift
að byggja skúr við norðvestur hlið geymslu
hússins, 13 × 4½ al. að stærð.
Fleira var ekki fyrir tekið og var því
Fundi slitið

Árni Sveinsson    J. Jóakimsson
Ólafur Halldórsson    Björn Árnason

Ár 1901 þann 25. júlí hjelt byggingarnefnd
Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer á skrif-
stofu bæjarfógeta og voru allir mættir nema
Árni Sveinsson.

Var þá tekið fyrir:

1. Lögð fram beiðni frá Ólafi Magnússyni
þess efnis, að honum veittist leyfi til
að lengja geymsluskúr þann er hann
byggði í fyrra um c 8 álnir. Var honum
veitt leyfi til að lengja skúrinn til

Skjalasafnið Ísafirði

verslun um afl þráðinn 8 x 4 álnir.

2. Var Valdemar Haraldssyni mæld út lóð, útá~~ból~~ frá ~~við~~ lóð hans í Norður-tangarum (10 á lengd 4 [illegible]) til húsbygginga 10 x 22 álnir

3. Birni Guðmundssyni veitt leyfi til að byggja skúr austan við verslunarhús hans 12 x 4 álnir.

4. Guðlaugi Kristjánssyni mæld út lóð til húsbygginga fyrir innan hús Árna Þórðs Sigurðssonar 25 álnir til suðurs niður við götuna og 12½ alin á breidd frá götunni og að sjó.

5. Magnúsi Kristjánssyni, mældur út lóðarblettur 10 x 22 álnir, vestur af lóð hans.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið

Jón Þórðarson,
ritari.

J Jóakimsson
Björn Árnason
Ólafur Halldórsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1901, þann 21. april, átti byggingar-
nefndin fund með sér, og voru allir á fundi.
Var þá þannig þann

1 Birni Guðmundssyni Pálssyni leyft að byggja tvíloptað hús, 20 ál. langt og 16 álna breitt á suðvesturhorninu í Leonh.-Tangs túni, að fengnu leyfi ~~lóðareiganda~~. Á stefnu hússins á kveðið: úr horninu á búð Sigf. Bjarnasonar í efra hornið á Skúrarhúsi Tangsverzlunar. Húsið skyldi vera 5 álnir frá syðri lóðartakmörkum (Steingirðingunni) og svo þanni götunni að vestan, að dyratröppur geti komið að henni.

2, Því var, (að ~~með~~ eptir beiðni ~~fengnu~~ leyfi), lóðareiganda og í sjávarmerkt reglumarkaði Tangsverzlunar, sem tekið hefir á hendur byggingu barnaskóla frá kaupstaðnum, útvísað byggingarstaðt fyrir barnaskólann, 10 álnum frá utan húsi því, er nú veitti sub. 1. Lóðin á stærð 39 x 39 ál. Húsið 29 álna langt, í sömu stefnu og Björn Pálssonar hús, en 14 álna breitt. Á miðju vesturhlið hússins ½ alinnar framskot, er skyldi ná jafnlangt fram, og útskot á hornum á Björns Pálssonar húsi. Austur úr aðalhúsinu norðanvert og áfast við það, leikfimishús stæði 15 x 7¼ al ~~og~~ myndar eitt horn við

aðalhúsið. Út úr suðurhlið leiðir þriðja húsinu og ófært að það skuli fyrir salerni og eldiviðargeymslu að stærð 5 x 17 al. Byggingarnefndin fyrir 600 □ al. úr suðausturhorni skúrsins skal vera skíðgarður fært fyrir í beinni á aðalhúsinu, þannig að húsið og skíðgarðurinn myndi ein lokað svæði.

Fundi slitið.

Athugasemd. Vegna þess að bæjarfógeti var að fara af stað í ferð var einum af meðlimum byggingarnefndarinnar falið að bóka fundinn, sem og var gjört, en það hefir farizt fyrir að innfæra það í þessa bók áður fundurinn 25. júlí er haldinn. Byggingarnefndin hefir nú yfirfarið það, sem bókað hefir verið, og staðfestir það með undirskriftum sínum.

A. Hafstein   G. Jóhannsson
Ólafur Halldórsson   Björn Árnason

Ár 1901, þann 8. nóv. (1901), átti byggingarnefndin fund með sér, og voru allir á fundi nema Á. Sveinsson.

Fór þá þannig fram

1, Árna Gíslasyni var leyft að byggja geymsluhús 9 x 6 álnir niðurundan húsi hans, neðan götu

Skjalasafnið Ísafirði

með því skilyrði, að hann flytji þar
hús burtu aptur án skaðabóta og að öllu
kostnaðarlaust fyrir bæinn, ef götunni verður
breytt eða þar sáttafarir gjörðar af ~~b~~ byggingar-
nefndinni, að húsið komi í bága. Húsið ~~snu~~ má
snúa langs með götunni, eptir [illegible]linunni, og skal
þess gætt, að ekki verði minna en svo, að gatan
haldist 10 álna breið frá ~~lengst~~ [illegible] framskagandi hús-
inu. —

2. Þá var Sigurði Kristjánssyni úr sama
útmælt af lóð þeirri, sem Sigvaldi Árnason
fékk útmælda 11. maí 1898, en hefur afsalað sér,
35 álna langt svæði upp með sjónum, gegn
því að hann byggi bolverk, er nái jafnlangt
fram eins og bolverk [illegible] ~~Skaðsins~~ [illegible]. S. Thord.
sem var úthlutuð í sama S. ~~Kristt~~ Kristjánssyni, og
undirgekkst hann að byggja jafnsnemma bolverk í
því 12 álna svæði sem hann fékk útmælt 11. maí
1898. Lóð Sigurðar verður þá 35 x 29 álnir.
Á þessari lóð var honum leyft að byggja
hús 16 x 12 álnir, er sé að minnsta kosti 2 ál.
frá götunni, og má ekki byggja á leyfi grunni
fyr en byggingarnefndinni er gjört aðvart, svo að hún

geti séð um eptirlit með því. –

3. Þá var Birni Pálssyni leyft að byggja við gamla húsinu sínu 2 skúra 2x5 og 2x6 álna, og setja þar uppi í portinu að gjöra húsið. –

4. Þá var lögð fram beiðni frá Guðjóni L. Jónssyni um leyfi til að byggja íveruhús 6x8 álna á lóð þeirri, sem Guðm. Guðmundsson frá Sæbóli hefir útmælt norðan við íbúðarhús Leós Eyjólfssonar (Heleifs-hús) – Byggingarnefnd taldi á þessum stað hentugt stæði fyrir stórt íbúðarhús, og synjaði því um hið umbeðna leyfi. –

5. Þá var framlögð beiðni frá Helgu Daníelsdóttur um útmæling til húsbyggingar norðan götunni fyrir utan túnspildu í þeirri búð. Byggingarnefndin álítur ekkert byggingarsvæði á þeim stað, og synjaði leyfisins.

6. Þá var Arna Sigurðssyni leyft að byggja kofa 4x4 al. utanvert að húseign sinni á Gildrunesi.

Skjalasafnið Ísafirði

7. Beiðni frá Sölvan Guðmundsyni um útmælingu undir bátbraut getur ekki orðið til greina tekin að svo stöddu (Uppl. á staðn.)

Fundi slitið.

Ól. Ólafsson ... [illegible]

Björn Árnason · Ólafur Halldórsson

Ár 1902, þann 26. maí, átti byggingarnefnd Ísafjarðar kaupstaðar fund með sér, og voru allir á fundi nema Árni Sveinsson.

Fór þá þannig fram.

I Eftir beiðni Sigurðar Kristjánssonar ákvað nefndin hvernig setja skyldi hús hans. —

II Þá var Leo Eyjólfssyni leyft að byggja á lóð sinni skúr, 7 álna langa og 6 álna breiða, þannig að sú verði framhald af þeirri skúr, sem er áföst við húsið.

III Þá var Kristni Gunnarssyni leyft að byggja geymsluhús 6x9 álna fyrir neðan bakkann, niður af húsi Arna Árnasonar, með því skilyrði, að hann

flytji hirð, honum að kostnaðarlausu, eptir ákvörðun byggingarnefndar ef það ~~kom~~ síðar kemur í ljós að útgjört í lóðarkaupum.

Fleiri var ekki fleira fyrir tekið

Fundi ~~slitið~~

H. Hafstein.

Með því að jeg ekki sökum embættisferðalags kemst til að halda byggingarnefndarfund þessa dagana, fel jeg hjer með hr. bæjarfulltrúa Arna Sveinssyni að kalla fund saman og stýra honum í umboði mínu. ~~Af~~ 12. bréf ~~sendast honum.~~

30/6 02 H. Hafstein.

Ár 1902 þriðjudaginn hinn 1 júlí var haldinn byggingarnefndarfundur á Ísafirði og þar teknar ~~fyrir~~ eptir fylgjandi ákvarðanir:

I Synjað beiðni Helgu Danielsdóttur um að byggja skúr útaf húsi Edvarðar Ásmundssonar

II Synjað beiðni Kr. Jóhannssonar þar sem svo sýnist sem um útmælinguna sje beðið aðeins til ræktunar en ekki til að byggja á

III Bjarna H. Kristjánssyni leyft að byggja við norðurenda húss síns, skúr 10×5 álnir að stærð.

Skjalasafnið Ísafirði

IV Magnúsi Kristjánssyni leyft að lengja hús sitt suður eptir 12 álnir á lengd og 9 álnir á breidd þannig að viðbótin gjöri jöfnu með þeirri hlið hússins sem fram að götunni snýr.

V Frestað beiðni Bjarnar Árnasonar lögregluþjóns og Eðvarðar Ásmundssonar sem báðir biðja um sama stykkið útmælt til byggingar

VI Beiðni Jósefs Sveinssonar gjörir byggingarnefndin sjer ekki fært að taka til greina þar sem hið umrædda stikki ekke er niðri í bænum og verður því að koma til álykta bæjarstjórnarinnar hvort slík útmæling geti átt sjer stað.

VII. Jóhanni Þorkelssyni leyft að byggja ofan á hús sitt.

VIII Beiðni Jóns Árnasonar synjað, þareð Árni kaupm. Sveinsson kveðst eiga lóð þá sem beðið er um.

IX Birni Jónssyni leyft að byggja hús á grunni þeim þar sem áður stóð hús Bjarnar Pálssonar (Herkastalinn) og sem Björn Jónsson kveðst nýlega hafa keypt.

Skjalasafnið Ísafirði

X Bjarnleifi Jónssyni leift að byggja á svæðinu milli húss Bjarna Vigfússonar járnsmiðs, þó því aðeins að hús það er hann byggir sje 11 álna langt og 9 til 10 álnir á breidd. Honum var og útmælt stykki til að byggja hús þetta á 16 álnir meðfram (torg) götunni og 21½ alin á breidd. Húsið skal standa í rjettri línu við ~~hús~~ hús Bjarna Vigfússonar, götumegin.

XI Jóni Sn. Árnasyni útmæld lóð austur af ~~Lóð~~ Skúla úrsmiðs Eyríkssonar, ~~f~~ sem er frá þvergötunni og langs með torggötunni 17 álnir á lengd en á ~~f~~breidd í norður endann 20 álnir en að sunnanverðu 18½ al. Á lóð þessari er honum leift að byggja hús 12×10 álnir sem standi fjett uppað bæði torggötunni og þvergötunni.

Fleira var ekki fyrir tekið.

Fundi slitið

Árni Sveinsson
J. Jóh. Tr. ...
Björn Árnason
Olafur Halldórsson

Með því að jeg sökum ferðalags (til Arnarfjarðar til rannsókna) kemst ekki til að halda byggingarnefndarfund þenna eða næsta dag, fel jeg hr. bæjarfulltrúa Árna Sveinssyni að kalla saman ~~bæjarst~~ byggingarnefndina og stýra fundi um þær kunnar útmælingarbeiðnir.

Ísafirði 10/8 1902

H. Hafstein

200.

Ár 1902 þriðjudaginn hinn 12. ágúst átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sjer og voru þá teknar þessar ályktanir

I Guðm. H. Halldórssyni leyft að setja skúr við suðurhlið húss síns, jafnt við vestari gafl þess.

II Magnúsi Kristjánssyni leyft að setja við austurhlið hins nýbyggða húss síns skúr 4½ x 3 álnir að stærð.

III Consul H. S. Bjarnason leyft að breikka pakkhús sitt ~~á~~ á Norðurtanganum, vestur á við, um 5½ alin, þó þannig

ad hann fái til þess leifi næsta lóðar eiganda; (Magnúsar Kristjánssonar.)
IV Kristbjörn Guðmundsdóttir leifðað leingja hús sitt norður á við, um 6 álnir í efra hornið en 4 3/4 al í neðra hornið.
V Magnúsi Jónssyni skóarnið útmælt lóð norðan af lóð P. M. Bjarnarsonar; 22 álnir með fram götunni og 17 álnir á breidd og honum leift að byggja þar á hús 12 x 10 sem standi í línu með framhlið húss Pjeturs M. Bjarnarsonar.
VI. Davíð Sch. Thorsteinsson leift að lengja hinn gamla barnaskóla um 8 álnir norður á við, að fengnu leifi L. Tangs sem er næsti lóðar eigandi, sem og að byggja skúr fyrir austan húsið ~~sem~~ 12 x 7 álnir, sem sje í línu með útúr byggingunni að sunnanverðu og með porti F. Thordsens að austan. Þessi leifi eru bundin því skilyrði að Davíð verði ~~orðinn~~ eigandi hins gamla barnaskóla áður en byrjað sje á byggingunni.
VII Kristjáni H. Jónssyni prentara mæld

út lóð suður af lóð Bjarn. Árnasonar

smiðs. 38 álnir meðfram götunni og 14½ alin

í suðurendann en 18½ alin í norðurendan

og honum leyft að byggja þarna 2 hús

annað 12×12 og hitt 10×9 og skulu ~~það~~ ~~minni~~

bæði húsin standa fyrir ofan Torggötunni

og annað hvort þeirra á suður takmörkum

lóðarinnar.

VIII Beiðni Eyjólfs Bjarnasonar um að fá

leyfi til að lengja hús sitt norður að

skóla götunni var frestað að svara.

IX Beiðni Björns ljósmyndara Pálssonar

fyrir hönd Guðm. Þorbjörnssonar um

leyfi til að fá útmælda lóð á hinu svo

nefnda Torgi, var ekki hægt að taka til

greina, þareð annar hafði áður beðið

um þá sömu lóð

Fleira var ekki fyrir tekið og var

svo Fundi slitið

~~Árni~~ Árnason [signature] Björn Árnason

Ólafur Halldórsson

Árið 1902, 19. dag Ágústmánaðar átti
byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar
fund með sér. Voru mættir þeir Björn
Árnason, Ólafur Halldórsson, Jóakim Jóa-
kimsson, og í stað oddvitans H. Hafstein,
~~Cand.~~ jur. er var á ferð til Reykjavíkur,
Cand. Grímur Jónsson samkv. umboði
frá amtmanninum í Vesturamtinu

1. Var þá tekið fyrir að ræða um beiðni
Eyjólfs Bjarnasonar bókbindara á Ísafirði;
er frestað var á síðasta fundi.

Byggingarnefndin leyfir Eyjólfi að lengja
bæ húsið sitt, sem eru alls 13 ál. á breidd, þannig,
að viðbótin verði 2 etasjer með einu risi;
húsið lengjast út að götunni, austurhliðin
(sundamegin) sem 4 ál., en vesturhliðin
um 3 ál. 15 þumlunga.

2. Þá kom fram munnleg beiðni frá Consul
S. H. Bjarnarsyni um að lengja húsið sitt
út að götunni. Honum var leyft að lengja
húsið sitt út að götunni, þannig að það
verði í beinni línu við ~~sem~~ gaflinn á
húsi Eyjólfs Bjarnasonar, þegar búið er að
framlengja það hús, og verður viðbótin

Skjalasafnið Ísafirði

að lengd 2 ál. 22 puml. að austan (sandmegin), en 2 ál. 3 puml. að vestan.

Fleira var ekki fyrir tekið og var því fundi slitið.

Grímur Jónsson J. Jóakimsson
Ólafur Halldórsson Björn Árnason

Ár 1902, þann 25. dag nóvembermánaðar, átti byggingarnefnd Ísfj.k. fund með sér, og voru allir á fundi. (nema Árni ~~Sveinsson~~).

Fór því fram þannig

1, Sophus Nielsen var leyft að byggja skúr við útihús-hlið, að stærð 3 + 4 álnir.

2, Grími Jónssyni leyft að byggja skúr að húsbaki 3 + 3 álnir.

3, H. Hafstein leyft að byggja ~~svín~~ skúr við þak hlið 2 + 4 álnir.

4. Sig. Kristjánssyni leyft að byggja skúr, við gaflendir á húsi sínu, 3 + 2½ ál.

Skjalasafnið Ísafirði

5. Guðmundi snikkara Þorbjarnarsyni var útmæld lóð á Eyrartúni, milli lóðar Goodtemplarahússins og götu þeirrar, sem ákveðið er að liggi yfir tangann fyrir neðan lóð Pjeturs Bjarnasonar. Gatan á að vera 10 álnir á breidd og breidd lóðarinnar verður þá 17½ alin. Lengd lóðarinnar telst frá línu meðfram pollgötunni, dreginni milli stekkishorna H. Hesplein og P. Bjarnasonar, og er 3?½ alin, eða jafnlangt út og norðurgafl Goodtemplarahússins (samhalt eptir No 8)

6. Þá var Sigurði Kristjánssyni úrsmið útvísuð viðbót við lóð hans ~~neðan~~ götu, spildu upp með götunni jafnlangt fram eins og lóðbekk hans og að breidd 12 álnir að meðaltali, (breiðari að ofan, en mjórri fram). Lóðin er útvísuð til lóðverks og húsbyggingar á því, en Breikkunar um stærð hússins er enn ekki komin skýrsla. Stærð ~~lóðar~~ viðlótarinnar ~~nnar~~ verður því alls 12 × 29 ál. = 348 □ al

7. Kristjáni J. Jóhannssyni leyfst að byggja hús 12 álna langt og 10 álna breitt milli ~~stíg~~ nýja vegarins og Krókslæks, þannig að húsið standi neðan við hugsaða framlenging af Túngöturinum og samhliða henni eptir þeirri stefnu. ~~Húsið standa á lóðar þríhyrnu~~. Til hússins var honum útmæld lóðarspilda niður með veginum, milli hans og Krókslækjar, og er hún að ofan 19½ alin að lengd meðfram veginum 48 ál, og meðfram læknum 38 álnir, að neðan 9 álnir = c. 586 □ ál.

8. Þá var Sigurjóni Hanssyni útvísuð lóðin milli

Skjalasafnið Ísafirði

Jóhanni Stefánssonar húsi og húss Jóns læknis Þorvaldssonar; 23 álnir á breidd og 30. ál á lengd og honum leyft að byggja þar á íbúðarhús, að stærð 16 × 12 álnir, tvíloptað. er snúi bláðinu í stefnu að Jóh. Stefánssonar og Jóni Þorvaldssonar.

5 Framhald (Guðm. Þorbjarnarson) Á þessari lóð var honum leyft að byggja íbúðarhús, 10 × 16 álnir, og á suðurgaflinum að vera í stefnu við gaflinn á Goodtemplarhúsinu og norðurhlið húss frá efra. Vestur-hliðin þarf að vera að minnsta kosti 2 álnir frá hinni fyrirhuguðu götu, ca. 12 al. frá lóð P. Bjarnason

9. Byggingarnefndin varð þess eptirtekt, að Jóhann Stefánsson hefur girt 22½ al breiðan gildan í stað 20 álna breiðan spildu, er honum var útmæld. Byggingarnefndin samþykkti, að Jóhann fái að hafa þessar 2½ al. spildu í viðbót við lóðina fyrst um sinn, gegn venjulegu lóðargjaldi, en ef beðið er um húsplátz fyrir breiðan hús er 12 álna nær þar við, er áskilið að hann sleppi spildunni aptur endurgjaldslaust, og færi girðinguna inn um 2½ alin. —

10. Þá var framlagt erindi frá Edvard Ásmundsyni dyr.

Skjalasafnið Ísafirði

1. júlí þ. á. útvísaðri spildu fyrir neðan lóð hans, og bréf dags. (~~27. þ. m.~~) í dag, þar sem Guðmundur Guðmundsson bátasmiður biður um að sér verði útmæld 14 x 18 al. svæði af hinu sama, sem þessu sam- hliða og Eðvald biður um, ~~Um þessa á komandi~~

Byggingarnefndin athugaði staðinn nákvæmlega, og fann að eptir [heimildarbréfi] ~~mati~~ 28. febr. 1887 til [Clausens] Leonh. Tangs- verzlunar samkvæmt mælingargj. 20. júlí 1886 [hinni ókeypis spildu] er svæði á því sem nú hið Guðm. Guðmundsson á sækir Leonh. Tangs hægt að útvísa hið 5 fleti, án þess að það komi nær lóð Leonh. Tangsverzlunar en svo, að 5 álna fjarlægð verði frá takmörkum, og sér ~~sé~~ byggingarnefndin sér því að sér stöðu ekki fært að útvísa þar neitt byggingar- svæði, nema samið sé við Leonh. Tangsverzlun.

11. Þá var Guðmundi Guðmundssyni [bátasmið] leyft að byggja [við lóð sinni] ~~neðan~~ götu gegnum hús, 9 x 6 álna, og á þeirri sem snýr að götunni, að vera í línu við ~~hús~~ hjall Árna Gíslasonar, og gaflinum ~~...~~ sé í beinni línu við efri ~~...~~ hlið smiðaskúrsins. — Um þessar var honum leyft að breikka smiðaskúr ~~sitt~~ fram að götunni um 1 alin.

Frekara ekki fyrir tekið. Fundi slitið

H. Hafstein   Árni Sveinsson   Björn Árnason
J. Jóachimsson   Ólafur Halldórsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1903 þann 28 ~~janú~~ marz arman[?] átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér, og voru allir á fundi nema Árni Sveinsson, sem er utanlands.
Fór þá þannig fram.

1. Þar var lagt bréf frá Jens Nyborg Egilssyni, þar sem hann biður um lóð sýnu[?] í tanganum milli lóða þeirra, sem Magnúsi Jónssyni var útmæld 12. ágúst f. á. og Steinbethu Kristjönu Guðmundsdóttur, undir hús að stærð 10 x 14 ál.
Honum var útmæld lóð 24 ál. á lengd og 17 ál. á breidd, meðfram Kirkjugarðsstígnum, og leyft að byggja þar hið umbeðna hús; í línu við hús ~~P. Br.~~ Kristjáns H. Jónssonar (fyr Péturs Bjarnasonar

2. Magnúsi Jónssyni voru útmældar næst þar fyrir sunnan 8 álnir í viðbót við lóð þá, sem hann fékk útmælda 12. ágúst f. á., og er lóð hans þannig að stærð 30 x 17 álnir. Húsið var honum leyft að hafa 20 álna langt, og verður þá byggð lóð hans 200 □ ál.

3. Guðmundi Þorbjarnarsyni var útmæld næst fyrir utan lóð þá, sem hann fékk útmælda 25. nóv. f. á. önnur lóð, 39 álnir til norðurs, breidd 17½ alin. Á þessari nýju lóð var honum leyft að byggja hús 20 x 10 álna á

Skjalasafnið Ísafirði

línu við þann hús útt, og að norðan gafl einn í þessu línu nýju húsi 10 álna breiða skúr. –

4. Næst því utan ~~ko~~ nýnefnda lóð Guðm. Þorbjarnarsonar, fastan út á gerðingu J. Magnússonar, var Guðmundi Kr. Bjarnasyni útmæld lóð 30 álnir í lengd ~~breidd~~ til norðurs, en 18 álnir á breidd, og leyft að byggja þar hús, 16 álnir á lengd og 12 álnir á breidd.

5 Beiðni frá Magnúsi Hrólfssyni um ókeypis útmælingu á Eyrartúni frá [illegible] hús [illegible] Eggertsdóttur sá sér ekki byggingarnefndin að taka til greina, með því að Túnið er á fastri leigu, til margra ára og ~~(auk þess)~~ engin heimild frá bæjarstjórninni til að mæla þar út lóðir til byggingar.

6. Beiðni frá Birni Árnasyni um útmælingu til byggingar á Túnið Leonh. Tangs, að áskildu samþykki lóðareiganda, var frestað, þar til er nánara verður samið við lóðareigandann um það, hvernig götum verði fyrirkomið, er hann hefur í hyggju að selja lóðir, á ~~[illegible]~~ túninu, og ennfremur fengin um, hvort hann hugsar sér að heimta endurgjald fyrir pláss undir nauðsynlegar götur að lóðum þeim, er hann selur til húsabygginga.

Byggingarnefndin gjörir sér ekki ljóst, að ~~samþykki~~ ~~[illegible]~~ [illegible] –

Skjalasafnið Ísafirði

ákveði neina götu yfir svæði, sem ekki telst

~~stjórnar~~, ~~Þó~~ (~~taka~~ ~~honum~~ ~~neinn~~ ~~kostnað~~ ~~við~~ að
eign kaupstaðarins
~~Kaupa~~ ~~lóð~~ ~~undir~~ ~~götu~~ ~~í~~ ~~svæði~~ ~~því~~),

7. Jakob Jakobssyni Richter var útmæld lóð milli húss Sveins Jenssonar (fyrir Bj. Pálssonar) og Árnadals-hússins, 29 x 23 álnir, og var leyft að byggja þar hús 12 x 9 álnir, er skyldi snúa 10 álnir frá norðurhúsi Sveins Jenssonar og vera í línu við það og Árnadals-húsinu að vestan.

8. Árna Árnasyni Símonarsonar leyft að byggja á lóð sinni, 10 álnir frá norðan núverandi íbúðarhús sitt, annað hús, í línu við það, 13 álna á lengd og 11 álna breitt; húsið verður að vera 10 álnir sunnan af húsi þeirra Jóns Ebenesarsonar og Hallsteins Guðfinnssonar.

Þá var ekki fleira fyrir tekið.
Fundi slitið/ Samþykktur

H. Hafstein. Björn Árnason Árni Sveinsson 13/5-1903
J. Joakimsson Ólafur Halldórsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1903, þann 13. dag maímánaðar, átti byggingarnefndin fund með sjer, og voru allir á fundi nema Bjarni Kristjánsson.

Var þá tekið fyrir

1, Guðmundi Guðmundssyni frá Sælóli leyft að byggja á lóð sinni hús 12 álna langt og 10 álna breitt með skúr við norðurendann 10 x 5 álna. Efri hliðin á húsinu á að vera í línu við efri hlið á húsi Leós Eyjólfssonar, suðurgaflinn 10 álnir norðan frá því húsi

2. Út af beiðni frá Sigurði Guðmundssyni um leyfi til að setja kolakassa, 3 x 3 álna við hliðveggina í gamla sprautuhúsinu, fangahúsveginum, og hafa það í honum, ljet byggingarnefndin í ljósi, að hún gæti, vegna þess hve stutt er milli húsa, enga bygging leyft á hinum tilgreinda stað, en hinsvegar hefði hún fyrir sitt leyti ekkert móti því, að beiðandi ljeti slíkan kassa, sem hann nefnir, vera þar fyrst um sinn, þannig að hann taki hann burtu hvenær sem krafizt er.

3. Erindi frá Eðvarð Ásmundssyni, Árna Gíslasyni, Sig. Guðmundssyni og Ól. Halldórssyni, var dags.

Skjalasafnið Ísafirði

11. þ. m., þar sem beðið er um götu, þvert yfir tangann, ofan við hús Edvards Ásmundssonar, var eigi tekið til úrskurðar bæjarstjórnarinnar, og áleit byggingarnefndin, að nauðsyn væri á 6 álna breiðri götu á hinum tiltekna stað. Einn af eigendum lóðarinnar, sem getur munnlega gegnum, [illegible] Ól. Halldórsson byggingarnefndarmaður, bauðst til að láta lóð af hendi fyrir 25 aura pr. □ al.

4. Beiðni frá Sig. Jónssyni student um leyfi til húsbyggingar á lóðarblettinum fyrir norðan gegnumgluggahús Veðholms synjað, af því millibilið milli húseignanna er þar aðeins 21/2 alin, svo að byggingin hefði lögum samkvæmt ekki mátt vera nema 11/2 alin á breidd.

5. Því var Gísla Fr. Jónssyni trésmið, að áskildu leyfi lóðareiganda, leyft að byggja hús, 9 x 11 álnir í horninu á Lenh. Tangatúns vestur af húsi Jóns Brynjólfssonar, með því skilyrði, að lóðareigandi eða húseigandi sjái fyrir nægilegu svæði til aðgangs að kostnaðarlausu fyrir bæjarsjóð að húsinu. Framhlið hússins snúi upp eftir, bakhlið að Jóns Brynjólfssonar húsi. Húsið sé sett paralellt húsi Jóns Brynjólfssonar, þannig að efri hlið þess sé 17 álnir fyrir vestan útnorðan lóðartakmark Jóns, og suðurgaflinn 6 álnir frá girðing Bjarna þorvarðssonar húss.

6. Þá var Jóhannesi kaupmanni Péturssyni leyft að byggja geymsluhús 25×11 álnir, niður til á lóð sinni (Seitslóð) þannig að norðurhliðin standi fast út að lóðartakmörkum, að fengnu leyfi næsta lóðareiganda, S. J. Nielsens, sem hefur selt beiðanda ræmu af lóð sinni neðst, uppeptir. Húsið á að vera að minnsta kosti 10 álnir frá horninu á Kristjánshúsi og má ekki vera nær hinu sama geymsluhúsi, er stendur þar utar af, en 10 álnum nærri.

7. Þá var Guðjóni Jens Jónssyni leyft að lengja hús sitt suður á við um 14×12 álnir, og að byggja við norðurendann á húsinu skúr 4×7 álnir.

X 8. Þá var Valdemar Haraldssyni leyft að byggja á lóð þeirri, sem hann fékk 25. júlí 1901 tvíloftað hús 15×10 álnir, er standi 10 álnir frá sunnan næsta hús eða 5 álnir frá nyrðri lóðartakmörkum hans. Húsið á að vera í sömu stefnu og hið fyrra hús hans og næsta hús fyrir utan, en framhliðin má ná 2 álnum nær götunni en framhlið næsta húss. Við afturhliðina má setja útbygging 2 álnar.

9. Þá var Helga Sveinssyni leyft að setja [illegible]

Skjalasafnið Ísafirði

vestanvert húsið sínu skúr 3 x 3½ al., í stað skúrs þess, er nú er þar.

Þetta var ekki fleira tekið
Fundi slitið

H. Hafstein     Jóakimsson
Ólafur Halldórsson     Árni Sveinsson

Ár 1903, þann 20. maí, átti byggingarnefndin fund með sjer og voru allir á fundi.
Var þá þetta gjört:

1, Bakaranum leyft að lengja fiskskúr sinn til suðurs um 6 x 5 álnir

2, Árna Árnasyni leyft, að hafa hús það, sem um ræðir í fundi 28. marz þ.á. No 8, 10 álna breitt í stað 11 álna.

3, Þá var Magnúsi Jochumssyni leyft að setja grunn 5¾ x 3 álna, við suðausturhlið húss síns, sunnan að skúrnum, að áskildu leyfi lóðareiganda

4. Byggingarnefndin athugaði, að grunnur, sem byggður hefir verið undir geymsluhús Joh. Pjeturssonar, er leyft

var á síðasta fundi, er of nærri húsinu á [skúr að] vanda gegnum húsið, sem þar er frá vestri. Joh. Péturssyni var sagt, að þetta mætti ekki byggjast þannig, heldur gott að taka með af húsinu, ef hann ekki geti fengið eiganda vanda gegnum hússins til að rífa skúrinn út af honum, þannig að millibilið gæti ekki minna en 10 álnir.

5. Þá var Guðmundi Sveini Björnssyni og Eiríki Kristinssyni leyft að byggja 13×5 álna tvíloftaðan útskot við austurhlið húss þeirra, er þeir hafa keypt („Rómaborgar") og rífa þeir þá kofa þá, sem nú standa milli húsanna og garð…

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

H. Hafstein   B. H. Kristjánsson

Arni Sveinsson   Joakimsson

Olafur Halldórsson

Ár 1903, 8. dag Júnímánaðar, átti byggingarnefndin fund með sér. Mættir voru þeir

Jóakim Jóakimsson og Ólafur Halldórsson og í stað bæjarfógeta H. Hafstein, sem var fjarverandi, Cand. Grímur Jónsson samkvæmt skipunarbréfi amtsins.

Þeir kaupmaður Árni Sveinsson og Bjarni Kristjánsson voru fjærverandi.

I Lagt var fram bréf, dags. 30. Maí þ.á., frá skipstjóra Magnúsi Örnólfssyni, er beiðist þess, að mega byggja hús 12 ál. langt og 10 ál. breitt á lóð þeirri, er Kristjáni H. Jónssyni prentara var mæld út 12. Ágúst f.á., en sem Magnús Örnólfsson nú er orðinn eigandi að.

Byggingarnefndin leyfði Magnúsi Örnólfssyni að byggja hús 9½ al. að breidd, frá torggötunni í stefnu yfir að stakitti kaupmanns S. J. Nielsens, en 12 ál. að lengd meðfram torggötunni. Húsið standi ½ alin fyrir utan eða norðan Gjóskersstólpann, sem stendur þar við torggötuna. Jafnframt áskildi byggingarnefndin samkvæmt því er ákveðið var á fundinum 12. Ágúst f.á., að eigi mætti nota það af lóðinni, sem eptir er, til annars en hússtæðis.

Fleira var ekki fyrirtekið og því fundi slitið

Grímur Jónsson
settur

Ólafur Halldórsson J. Jóakimsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1903, 6. dag júlímánaðar kl. 4 e. h., átti að halda fund í byggingarnefndinni, með því margar beiðnir (alls 9) ~~lágu~~ um útmælingu undir hús og skúr lágu fyrir. Fundur þessi hafði verið boðaður ~~áður~~ daginn áður með því að ~~senda~~ láta fundarboð ganga milli allra meðlima byggingarnefndarinnar, og var þar jafnframt tekið fram, hver mál yrði tekin fyrir. — Auk oddvita mætti aðeins Jóakim Jóakimsson, jafnvel þótt beðið væri til kl. 4½ e. h. Gat því ekkert orðið af fundi.

Grímur Jónsson      J Jóakimsson
settur

Ár 1903, 21. dag júlímán. kl. 4–7 e. h., átti byggingarnefndin fund með sér. Mættir voru allir nema skipstjóri Bjarni Kristjánsson.

Fór þannig fram:

× 1. Beiðni frá snikkara Jóni Þ. Ólafssyni um að mega byggja hús 9 × 14 ál. að stærð á hól þeim, í suðurhorni Eyrartúns, þar sem bænhús eyri stóð áður, var synjað.

2. Beiðni frá Guðm. Guðmundssyni frá Bæbóli um að fá útmælda 2 ál. viðbót við húsgrunn sinn útað götunni norðanverð, svo að húsið verði alls 14 álnir að lengd (í stað 12) og 2 ál. viðbót að götunni undir skúrinn, var veitt.

× 3, Jóni Guðmundssyni smið Skora var leyft að byggja skúr norðan við íveruhús sitt á breidd sem íveruhúsið, og á lengd tæpar 3½ ál. ~~svo sem~~ eins og stakkittið vísar til.

× 4, Helgu Magnúsdóttur yfirsetukonu var leyft að byggja skúr 3×3½ ál. að stærð, og sé hann byggður þétt við stakkit Árna Sveinssonar jafnnærri götunni sem nefnt Stakkitt er. En leyfi verður hún að fá frá Árna kaupmanni Sveinssyni til þess að byggja skúr þennan svona þétt upp við lóð hans.

× 5. Helgu Daníelsdóttur var leyft að byggja hús 8×12 ál. að stærð með háu porti og nokkuð flötu þaki. Austurgafl hússins standi í línu við austurhlið apotheks Þorv. Jónssonar læknis, en suðurhliðin (12 ál. að lengd) sé í línu, sem dregin er úr geymsluhúsi Gríms Jónssonar í Geymsluhús Árna Gíslasonar

6. Sigurði Kristjánssyni úrsmið leyft að byggja á bolverki sínu pakkhús 6×9 ál. að stærð í áframhaldi af skúr þeim, sem er áfastur við hús hans, jafnhátt þakskeggi hússins.

× 7. Jóhannesi Péturssyni kaupmanni leyft að byggja á lóð sinni skúr, 15×7½ ál. að stærð.

× 8. Beiðni frá Jóni Tómassyni í Ísafirði um að byggja

Skjalasafnið Ísafirði

litlum kúskofa á lóð sinni var ~~synjað~~ frestað vegna
þess að eigi var tiltekið af beiðanda, hve stór byggingin ætti að
vera

×9. Birni Árnasyni lögregluþjóni var leyft að byggja
hús á Tangolóðinni, að áskildu leyfi og samþykki
lóðareigandans Leonh. Tangs í Kaupmannahöfn
eða fulltrúa hans hér á staðnum. Húsið sé
16 ál. að lengd frá suðri til norðurs og 11 ál. að breidd
frá vestri til austurs. Suðurgafl þess sé í línu
við suðurgafl barnaskólabyggingarinnar, en
austurhlið þess sé 3 álnum fyrir innan beina
línu, sem er dregin langs með austurhliðum þeirra ~~skúrum~~ Davíðs
læknis Schevings og Finns Thordarsens. Honum
er og leyft að byggja 2 skúra við vesturhlið
hússins, hvorn 3 × 4 ál. að stærð. Byggingarnefndin
lýsir því yfir, að beiðandinn verður sjálfur að
annast um gangstíg að húsinu.

×10. Guðmundi Gestssyni í Arnardal var synjað
um að byggja hús fyrir norðan Eyrartúnsgarðinn;
aptur á móti var honum leyft að byggja hús
8 × 9 ál. að stærð fyrir utan krók, og var ~~hann~~ honum í því skyni
mælt þar út lóðarstykki 25 ál. að lengd og 12 ál.
að breidd. Takmörk lóðarinnar að innanverðu
er lækurinn fyrir utan Erlendar húsið og svo 25 ál.

Skjalasafnið Ísafirði

útleptir með fram veginum, að ofanverðu takmarkast lóðin af götunni, en að neðanverðu af fjörunni eða grasbakkanum 12 ál. frá götunni Húsið stand 1 alin frá götunni.

x 11. Þá var Norðmanninum Peder Godø mæld út lóð, 18 ál. á lengd og 12 ál. á ~~lengd~~ breidd, á Eyrarhlíð, að minnsta kosti ~~7~~5 álnir fyrir utan bæ Jens Olafssonar á Gilsnesi. Þar var honum leyft að byggja bráðabirgða hús, ~~á~~ 8 ál. að lengd með fram götunni og 4 ál. á breidd, og verður húsið að standa að minnsta kosti 3 ál. ~~frá~~ fyrir ofan veginn~~n~~.

x 12. Magnúsi Kristjánssyni var ~~s~~ mæld út viðbót við lóð hans að norðanverðu, þannig að staurinn það, sem væntanlega verður sett ~~s~~ norðanvert við lóðina, verði í beinni línu við túngarðinn norðanvert við Tangatúnið.

13. Árna Sveinssyni kaupmanni var leyft að byggja á lóð sinni reykingarhús 4 x 6 ál. að stærð.

Fleira var ekki fyrirtekið og því fundi slitið.

Grímur Jónsson
sc. ... 

Árni Sveinsson

Þ. Jóakimsson   Ólafur Halldórsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1903, 22. dag Ágústmánaðar, átti bygginganefndin fund með sér. Mættir voru allir nema Bjarni skipstjóri Kristjánsson. Þá fór þannig fram.

1. Beiðni frá Guðm. Gestssyni í Ánnardal um að fá útmælda til ræktunar lóð þá, sem er beint fyrir ofan götuna uppaf þeirri lóð, sem honum var mæld út á fundi 21. Júlí þ.á., var vísað til úrskurðar bæjarstjórnarinnar.

× 2. Þá var Þorláki smiðtara Magnússyni leyft að byggja hús 14 al. að lengd og 10 al. að breidd suður af íbúðarhúsi hans og áfast við það.

× 3. Guðmundi bátasmið Guðmundssyni var leyft að byggja pakkhús ~~skúr~~ 13 al. ~~að~~ að lengd og 7 al. að breidd ~~þannig að efri gafl pakkh~~ fyrir neðan götuna við íbúðarhús hans, þannig að efri gafl pakkhússins sé í flugt við efri gaflinn á skúrnum við íbúðarhús hans, en hliðin sú, er að götunni veit, sé í beina línu við hliðina á pakkhúsi Árna Gíslasonar. Fyrri útmæling á þessu svæði er hérmeð felld úr gildi.

× 4. Þá var Friðberg járnsmið Stefánssyni útmæld lóð á L. Tangatúni með samþykki lóðareigandans eða hans umboðsmanns J. Laxdals, að stærð 37½ al. frá norði til

Skjalasafnið Ísafirði

sudurs og 24 ál. frá austri til vesturs.
Takmörk lóðarinnar eru þessi: að vestan-
verðu lína dregin parallelt með þorti Davíð
Schevings 14 álnir fyrir austan það; norðar
takmörk lóðarinnar lína dregin parallelt
með norðurgaflinum á húsi Björns Pálssonar
5 álnir fyrir norðan gaflinn eða í miðt
sundið á milli hans og suðurgafls barna-
skólans. Á þessari lóð var Friðbergi leyft
að byggja hús 10 ál. á breidd frá austri til
vesturs og 12 ál. á lengd frá norðri til suð-
urs, þannig að norðurgaflinn sé í beina
línu við norðurgaflinn á húsi Björns
Pálssonar, en vesturhliðin 2½ alin
frá lóðartakmörkum. Byggingarnefndin
lýsir því yfir, að beiðandinn verður sjálfur
að annast um gangstíg að húsinu.
5. Þá kom til umræðu beiðni frá verzlun Á. Ás-
geirssonar um að mega byggja hús 15 ál.
langt við norðurendann á pakkhúsinu
við sundið ~~og~~ jafnbreitt og það (o: 12 álnir).
Byggingarnefndin sá sér eigi fært vegna
þrengsla þar niðri frá að leyfa lengri við-
bót norðan við pakkhúsið en 12 álnir.

Skjalasafnið Ísafirði

Verzluninni er því leyft að byggja við norðurenda pakkhúss verzlunarinnar við sundið geymsluhús 12 ál. á lengd og 12 ál. á breidd;

Fleira var ekki fyrir tekið og var því fundi slitið.

Grímur Jónsson settur     Árni Sveinsson

Ólafur Halldórsson     J. Jóakimsson

210. fundur.

Ár 1903 þann 22. dag septembermánaðar átti byggingarnefndin fund með sér, og voru allir ~~Þeir~~ þá á fundi.

Fór þá þannig fram:

1. Fram var lögð beiðni frá Þorsteini Guðmundssyni dags. 24. ágúst, þar sem hann biður um útmæling undir hús milli skipakvíarinnar og geymsluhúss Á. Ásgeirssonarverzlunar við sundið. Með því að eigandi skipakvíarinnar á samkvæmt útmælingu 19. október 1866 alla lóðina strandlengju frá því 6 álnir fyrir utan ytri kvíarvegg. fyrir neðan strandgötu 91½ alin

rimið og frá báðum endum þessarar línu 57 1/2 álin beint fram í sjó, og hefir séða alls lóð þessi greitt lóðargjald af 4805 □ ál. lóðar, þá getur útmæling ekki orðið veitt um nefgang á hinum tilgreinda stað.

II. Þá var eptir framkominni beiðni frá Sigurði A. Kristjánssyni úrskurðað samþykkt, að bolverksbygging hans samkvæmt útlóðarútmælingu 25. nóvember 1902 verði hagað þannig, að ~~hann~~ lóðarviðbótin lengist 15 álnir meðfram götunni, en 9 álnir við sjóinn, eða 12 álna breið að meðaltali, (12×29 = 348)

III. Þá var Edvard Ásmundsyni leyft að byggja á lóð sinni viðbót við hús það er þar er í króknum hjá hinu svonefnda Fenomarkhúsi, 8 1/2 al. á lengd og 6 álnir á breidd = 51 □ al.

Þá var ekki fleira að gjöra

Fundi slitið

H. Hafstein ~~Arni~~ Sveinsson B. H. Kristjánsson

J. Jóakimsson Ólafur Halldórsson

Skjalasafnið Ísafirði

Árið 1903, föstudaginn 6. dag ~~Október~~ Novem.mán., átti byggingarnefndin ~~a~~ fund með sér. Í forföllum bæjarfógeta H. Hafstein, er var á ferð til útlanda, mætti ~~sem~~ elzti nefndarmaður samkvæmt skipun frá Amtinu, cand. Grímur Jónsson. Árni kaupmaður Sveinsson var fyrst fjærverandi, en kom svo seinna á fundinn.

Fór þá þannig fram:

1. Leó Eyjólfssyni var leyft að byggja Bíslag, 3 x 3 ál. að stærð, fram af fjósdyrum við austurendann á skúr hans.

× 2. Þá var Sigurði Hafliðasyni verzlunarmanni leyft að byggja íbúðarhús, 14 ál. á lengd og 12 ál. á breidd, á lóð þeirri, er hann hefir keypt af trésmið Birni Jónssyni, en lóð þessi var upphaflega (á fund. 1. Júlí 1902) mæld út Jóni Snorra Árnasyni. Í viðbót við lóð þessa hefir Sigurður Hafliðason ~~samkvæmt sölubréfi~~ fengið 4 álnir norðan af lóð Magnúsar Örnólfssonar samkvæmt yfirlýsingu frá Magnúsi, dags. 21. f.m. Húsið stendur meðfram götunni, ~~í línu með~~ þannig að framhliðin sé í línu við hús Magnúsar Örnólfssonar, en norðurendi hússins sé í flugt með norðurhliðinni á stakiti Skúla úrsmiðs. Norðurgafl hússins á því að standa meðfram þvergötunni norðanvert við hús Skúla.

Skjalasafnið Ísafirði

3. Þá var Birni Árnasyni gullsmið ávísuð lóð til húsastæðis í fjörunni fyrir neðan bátagötuna uppaf ~~húsi~~ lóð Sigurðar Kristjánssonar 26 álnir að ofan meðfram nefndri götu og 26 álnir að neðan ~~beina línu~~ í framhald af neðanverði lóð og bólverki Sigurðar Kristjánssonar. Á lóð þessari gjöri hann bólverk, er sé í nái jafnlangt í sjó fram og Bólverk Sigurðar Kristjánssonar. Á bólverkinu er honum leyft að byggja hús 16 ál. að lengd upp með götunni jafn ofarlega og íveruhús Sigurðar Kristjánssonar og 11 ál. á breidd. Að öðru leyti ákveði byggingarnefndin síðarmeir hvernig húsið verður sett.

Þá var ekki fleira að gjöra og því fundi slitið.

Grímur Jónsson

settur B. H. Kristjánsson

Árni Sveinsson Ól. Halldórsson J. Jóakimsson

Árið 1904, laugardaginn 6. Febrúarmán., átti byggingarnefnd Ísafjarðar fund með sér. Allir voru mættir.

Fór þá þannig fram:

1. Beiðni frá Jóni Þ. Ólafssyni snikkara um að fá útmælda lóð í fjörunni suður af húsi Guðmundar Þorbjörnssonar snikkara til að byggja þar á hús að stærð 16 x 9 álnir, var felld.

2. Þá var lögð fram beiðni frá Leó Eyjólfssyni um að fá útmælda lóð þá, sem er óútmæld frá pakkhúsi kaupstaðarins í fjörunni við bótina niður að lóð Björns Árnasonar, til að byggja þar á íbúðarhús, eigi minna en 14 x 10 álna.

Björn Árnason var mættur og bað um 2 ál. viðbót ~~við~~ að ofanverðu við lóð þá, er honum var útvísuð á síðasta fundi, þannig að lóð hans verði alls 28 álnir, og var það veitt.

Síðan var mæld byggingarnefndin Leó Eyjólfssyni út lóð ~~30 ál.~~ fyrir neðan bótargötuna, á framhald af lóð Björns Árnasonar, 30 ál. meðfram götunni og með sömu breidd og Björns lóð. Á þessari lóð gjöri hann bolverk og byggi þar á hús 14 x 10 ál. að stærð. Að öðru leyti ákveði byggingarnefndin nákvæmar, hvernig húsið verður sett.

3. Þá var lögð fram beiðni frá Pétri M. Bjarnarsyni dags. 22 þ.m. um að fá útmælda til verzlunarhúsabygginga lóð þá fyrir neðan bolverk Finns

Thordarsens, er Magnús Árnason átti áður, en nú er eign verzlunar Á. Ásgeirssonar á Ísafirði. En til vara biður hann um, að fá útmælda lóð þá, er þegar er búið að útvísa Leó Eyjólfssyni; og fengist sú lóð eigi, þá að fá útmældar á hinni Langt-Tanga 800 □ ál. og mega byggja á einhverri þessari lóð ~~þar~~ hús, 17×14 ál. að stærð.

~~Eftir~~ Uppástunga Jóakims Jóakimssonar um ~~var~~ að málinu yrði frestað, var ~~og var það~~ samþykkt. Síðan féll hann aptur frá uppástungu sinni um frestun málsins, og var þá borið undir atkvæði, hvort málið skyldi tekið fyrir aptur og var það fellt. En byggingarnefndin kom sér saman um að halda fund næstkomandi þriðjudag 9. þ.m. kl. 11 f.h. og útkljá þá málið.

×4. Beiðni Bjarna Vigfússonar um leyfi til að byggja á lóð sinni hús 14×12 ál., sem yrði að snúa gagnvart húsi hans var felld. Aptur á móti var honum ~~leyft að~~ gefinn kostur á að byggja hús í línu við íbúðarhús hans 11×10 ál. að stærð með gaflinum út að þvergötunni.

×5. Beiðni frá Einari Guðmundssyni um ~~leyfi til~~

Skjalasafnið Ísafirði

að fá útvísaða lóð undir hús, 10×12 álnir, fyrir nordan götuna eptir nordurjaðri bæjarins ofanvert og í línu við pakkhús eða hjall Árna Gíslasonar, var felld.

Sömuleiðis var felld sú beiðni sama að fá útvísaða lóð til samskonar byggingar lengra upp með sömu götu

6. Beiðni frá Sigurði Guðmundss. assistent, um að fá útmælda lóð 24×9 ál. að stærð á Kambinum, útaf lóð sinni nordan til við hjall Árna Gíslasonar og að byggja þar á hús 9×7 ál. að stærð, var felld.

7. Þá bar Árni Sveinsson fram fyrir nefndina þá beiðni sína að mega ~~byggja~~ fá útmælt stykki fram af lóð sinni pollmegin 38 ál. á lengd meðfram sjó og 20 ál. frá brautinni fram í sjó, til þess að byggja þar á bólverk og hús, er seinna verður ákveðin stærð á.

Byggingarnefndin ákvað að fresta málinu til sama tíma og málinu No 3.

~~8. Edvard Ásmundsson mætti fyrir nefndinni~~

~~og b~~ Þá var ekki fleira að gjöra og því fundi slitið

Grímur Jónsson sektur

B. H. Kristjánsson Árni Sveinsson J. Jóakimsson

Ólafur Halldórsson

Skjalasafnið Ísafirði

Árið 1904, þriðjudaginn 9. Februarm., átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér. Allir voru mættir.

Fór þá þannig fram:

1. Þá var tekin fyrir beiðni Péturs M. Bjarnarsonar, er frestað var á síðasta fund.

Eptir nokkrar umræður var gengið til atkvæða um þá beiðni hans að fá útmælda og leyfi til að byggja á lóð þeirri, er Magnúsi kaupmanni Árnasyni var útmæld fyrir nokkrum árum fyrir neðan bolverks Finns Thordarsens, og nú tekið eign verzlunar Á. Sigurðssonar, og var þeirri beiðni hans synjað með 3 atkvæðum gegn 2. Með því að veita honum hið umbeðna voru þeir Jóakim Jóakimsson og Olafur Halldórsson, en hinir á móti.

Beiðni sama um að fá útmælda lóðina milli lóðar Björns Árnasonar og fiskitúns Tangsens sjálffallin, með því að lóð þessi var á síðasta fund (6. þ. m.) mæld út Leó Eyjólfssyni samkvæmt beiðni hans í bréfi, dags. 23. Nóbr. f. á.

Beiðni sama um að fá útmælingu á Leonh. Tangs túni var einnig synjað með öllum atkvæðum, með því að nefndin áleit sér það eigi ~~mögulegt~~ heimilt, þar sem ekkert leyfi til þess liggur fyrir frá lóðareigandanum, Leonh. Tang í Kaupmannahöfn eða umboðsmanni hans hér á staðnum.

Skjalasafnið Ísafirði

2. Lagt var fram bréf frá Jóhannes Jenssyni, dags. 1 þ.m., þar sem hann beiðist þess, að sér verði útmæld til húsabygginga lóð sú, sem er, næst fyrir neðan bólverk það, sem Magnús sál. Árnason átti áður, en nú er eign ~~Magnúsar Á~~ verzlunar Á. Ásgeirssonar, og var þessari beiðni hans synjað með 3 atkvæðum, en enginn greiddi atkvæði með.

3 Þeirri beiðni Árna Sveinssonar, er frestað var á síðasta fundi, um að fá útmælda lóð fram af lóð hans þollmegin 38 álnir á lengd með fram sjó og 20 ál. frá brautinni fram í sjó, til þess að byggja þar á bólverk og hús, er seinna verður ákveðin staða á, var samþykkt með 4 atkvæðum.

4. Beiðni Ólafs Halldórssonar um að fá útmælda lóð fyrir neðan götu sunnan til við bólverk Á. Ásgeirssonar kaupmanns niðurundan lóð L. A. Snorrasonar kaupmanns, til að byggja þar á hús 14 x 10 ál., var frestað fyrst um sinn. Hann tekur nú beiðnina aptur.

5. Þá var Sigurði Guðmundssyni assistent útvísuð lóð 17 ál. að lengd ~~með fram~~ norðan fram með sjávargötunni fyrir ofan ~~hús~~ pakkhús Árna Gíslasonar ~~og í og honum~~ ~~leyft og með sínu beiddi og lóð Árna Gíslasonar~~, og var honum enn fremur leyft að byggja þar á hús 12 ál. á lengd með fram götunni (í línu við geymsluhús Árna Gísla- [þannig að efri hlið þess séð efri hlið]

húsið sé
innar, og (9 álnir á breidd.

×6. Þá var tekin fyrir ítrekuð beiðni frá Jóni Þ. Ólafs-
smiðs, sú er synjað var á síðasta fundi, um
að fá útmælda lóð á Þúfunni beint niður af
húsi Guðm. Þorbjörnssonar.

Var gengið til atkvæða um, hvort mál þetta
skyldi nú tekið fyrir, þar sem það hafði verið
útrætt á síðasta fundi, og var með 3 atkvæðum
fellt að taka beiðni þessa til umræðu.

Frekara ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Grímur Jónsson

Árni Sveinsson B. H. Kristjánsson eftir Sigurður Jóakimsson

Ólafur Halldórsson

Árið 1904, þriðjudaginn 5. Apríl, átti bygginganefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér. Allir voru mættir nema Bjarni Kristjánsson.

Fór þá þannig fram:

1. Lagt var fram bréf, dags. 17. f.m., frá Emil Strand, er biður um lóð inni á Torfnesi til að setja þar upp hús til lýsisbræðslu. Bygginganefndin neitaði um hina umbeðnu lóð, þ. með því að einnig eðra

öðrum hefir verið neitað áður um samskonar beiðni.

2. Lagt var fram bréf, dags. 20. þ.m., meðtekið í dag, frá Benjamín Jóhannessyni, er biður um að fá útmælda lóð með fram Eyrartúnsgarðinum næst fyrir ofan hús Sigríðar Eggertsdóttur 30 ál. á lengd og svo breiða sem hægt er frá götunni að túninu. Byggingarnefndin sá sér að svo komnu eigi auðið að veita hið umbeðna, þar sem enn eigi væri búið að planleggja Eyrartúnið.

3. Lagt var fram bréf, dags. 7. þ.m., frá Jóni Magnússyni formanni, er beiðist þess að fá að byggja hús, 14 x 12 ál. að stærð, ~~ves~~ á lóð sinni vestur af pakkhúsi sínu. Byggingarnefndin leyfði honum að byggja hús af nefndri stærð, er standi 1 alin frá girðingu norðurhlið girðingar hans, með öðrum orðum: norðurgafl þess hússins standi 1 al. frá nefndri girðingu, en efri (vestri) hlið hússins sé í flugt við efri (vestri) hlið húss Guðmundar Þorbjörnssonar smiðs.

4. Lagt var fram bréf, dags. 30. þ.m., frá Jóni Snorra Árnasyni smiði, er beiðist þess, að fá útmælda lóð í fjörunni niður af sporgöthúsinu 16 x 30 ál.

Skjalasafnið Ísafirði

á stærð og á þeirri lóð að byggja hús, 10 x 12
ál. að stærð. Byggingarnefndin mældi
honum út lóðina þannig: ~~norður af af sprautu-~~
~~hússins~~ Takmörkun að neðanverðu en lína,
sem er beint áframhald af efri hlið spítalagötunnar,
og fjarðarmegin lína 30 ál. löng, sem liggur 12 ál. frá efra
horni á húsi Kristínar Guðmundsdóttur og neðra
horni sprautuhússlóðarinnar. Húsið, sem hann reisir
á lóðinni, byggist með hliðina meðfram
götunni, þannig að eystri gafl hússins ~~á~~
verði, þétt við austurhlið sprautuhússins.

5. Lagt var fram bréf, dags. 27. Febr., frá Kristínu
Hafliðadóttur, sem biður um leyfi til þess að mega
byggja hús 7 ál. á lengd, en 10 ál. á breidd áfast
við hús Helgu Daníelsdóttur, og fylgdi bréfinu
leyfi, dags. 26. s. m., frá Helgu Daníelsdóttur fyrir
því að nefnt hús megi byggjast áfast við hennar.
Byggingarnefndin leyfði henni að byggja slíkt
hús við efri (vestari) gafl húss Helgu Daníels-
dóttur

6. Lagt var fram bréf, dags 16. f. m., frá Skúla
Einarssyni, er beiðist að fá útmælda lóð til
byggingar 24 álna húss sjávarmegin við götuna
sunnan og neðanvert við Good-Templar-húsið.

Skjalasafnið Ísafirði

• Nefndin ályktaði að veita ~~um~~ beiðandanum
lóð 20 álnir úti í sjó frá eða fyrir neðan 12 álna
breiða ~~langa~~ götu, þannig að efri (vestri) brún lóðarinnar
sé beint áframhald af neðra enda þvergötunnar
fyrir neðan konsulatshúsið; að norðan verði tak-
markað lóðin af 25 ál. langri línu meðfram
~~og~~ þvergötunni og jafnlangri línu að ~~neðan~~ framan.
Á lóð þessari má hann byggja 20 álna langt hús
~~og 12~~ meðfram götunni 2 álnir frá henni og 12 ál.–14 ál.
á breidd frá norðri til suðurs.

+7. Þá ~~leyfði~~ útvísaði nefndin Jóni Þ. Ólafssyni snikkara ~~að~~
lóð beint niður af húsi Guðm. Þorbjarnarsonar er
takmarkast að ofanverðu (vestanverðu) af götu
beinu áframhaldi af neðri brún götunnar; ~~að~~
~~norðanverðu takmarkast lóðin af~~, þ.e. af 20 ál.
langri línu beint fram í sjó frá 12 ál. breiðri götu;
að norðanverðu takmarkast lóðin af 19 álna langri
línu meðfram þvergötunni og jafnlangri að
framan. Á lóð þessari má hann byggja hús, 14 ál.
~~á breidd og~~ á lengd og 12 ál. á breidd, hliðin meðfram
götunni 2 ál. frá henni.

8. Þá útvísaði nefndin Ólafi Halldórssyni snikkara
lóð 22 ál. að lengd meðfram þvergötunni; efri hlið
(vestri endi) lóðarinnar takmarkast af beinu áfram-

haldi af nedri rönd læknisgötunnar, þ. e. af 20 ál. langri línu beint fram í sjó frá 12 ál. breiðri götu; að norðanverðu takmarkast lóðin af 22 ál. langri línu meðfram pallgötunni og jafnlangri línu að framan. Á lóð þessari má hann byggja hús 16 ál. á lengd meðfram götunni og 2 ál. frá henni og 12 ál. á breidd, frá suðri til norðurs.

9 Fundi frestað til kl. 4 á morgun

Miðvikudaginn 6. April kl. 4 e. h. var fundinum haldið áfram. Allir á fundi nema Bjarni Kristjánsson.
Þá kom til umræðu

9. Beiðni frá Birni Árnasyni, dags. 28. f. m. um að fá útmælda lóð undir bolverk fyrir neðan bolverk Á. Ásgeirssonar og til að byggja þar á hús 11 x 16 ál. að stærð. Samþykkt var með 2 atkvæðum gegn 1, að útvísa beiðandanum lóð fyrir neðan bolverk Á. Ásgeirssonar verzlunar 26 ál. á lengd meðfram brautinni, og er honum gjört að skyldu að byggja þar á bolverk, er nær jafnlangt fram og Á. Ásgeirssonar bolverk er eða 45 ál. frá brautinni út í sjó. Á bolverki þessu má hann byggja hús 11 x 16 ál. að stærð og ákveður byggingarnefndin seinna, hvernig það hús skal

standa. Jafnframt er honum gjört að skilyrði fyrir þessari útmælingu að hann skili aptur til bæjarins allri lóð þeirri í Sæstræti, er honum var í sumar útmæld fyrir ofan lóð Sigurðar Kristjánssonar, og má hann ~~eigi~~ því eigi selja hana eða afhenda neinum. + stræti

10. Beiðni frá verzluninni Edinborg, ~~um að fá~~ dags. 29. f. m., um að fá útvísaða + alla fjöruna pollmegin niðraf lóð nefndrar verzlunar til bólverksbyggingar og til að byggja þar á hús. Nefndin útvísaði honum ~~30~~ lóð 30 ál. meðfram brautinni sunnan af lóð Björns Árnasonar til að byggja þar á bólverk, er nái 45 ál. fram í sjó frá brautinni að telja, og má hann byggja þar á hús, og verður seinna ákveðin stærð þess og staða.

11. ~~Lan~~ Beiðni frá Jóhanni Þorsteinssyni, dags. 16. Febr. þ. á., um að fá útvísaðan grunn ~~útvísaðan~~ á vesturhorni Leonh. Tangs verzlunarl. niður við bátargötuna til að byggja þar á hús 18 x 14 ál. að stærð, og sá nefndin sér eigi auðið að mæla þetta út.

× 12. Útaf beiðni frá Þorsteini Guðmundssyni skraddara, dags. 5. þ. m., er hjásett atla að kaupa lóðina sunnan af húsi Bjarna Sigurðssonar, ályktaði til þess að byggja þar á hús 11 x 8 ál. að stærð.

Skjalasafnið Ísafirði

ályktað nefndin að leggja honum að setja húsið
þannig, að það standi þétt fram að torggötunni
eða í beinni línu við hús Magnúsar Örnólfssonar.

13. Lögð var fram beiðni, dags. 28. f.m., frá Arnóri Kristjáni ~~ert~~ um að mega breikka hús sitt um 5 ál. út að sundinu, og fylgir bréf beiðni þessari yfirlýsing frá Albert Íríssyni um að hann hafi lofað að láta Arnór fá af lóð sinni stykki 5 álna breitt og 16 ál. á lengd. Svo beiddist hann og þess að mega breyta suðurgafli hússins þannig, að hann verði í flugt með götunni. Hvorttveggja var veitt, þó með því skilyrði að 10 ál. ~~gata~~ breið gata verði á milli húss Arnórs og húss Egils bókbindara.

14. Tómási Gunnarssyni var ~~veitt~~ leyft að byggja inngangsskúr við dyrnar á húsi sínu 2 ál. og 14 þuml. meðfram húsinu og 1 ál. 18 þuml. út af því.

15. Lögð var fram beiðni frá Sigurði Guðmundssyni assist., dags. 28. f.m., um að fá lengda um 2 ál. og breikkaða um 8 ál. lóð þá, er honum var útvísað á fundi 9. Febr. þ.á., þannig að lóðin verði 24 ál. á lengd meðfram götunni og 20 ál. fram að sjó, og að byggja þar á hús 14×12 ál. að stærð. Bygginganefndin leggur til, að umbeðna, þannig að húsið standi í beinni ~~línu~~ með efri hliðinni, við sem dregin er úr pakkhússhorni Árna Gíslasonar í pakkhússhorn Grams firmans

Skjalasafnið Ísafirði

16. Lagt var fram bréf frá Guðm. bátasmið Guðmundss. dags. 25. f.m., um að fá útmælda lóð til tveggja byggingar fyrir neðan Strandgötuna niður undan kolagarði Tangsverzlunar, og var honum synjað um það með 3 atkvæðum.

17. Lögð var fram beiðni, dags. 28. f.m., frá Jóhanni Þorsteinssyni um að fá útmælda lóð norðanvert við kolabyrgi Tangsverzlunar fyrir neðan Fjarðargötuna, sem liggur meðfram túngarðinum norðanverðum, til þess að byggja þar á hús 18 × 14 al. að stærð. Byggingarnefndin útvísaði honum lóð fyrir neðan götuna 14 al. fyrir norðan kolaportið, 23 al. meðfram sjónum og 20 al. fram í sjó. Lóðin takmarkast að ofanverðu af beinni línu, dreginni meðfram og fast við vesturhliðina á íbúðarhúsi Tangs og kolaportinu. ~~Þar~~ Á má hann reisa hús 18 × 14 al. að stærð, þannig að efri gafl þess standi í fleygt við hliðina á ~~íbúðar~~húsi ~~Tangs~~

N3 19./7. '05

18. Lögð var fram beiðni, dags. 28. f.m., frá Kristjáni Holm um að fá útmælda lóð 30 al. langa og 20 al. breiða við ~~sj~~ sjóinn fyrir norðan túngarðinn og að reisa þar á hús 14 × 12 al. að stærð. Nefndin útvísaði honum lóð 19 al. á breidd meðfram og fyrir norðan Fjarðargötuna austur af lóð Jóhanns

N3 19./7. '05

Skjalasafnið Ísafirði

14 ál. fyrir norðan túngarðinn

Þorsteinssonar og 20 ál. fram í sjó. Þar á má hann byggja hús 14×12 ál. að stærð. Húsið standi austast á lóðinni í flugt við hús Jóhanns Þorsteinssonar að ofanverðu.

+ 19. NB. 19/7 05. Lagt var fram bréf, dags. 28. Marz þ.á., frá Einari skósmið Guðmundssyni, um að fá útmælda lóð undir hús 10×14 ál. að stærð. Nefndin útvísaði honum lóð 12 ál. austur af lóð Kristjáns Holms og svo 19 ál. meðfram Fjarðargötunni neðanvert við hana 14 ál. norðar af garðinum og 20 ál. úti sjó. Húsið, ~~sto~~ sem honum er leyft að byggja þar á, 10×14 ál. að stærð, standi vestast á þessari lóð.

20. Lögð var fram beiðni, dags. 5. þ.m., frá Sigurði Jónssyni kennara um að fá útvísaða lóð í Fjörunni sunnan af Good-Templarhúsinu og að mega byggja þar á hús 12×12 ál. að stærð. Nefndin útvísaði honum lóð ~~þessa þannig: að ofanverðu~~ frá austr af lóð Jóns Þ. Ólafssonar 19 ál. meðfram og fyrir neðan götuna og 20 ál. fram í sjó, og á húsið, sem honum er leyft að byggja þar á 12×12 ál. að stærð að standa austast á lóðinni.

21. Beiðni Magnúsar Ólafssonar, dags. 30. f.m., um að fá útmælda lóð niður af lóð Hjalta Jónssonar var frestað

Skjalasafnið Ísafirði

22. Beiðni Edvards Ásmundssonar, dags. 28. f.m., um að fá útmælt undir hús 14 × 18 ál. að stærð á grunni þeim, er kjallari hans stendur á; og um að fá útmælda lóð þá, er faðir hans fékk útmælda árið 1877, var frestað.

23. Beiðni Kristjáns prentara Jónssonar, dags. 5. þ.m., um að fá útmælingu norður af gamla Edvardar bænum eða norður af gamla prófasts húsinu ~~eða seinast~~ ifj var neitað. Beiðni hans um lóð pollmegin fram af húsi Þorv. próf. Jónssonar var frestað.

24. Beiðni, dags. í dag, frá Þorvaldi prófasti Jónssyni um að fá útmælingu í fjörunni suður af húsi sínu var frestað.

Frekara ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Grímur Jónsson

Árni Sveinsson

J. Jóakimsson Olafur Halldórsson

Árið 1904, miðvikudaginn 4. Maí, átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér. Allir á fundi nema Bjarni H. Kristjánsson

Skjalasafnið Ísafirði

× 1. Lögð var fram beiðni frá þeim Páli Jósúasyni og Jóni Snorra Árnasyni, dags. 11. f. m., um að fá mælda út lóð 40–50 ál. á lengd meðfram fjörunni útaf sparisjóðshúsinu og húsi Kristjönu Guðmundsdóttur, til þess þar á að byggja ~~tólverk~~ og hús 10×24 ál. að stærð. Nefndin mældi þeim þá út ~~?~~ lóð 40 ál. á lengd meðfram fjörunni og 16 álnir á ~~lengd~~ breidd. Takmörk lóðarinnar verða þessi: Að neðan verði lína, sem er beint áframhald af efri hlið spítalagötunnar, og fjarðarmegin 40 ál. löng lína, sem liggur 12 ál. frá neðra ~~húsi~~ horni sparisjóðslóðarinnar og 12 ál. frá neðra horni Skúrar Jóns læknis Þorvaldssonar. Húsið, sem þeir reisa á lóðinni, byggist með hliðina meðfram götunni, þannig að efsti gafl hússins verði í flugt við austurhlið sparisjóðshússins.

~~Fleira~~ Heimað er útmæling handa Jóni Snorra Árnasyni 5. Apr. þ. á. fallin burtu.

Fundi slitið

Grímur Jónsson

Árni Sveinsson settur Ólafur Halldórsson

J. Jóakimsson

Skjalasafnið Ísafirði

Árið 1904, mánudaginn 9. Maí, átti byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér. Mættir voru auk oddvita þeir Jóakim Jóakimsson og Árni Sveinsson.

I Að þar til gefnu tilefni frá Þorsteini skraddara Guðmundssyni athugaði nefndin, að ofstutt bil verður á milli húsa Þorsteins skraddara og Sigurðar Hafliðasonar, ef hús hins síðarnefnda verður sett í flugt við stakit Skúla Eiríkssonar. Byggingarnefndin sér nú, að það er eigi alveg nákvæmlega að orði komizt, þar sem hún á fundi 6. Nóv. f.á. leyfði Sigurði að byggja húsið með norðurendann í flugt við nefnt stakit, því að við nákvæma útmælingu nú í dag kemst nefndin að þeirri niðurstöðu, að Sigurður Hafliðason á eigi lóð svona langt norðureptir, þar sem lóðir þeirra Magnúsar Örnólfssonar og Sigurðar Hafliðasonar eiga að vera til samans á lengd með fram torggötunni neðan frá luktastólpanum að telja 53¼ álnir, en vegalengdin frá nefndum luktastólpa (við syðra húshorn Magnúsar) upp að hinni fyrir- 8 ál. huguðu þvergötu verður rúmar 57¾ al.

Sigurður Hafliðason er mættur á samt byggingarnefndinni, og var honum útvísuð viðbót við norðurenda lóðar sinnar 2¾ al. meðfram torggötunni og

Skjalasafnið Ísafirði

20½ al. meðfram þvergötunni, og skal hús það, er hann byggir þar 14 x 12 al. að stærð og standa 10 al. frá lóð Þorsteins Guðmundssonar skraddara, en að öðru leyti eins og áður er tekið fram í útmælingu hans.

Fundi slitið

Grímur Jónsson settur — Árni Sveinsson

J. Jóakimsson

Samþykkt Sigurður Hafliðason

Ár 1904, hinn 4. júní, átti byggingarnefnd
I Ísafjarðarkaupstaðar fund með sér. Mættir voru allir nefndarmenn nema Árni Sveinsson. Var þá mæld út lóð handa Saltvöruverzlun-inni á miðju Torfunesi 26 álnir frá gamla veginum niður að sjónum og 47, þannig að 6 álnir verði fyrir framan húsið og 40 álnir á hinn veginn, þannig að 8 álnir verði þeim megin við húsið sem veit að lóð Jensens far-eigninga. Fundarbók uppl. og staðf.

Fundi slitið

Magnús Torfason

J. Jóakimsson — B. H. Kristjánsson

Ólafur Halldórsson

Ár 1904, hinn 17. ágústmán., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi.

I Var þá tekið fyrir áðurkomið beiðni Jóns Sn. Árnasonar að breyta útmælingu á lóð hans, sem gjörð var 4. maí þ.á.
Kom nefndinni saman um að breyta útmælingunni þannig:
Að neðanverðu ræður lína, sem er beint áframhald af efri hlið Spitalagötunnar og fjarðarmegin 40 álna löng lína, sem með Fjarðargötu sem liggur 12 álnir frá neðra horni Sparisjóðslóðarinnar og 12 áln. frá húsi Kristjönu Guðmundsdóttur miðju og nær hún 20 áln. fram í fjöruna. Húsið, sem reisa á á lóðinni, byggist með hliðina með fram götunni, þannig að efra horn þess beri rétt í austurhlið Bankans og sé það 24 álnir á lengd og 14 álnir á breidd.
Er þá útmæling handa Jóni Sn. Árnasyni 4. maí fallin burt.

Fundi slitið.

Magnús Torfason.   J. Þ. Thoroddsen
B. H. Kristjánsson   Árni Sveinsson
Hafnir Halldórsson

220. fundur.

Ár 1904, miðvikudaginn hinn 27. júlímánaðar, átti byggingarnefndin fund með sjer. Allir á fundi nema Árni Sveinsson.

Var þá tekið fyrir að mæla út gömlu samkv. beiðni Cabana F. Thordarsonar undir hús á lóð

Skjalasafnið Ísafirði

hanns sjálfs. – Byggingarnefndin samþykkti
ad leyfa honum ad byggja hús 22 – 24 álna
langt og 12 – 14. álna breitt á lóðbletti
þeim, sem liggur fyrir neðan hús hanns,
niður við götuna (áframhald af Hæstakaupstadargötu)
þannig ad það standi í sjettri línu við
búðarhús Björns Gudmundssonar kaupmanns. –
Nefndin leyfði ennfremur fyrir sitt leyti
ad norðurendi hússins mætti standa í línu
við suðurenda á húsi því er útbú Landsbankans
á, ef lóðareigandi leyfði það, annars beri ad
setja það 5 álnir frá nefndri lóð.
Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið
pr Grímur Jónsson
Jón Laxdal
~~Jóakimsson~~
Ólafur Halldórsson B. H. Kristjánsson

Ár 1904, hinn 7. Sept., var fundur haldinn í bygg-
ingarnefndinni og voru allir mættir nema Jóakim Jóakims-
son.
Verzlunarstjóri Jón Laxdal bað um útmælda lóð fyrir
hönd Leonh. Tang's verzlunar fyrir neðan fiskigeymsl-

Skjalasafnið Ísafirði

úthúsið og austan bryggjuna 37 x 26 álnir. Með því að Leó Eyjólfs-
syni hafa verið útmældar 5 áln. af þessari lóð má ekki mæla
lengra en 29 áln. austur frá bryggjunni, en samþykki Leó Eyjólfs-
son að Tangs verzlun byggi húsið á 37 x 26 áln. hefur byggingarnefnd-
in ekkert á móti því fyrir sitt leyti og vill í því falli láta Leó
Eyjólfsson fá 3 álnir af lóð, sem mæld hefur verið Birni Árnasyni og
hann síðar afsalað sér. Uppl. fundi slitið

Magnús Torfason.
Árni Sveinsson
B. H. Kristjánsson
Ólafur Halldórsson

Ár 1904, hinn 16. sept., átti byggingarnefndin fund með
sér. Allir mættir. Fyrir var tekið:

1. að ákveða götu 6 álna breiða yfir þveran Tangann frá Brunngötu og yfir í Fjarðargötu milli húsa Sigurðar Guðmundssonar og Eðvarðar Ásmundssonar og í stefnu hennar þannig, að framhlið á timburhúsi Sigurðar Guðmundssonar beri í neðra hornið á hinu nýja steypuhúsi hans við Fjarðargötu.
Meðnefndarmaður Ólafur Halldórsson samþykkir að láta á sínum tíma af hendi fyrir 25 a. pr al. lóð eigi að eins undir hina væntanlegu götu heldur og stefnu á þríhyrninga þeim, sem myndast byggingu

götunnar að jöfnum álnafjölda. Samþ. í einu hljóði.

2. að ~~mæla~~ vísa á hússtæði handa bæjarfógeti Magnúsi Torfasyni á lóð H. Hafsteins. Að áskildu leyfi lóðareiganda samþykkti nefndin að byggja mætti á lóð þessari hús 19 + 17 áln. þannig að útsuðurhorn þess sé annari vegar í stefnu frá gaflinum á Hafsteins-húsi og ~~hús~~ í framgafl á húsi Good-Templara en hins vegar í línu með framhlið á Guðjóns L. Jónssonar húsi. Verði útskot á framhlið hússins, sé ysti hluti þeirra í þessari stefnu. Samþ. í einu hljóði.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið

Magnús Torfason.

J. Joakimsson Árni Sveinsson

B. H. Kristjánsson Ólafur Halldórsson

Ár 1904, hinn 21. sept., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi. Fyrir var tekið:

1. Samþykkt var að leyfa Jóni Þ. Ólafssyni að byggja það sem ~~honum~~ var útmælt í fyrra um 2 álnir upp eftir strandlengju og verða lóðin þá 21 + 20 áln.

2. Samþykkt var að leyfa Guðm. Þorbjarnarsyni að byggja skúr 3 + 5 áln við suðausturhlið hússins ~~ísidor~~ uttanhúss hans.

Skjalasafnið Ísafirði

3. Samþykkt var að leyfa Helgu Daníelsdóttur að hafa hús það, sem henni var leyft að byggja 5. apríl, 10 áln. á breidd. Samkvæmt þessu verður byggð lóð Helgu 12×10 áln. og óbyggð 260 áln. en byggð lóð Kristínu Hafliðadóttur 7×10 áln. og óbyggð lóð 160 áln.

4. Samþykkt var að leyfa Sigurði Guðmundssyni að bæta 2 álnum að ofanverðu skrautlengjis við hús það sem honum var leyft að byggja 9. febr. og bæta við það skúr sjávarmegin 17½ × 5 áln.

5. Samþykkt var að leyfa Magnúsi Kristjánssyni að stækka hús sitt svo það verði 14 × 9 áln.

6. Samþykkt var að leyfa Jóni Pálssyni að byggja hús á Tangs túni og skyldi það sem er 14×10 áln., vera í stefnu með ~~[illegible]~~ Dav. Thorsteinsson. + skúr 3×4 áln.
óbyggð lóð 1069 áln.

7 Samþykkt var að leyfa Árna Sveinssyni að byggja skúr við norðurenda íbúðarhúss hans 6½ × 5 áln.

8. Samþykkt var að leyfa Sigríði Þórðardóttur að byggja við ~~[illegible]~~ enda á húsi Jóns Þórðarsonar hús 7×4 áln.
óbyggð lóð Jóns Þórðarsonar minnkar að sama skapi.

Upplesið.

Fundi slitið

Magnús Torfason

Árni Sveinsson
~~J Jóakimsson~~ Hafliður Halldórsson B. H. Kristjánsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1904, hinn 21. okt. átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema Bj. Kristjánsson. Fyrir var tekið:

1. að mæla út lóð handa Benedikt Fr. Schram í horninu að innan og neðanverðu við veginn inn í fjörðinn. Var honum leyft að byggja hús 13×10 □ áln, 6 álnir frá Túnveginum og sömuleiðis honum en 14 álnir frá þeim veginum, sem liggur upp úr bænum. Lóðin skyldi vera 19×20 álnir, þannig að látin verði þrjár álnir norðan hússins en 5 álnir fyrir sunnan það.
2. að mæla út lóð handa prentara Kr. H. Jónssyni á lóð Péturs Þorvarðarsonar og var honum leyft að byggja hús 30×15 áln. með hliðinni út að Smiðjugötu, þannig að það sé í línu með gaflinum á húsi Arnórs Kristjánssonar og Guðríðar Árnadóttur. Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið

Magnús Torfason

Árni Sveinsson

Ólafur Halldórsson

Ár 1904, hinn 15. nóv., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema Árni Sveinsson og Ól. Halldórsson. Fyrir tekið:

Skjalasafnið Ísafirði

1. Beiðni Jóhannesar Árnasonar um lóð undir hús fyrir neðan túnveg pollmegin. Nefndin neitaði með öllum atkvæðum að mæla út á þessum stað.

2. Beiðni Karls Olgeirssonar um útmælingu undir hús 13 x 16 áln. á horninu á Silfurgötu gagnvart búð Björns Guðmundssonar. Að geymdum rétti þriðja manns, að því er kemur til lóðarinnar snertir, var honum vísað á hússtæði í áframhaldi af húsi Finns Thordarsens 13 álnir út að Aðalstræti og 14 álnir út að Silfurgötu, 1 fet frá stéttinni.

Fundi slitið

Tekið á gesk. 7/12-04. Magnús Torfason

Ár 1904, hinn 16. desbrmán., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema Árni Sveinsson.

I Lögð var fram beiðni Guðbjartar Jónssonar ~~um að~~, Halldórs Ólafssonar og Magnúsar Jónssonar um að fá mælda út lóð fyrir geymsluhús 20 x 6 álnir fyrir ofan Steinsteypuhúsið í Steypuhúsgötu.

Nefndinni kom saman um að fresta málefni þessu þangað til búið er að mæla upp lóðir bæjarins. ~~Atkv.~~ Samþ. 3 atkv. gegn 1.

Fundi slitið.

Magnús Torfason.

J. Jóakimsson B. H. Kristjánsson

Tek. 16/12-04 Ólafur Halldórsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1905, hinn 11. maymán., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi. Fyrir tekið.

1. Beiðni um að byggja bólverk lengra fram í sjóinn frá Jóni Kr. Árnasyni og Páli Jósúasyni. Það er veitt.
2. Gísla Kr. Jónssyni leyft að lengja hús sitt um 7 áln. út að Fjarðarstræti. Verður þá lóðarvíddin 7+
3. Beiðni var lögð fram frá Good-Templarstúkunum „Nanna" og Dagsbrún um að byggja hús 2(20×10)+16×16 áln. milli Templaragötu og Steypuhús ~~Dagsbrúnar~~ götu á lóðunum ~~á lóðum~~ Sigurvins Hanssonar og Guðm. Bjarnasonar. Leyfið var veitt að áskildum réttindum lóðareiganda og þeirra, sem lóðir eiga þar að. Uppl.

Fundi slitið.

Magnús Torfason.
Árni Sveinsson
Árni Gíslason.
J. Jóakimsson
Ólafur Halldórsson

Ár 1905, hinn 29. maymán., átti byggingarnefndin fund með sér og voru allir á fundi. Fyrir tekið:

1. Jóhanni Þorsteinssyni leyft að byggja hús 18×14 áln. á lóð sinni meðfram Silfurgötu í línu með húsi Karls Olgeirssonar

Skjalasafnið Ísafirði

og Friðbergs Stefánssonar.

2. Jóni Auðunni Jónssyni mæld út lóð 24 x 12 áln. fyrir neðan Hnífsdalsveginum, 5 álnum fyrir innan lóð Guðm. Gestssonar og einu alin frá veginum. Á lóð þessari var honum leyft að reisa hjall 9 x 6 áln. og snúi lengri hliðin meðfram götunni Uppl.

Fundi slitið.

Magnús Torfason.

Í fjarveru Árni Sveinsson

Árni Gíslason

Ólafur Halldórsson

Ár 1905, hinn 28. aprílmán. átti byggingarnefndin fund með sér og voru þeir á fundi. Fyrir tekið:

1. Sigurði Kristjánssyni úrsmið leyft að lengja hús sitt upp með Hafnarstræti á lóð sinni um 19 + 15 áln. þannig að framhliðin sé í línu með húsi hans sem nú stendur þar. Upplesið.

Fundið slitið.

Tilk. 2/5

Torfi Magnússon

Í fjarveru Gestsson Ólafur Halldórsson

Skjalasafnið Ísafirði

# 230. fundur.

Ár 1905, hinn 6. maim. átti byggingarnefndin fund með sér og voru þrír á fundi

Fyrir tekið:

I Ólafi Halldórssyni leyft að byggja ofaná hús sitt 1 loftherb. 4 ál. áhærra bæði á íveruhúsið og ~~[illegible]~~ smíðahúsið. svo og útbyggingu úr suðaustur horni hússins þannig að fremsta horn sé í línu með austurhlið húss Sigurðar Hanssonar. Ennfremur var honum leyft að breikka heyhlöðu sína um 2¾ al upp að Tangahúsinu.

Fundi slitið

Þorfi Magnússon

Árni Gíslason      Árni Sveinsson

J. Jakobsson

Ár 1905, hinn 9. maim. átti byggingarnefndin fund með sér og voru þrír á fundi. Fyrir tekið: Verzlunarstjóra Lagdal var leyft, fyrir hönd Leonh. Tang & Söns verzlun að byggja vöruskúr á milli bátanna og pakkhúsanna að stærð 23 x 7 ál. þannig að portklíðin að vestan sé brúkuð sem vesturhlið í skúrnum.

Fundi slitið.

Þorfi Magnússon
settur

Árni Sveinsson

Ólafur Halldórsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1905, hinn 19. dag júlímánaðar, kom byggingarnefndin saman á fund.
Allir á fundi.
Var tekin til íhugunar og samþykkt tillaga frá Rögnvaldi Ólafssyni, sem hefir á hendi mælingu bæjarins, um ákvörðun á nokkrum hluta gatnanna Fjarðarstrætis og Brunngötu. Voru göturnar ákveðnar á þessa leið:

1. Sá hluti Fjarðarstrætis, sem liggur frá Aðalstræti norðan Tangs-túns út í Norðurtanga, takmarkist að norðanverðu (sjávarmegin) af beinni línu í gegnum tvo punkta, sem eru þannig ákveðnir:
   I°. Í beinni stefnu austurgafls á gosdrykkjaverksmiðju (þ: skúrnum) Leonh. Tangs afmarkast 17 fet norður frá túngirðingu.
   II°. Í beinni stefnu girðingar austanmegin Tangs-túns afmarkast 30 fet norður frá túnshorni.
   Í línu þessari skulu liggja götuhliðar húsa þeirra, sem við götuna standa norðanverða. Gatan sje 35 feta breið að minnsta kosti og gangi fram hjá norðurgafli á húsi Magnúsar Kristjánssonar við Tangagötu.
2. Brunngata hugsast framlengd norður að sjó, um 35 feta breið, með þeirri stefnu, að saman beri við eystra götuhliðar hús þeirra Friðbergs járnsmiðs Stefánssonar og Jóhannesar kaupmanns Pjeturssonar, en við hinn vestari austurhlið á húsi Jóns skipstjóra Pálssonar og austurgafl á búð Edinborgarverzlunar.

Lóðir þær, sem úthlutað hafði verið við hinn umgetna hluta Fjarðarstrætis, — sjá fundargjörð 6. apríl 1904, no. 17, 18 og 19 — færist svo, að þær falli að Fjarðarstræti eins og það nú er ákveðið og þannig að no. 19 komi neðan Brunngötu, en no. 18 að ofan og no. 17 enn ofar við Fjarðarstræti. Form. fól Rögnvaldi Ólafssyni að framkvæma ákvarðanir þessar næsta dag í viðurvist

Skjalasafnið Ísafirði

Jóakims Jóakimssonar og Árna Sveinssonar.

Fleira ekki um að fjalla. Fundi slitið.

—·—·—

Mælingin fór fram ~~næsta~~ dag, 20. júlí, og var þá leyft, að [húsið í lóðinni] no. 18, sem á að vera 14° x 12°, ~~mega~~ mætti vegna hornskekkju, sem göturnar valda, vera 14° langt þeim megin (þ: sjávarmegin), sem það er styttra, og uppgönguið mættu vera við báða gafla, en lóðin skyldi ná 5 álnir upp frá húsinu fram með Fjarðarstræti. Sjá bls. 95.

Hið framantalda er samþykkt að áskildum rétti þriðja manns að því er eignarrétt snertir til þess hluta lóðar, er fyrir ofan sjó liggur.

Uppl. samþ.

Magnús Torfason Árni Sveinsson

Ár 1905, hinn 19. ágústm., átti byggingarnefndin áll fund með sér. Fram var lagt.

1. Beiðni Árna kaupmanns Sveinssonar um leyfi til að byggja hús við Silfurgötu í Kálgarðinum austan við Norska bakaríið, 16 x 12 álnir með ~~með~~ [7 og] 3 álna [breiða] útskotsí hvorum enda fram við götuna og skúr að húsabaki á lóðartakmörkum 18 x 6½ áln. Þetta var veitt að áskildum rétti 3ja manns. Byggð lóð er alt 342 □ áln. og óbyggð lóð 530 □.
2. Beiðni Jóns Snikkara Ólafssonar um að mega byggja skúr x áln. að húsabaki þarmegin. Þetta samþykkt.
3. Beiðni Þorsteins klæðskera Guðmundssonar um að [mega] byggja skúr úr járni 3 x 6 álnir á lóðartakmörkum.

Skjalasafnið Ísafirði

4. Beiðni Friðbergs Stefánssonar járnsmiðs um að mega byggja skúr 16 + 5½ áln. á lóðarmörkum að húsbaki. Leyfið veitt.

5. Beiðni Emils kaupmanns Strand um útmælingu lóðar við Hafnarstræti ofan og áfast við lóð Sigurðar Kristjánssonar. Honum var útmælt í beinni stefnu upp af framhlið á húsi S. A. Kristjánssonar 30 álnir fram með Hafnarstræti, hornrétt á þessa línu fram í sjó 37¾ al., sjáfarmegin 38¾ alin og loks er lengd markalínu milli þeirra S. A. Kristjánssonar 32 álnir. Lóðin því öll 1174 álnir. Þetta veitt að áskildum rétti 3ja manns. Með þessari útmælingu er lóðarmæling til handa Leo Eyjólfssyni 870 ~~780~~ □ álnir ~~tv~~ ónýtt (bls. 85.) Húslengd ~~16 × 28 + 12 × 14~~ 27 × 14 + 2 × 5 × 9 = 468 □ al.

6. Beiðni formanns Jens Fr. Jensen um útmælingu undir hús 12 × 14 álnir út af húsi Sk. Thoroddsen í Króknum (Bened. Vagns). Húsið var sett 5 álnir inn á lóð Árna Páls Sigurðssonar.

10/10.

7. Ragúel Á. Bjarnason leyft að byggja skúr 3½ × 7 áln við Goodtemplarhúsið.

Magnús Torfason

J. Jóakimsson

Á. Sveinsson

0,471
23,235
23,495

Ár 1906 hinn 11. aprílmán, átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi.

✓ 1. Friðberg Stefánssyni voru mældar út neðan Fjarðarstrætið í stefnu suður af húsi Kristjáns Hálens og saman framlenging Brunngötu (35 feta breidd) 22½ al. × 20 áln. Húsið sé 18 × 12 áln.

✓ 2. Kristni Gunnarssyni voru mældar út [illegible] áln. suður af lóð Friðbergs 23 áln. × 20 álnir í sömu stefnu og byggi hann þar á hús 18 × 14 áln. og sé 5 fet milli þess og hús Friðbergs.

✓ 3. Sigmundi Brandssyni var leyft að byggja hús 16 × 12 áln, 5 álnir frá lóð Kr. Gunnarssonar í Tangagötu og sé framhlið hússins í stefnu með húsi Arnórs Kristjánssonar og Magnúsar Kristjánssonar.

✓ 4. Albert Brynjólfssyni var leyft að byggja skúr 6 × 5½ áln. við austurenda húss síns.

✓ 5. Sigurði Guðmundssyni leyft að lengja hús sitt og bæbert um 15 × 20 áln, stefni bátverkið í bátverk Koritarans Sláfleiðsdáttar; húsið verður 14 × 13 áln.

Fundarbók upplesin.

S. A. Kristjánsson

Magnús Torfason

Sig. Jónsson

Jón P. Gunnarsson

J. Jóakimsson

Skjalasafnið Ísafirði

í Fjarðarstræti
3½ × 3 áln. bak við hús sitt sjávarmegin.

3. Jóni Þórólfssyni leyft að leggja skúr 3 × 7 álnir við hús sitt í Króknum sjávarmegin.

4. P. M. Bjarnason leyft að leggja hús sitt 6 áln. ofan Hnífsdalsvegarins gegn því að hann hefur kafist undir bryggju vegarins að sama ákafi undir á við. Ennfremur var honum leyft að setja bak þá sem renna undir Hlíðina utan Gildrunes, þó svo að eigi komi í bága við not bæjarins. Þá var honum leyft að leggja skúr fyrir innan hús sitt 10 áln. ~~þá~~ frá því í sama stefnu og sé hann þó eigi nær veginum. Skúrinn er 10 × 6 áln.

5. Samkvæmt beiðni Karls Olgeirssonar var verzluninni Edinborg leyft að leggja sporbraut á fiskireitum sínum með því skilyrði að hann verði tekin upp þegar bæjarstjórninni þykir ástæða til.

6. Samþykkt var með öllum atkvæðum að lóð Guðmundar Snikkara Þorbjarnarsonar, sem honum var útmæld 28. maí 1903 og hann enn hefur ekki byggt á, skuli fallin til bæjarins frá þessum degi.

Upplesið.
Magnús Torfason
Sig. Jónsson
Jón P. Gunnarsson
J. Jóakimsson

Ár 1906, hinn 9. júnímán., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema Sigurður Jónsson. Fyrir tekið.

1. Einari Bjarnasyni leyft að byggja hús tilsyft á lóð sinni með útskoti 13 x 15 áln. þannig að ytri horn út skotsins beri með húsi Þorv. Jónssonar prófasts í Hafnarstræti og í línu úr horninu á girðingu Einars hafni og í suðaust urhorni á pakkhúsinu (sunnan á Tabóli í Pólgötu). Um inngang í útskotið á húsinu verður ákveðið síðar. Byggingarleyfi þetta er veitt með því skilyrði að girðingin fyrir framan húsið í Pólgötu og Hafnarstræti verði tekin burt en þar sem húsinu skeggir verði hún færð inn jafnhliða því eins og útskotinu beggja til.

Uppl. Staðf.

Magnús Torfason

S. A. Kristjánsson

J. Jóakimsson

Jón P. Gunnarsson

Ár 1906, hinn 10. ágúst, átti byggingarnefndin fund með sjer. Allir á fundi. Fyrir tekið:

1. Svarað brjefi Sálons dags. 9. þ. m. þannig: að honum sje heimilaður gangur til sjávar utantil við hús Jens K. Jenssens

2. Frestað að taka ákvörðun um viðvíkjandi brjefi A. Jónssonar dags. 18. júlí fyrst um sinn þangað til nefndin hefur ráðfært sig við sáttarannt

Skjalasafnið Ísafirði

bæjarins.

Upples. staðf.

Tryggvi Magnússon
sitter

S. Kristjánsson  Sig. Jónsson
Jón P. Gunnarsson  J. Jóakimsson

240. fundur.

Ár 1906, hinn 23. ágúst, átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi.

1. Uppá beiðni Árna Jónssonar um leyfi til að byggja íbúðarhús á bólverki Magnúsar Árnasonar ályktaði nefndin að svara því, að auk þess sem nefndin ætlar sér ekki að láta bólverkið af hendi án endurgjalds ~~átti~~ hafi hún hugsað sér að þar yrði byggt sæmilegt hús, sem sé minnst eins stórt og ásjálegt og hið nýja hús F. Thordarsons.

2. Út af beiðni sama um að mega byggja hús 16×6 áln. nálægt skipagötu lýsti nefndin yfir því að hún vildi ekki leyfa að byggja svo mjótt hús, né heldur treysti sér til að mæla þar út á byggingarsvæði fyrr en gata hefur þar verið ákveðin.

3. Út af beiðni Jóh. Árnasonar og Ingvars Péturssonar um leyfi til að mega byggja eina hæð ofan á hús þeirra Tangagata 15 ákvað nefndin að neita þessari beiðni vegna þess að húsið stendur mjög hornskakt við götuna.

Skjalasafnið Ísafirði

Þetta samþykt með 3 atkv. gegn 2. Uppl.

Fundi slitið

Magnús Torfason

Sig. Jónsson J. Jóakimsson

Jón Þ. Gunnarsson S. Kristjánsson

Ár 1906, hinn 28. ágústm., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi.

1. Einari Bjarnasyni leyft að reisa yfir kjallarann undir brennuhúsinu gamla, þó með því skilyrði að hann slétti yfir kjallarann þegar byggingarnefndin kemur að krefjast þess. (18×10) Pólgata 1
2. Magnúsi Ólafssyni leyft að byggja skúr 15×5 áln. á takmörkum lóðar sinnar frá Fjarðarstræti og út í hornveggnum að lóð Guðm. Jónssonar en girðing jafnhá hornveggnum nái frá lóðarmörkum að húsinu hans. Pólgata 9
3. Good-Templarreglunni leyft að byggja skúr 20×4 áln. á suðurhlið húss síns, skúr sá sem nú er þar verði rifinn. Templaragata 5
4. Samþykt með 4 atkv. gegn 1 að leyfa útbankastjóra Helga Sveinssyni að lengja hús sitt um 8 álnir vestur á við. Breidd þess er 13 áln. Pólgata 5
5. Jóhanni Árnasyni og Ingvari Péturssyni leyft að byggja ofan á hús þeirra nr. 15 í Tangagötu

Skjalasafnið Ísafirði

með því skilyrði að hann að götunni flytji húsið fram í jafnhliða húsi Guðríðar Árnadóttur og taki skúrinn framan við húsið í burtu og byggi skíðgarð frá húsgöflum og að girðingu Kristjáns framan jafnhátt henni. Veggþykt efni sé minst 8" og gluggar allir samstaða fram að Tangagötu. Samþ.

Fundi slitið.

Magnús Torfason.

J. Jóakimsson Jón Þ. Gunnarsson
Sig. Jónsson S. A. Kristjánsson

Ár 1906, hinn 24. septbr. m. átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi.

1. Karli Olgeirssyni leyft að byggja skúr 7½ x 4½ al. í porti sínu út að Brunngötu, þó með hlið að hlöðunni út að Silfurgötu.
2. Af garði Sveins Jenssonar voru teknar 190 ☐ álnir út að Tangagötu fyrir 180 kr. eftir mati byggingarnefndar og samþykti Sveinn það. Samþ.
3. Keypt 402 ☐ al. af Sossu Bjarnadóttur.

Fundi slitið.

Magnús Torfason

J. Jóakimsson S. A. Kristjánsson
Sig. Jónsson Jón Þ. Gunnarsson

Ár 1906, hinn 26. októbermán., átti byggingarnefnd

in fund með sér. allir á fundi. Fyrir tekið:
1. Lesið upp bréf stjórnarráðsins 11. þ. mán. þar sem beðist er umsagnar byggingarnefndar Ísafjarðar-kaupstaðar um kæru S. Jónssonar yfir því að A. Ás-geirssonar verzlun hafi heimildarlaust verið sögð bólvirki og lóð M. Árnasonar kirkjunn. Ályktað að fela oddvita nefndarinnar að svara bréfinu.
2. Bréfi Jóns Pálssonar og Friðbergs ~~Stefánssonar~~ sonar um að kaupa af þeim lóð milli húsanna nr. 20 og 21 í Brunngötu svarað á þá leið, að bygg-ingarnefndin treysti sér ekki til að sinna þessu tilmælum.

Fundarbók upplesin.
Fundi slitið.
Magnús Torfason
S. A. Kristjánsson Sig. Jónsson Jón P. Gunnarsson
Þjóðkirkjusson

Ár 1906, hinn 2. nóvbr., átti byggingarnefndin fund með sér. S. A. Kristjánsson fjarv. Fyrir tekið:
1. Árna Sveinssyni leyft að byggja skúr fram af eldhúsdyrum á íbúðarhúsi sínu 2 x 2½ áln.
2. C. & L. Lárusson neitað að breikka sölubúð Þor-láks Magnússonar um 2 álnir að sjó.

Skjalasafnið Ísafirði

3. Lesið var sér uppsögn á komu til stjórnarráðsins frá Árna Jónssyni og það samþykkt.

Fundi slitið.

Magnús Torfason

Sig. Jónsson   Jóakimsson   Jón Þ. Gunnarsson

Ár 1906, hinn 12. desbrmán., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema Sigurður Jónsson. Samkvæmt beiðni var Helgu Daníelsdóttur leyft að byggja skúr sjáfarmegin við hús sitt 12 x 9 álnir eins langt og húsið nær og út að bólverksveggnum. Samþ. með öllum atkvæðum að það skyldi vera í línu með undirgafli hússins.

Fundi slitið.

Magnús Torfason

S. A. Kristjánsson   Jóakimsson

Jón Þ. Gunnarsson

Ár 1907, hinn 23. febrúarmán., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi ~~nema Sigurður Jónsson og Jóakim Jóakimsson~~. Tjnir lekið

1. Jóni Jónssyni stýrimanni leyfað að lengja hús sitt norður á við um 5 x 8 álnir

2. Frestuð beiðni Bjarna Sigurðssonar um húsbyggingu á lóð sinni.

3. ~~Gaddr. H. Halldórsson~~

Fundi slitið.

Magnús Torfason

S. A. Kristjánsson

Sig. Jónsson

Jóakimsson   Jón Þ. Gunnarsson

Skjalasafnið Ísafirði

14/4 1909, hinn 5. marzmán., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema Jóak. Jóakimsson. Fyrir tekið:

1. Erindi trésmíðafjelagsins „Víkingur" svarað á þá leið, að naumlegt byggingarsvæði muni fást handa fjelaginu í fjörunni fyrir neðan hús Björns Árnasonar og muni nefndin á sínum tíma leggja til að bæjarstjórnin selji lóð þessa fyrir mjög sanngjarnt verð.

2. Samþykkt að kaupa af Edvard Ásmundssyni lóð í Pólgötu að Fangahúsinu og út og upp að húsi hans fyrir 300 kr. en Edvard hlaði sjálfur upp stétt fyrir lóð sinni. Skulu 200 kr. greiddar strax en 100 kr. þegar gengið hefur verið frá stéttinni. Oddvita falið að bera þessar tillögur fram á bæjarstjórnarfundi. ÷ 90 á1.

3. Birni Jónssyni neitað um grjót á Eyrartúngarðinum.

4. Bjarna Vigfússyni leyft að byggja afan á hús sitt í Smiðjugötu. Bæjarfógeti greiddi atkvæði á móti því.

'upd.

Fundi slitið.

Magnús Torfason.

Jón P. Gunnarsson

Kristján Jónsson

Sig. Jónsson

Skjalasafnið Ísafirði

125

Á 1907, laug. 6. apríl, átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi.

1. Ákveðið að mæla með verzluninni Edinborg út lóð fyrir neðan Aðalstræti 66½ al. × 40½ al., 45 álnir fyrir neðan hús Björns Árnasonar. ~~Sauðkr.~~ til þess þó á byggja hús sömu stærðar sauðkr.-teikningu Magnúsar Ólafssonar. Lagt til að hver feralin verði seld á 25 aura.

2. Framlagt var bréf stjórnarráðsins 25. f. mán. um kæru Árna Jónssonar verzlunarstjóra. Út af því var oddvita falið að tilkynna stjórnarráðinu og kæranda
<u>að</u> nefndin verði að halda fast við ákvörðun sína viðvíkjandi hinni umþrættu lóð
2/ og <u>að</u> kærandi verði með dómi að fá felt lóðarmálið úr gildi, ef hann ekki vill við það una.
1/ <u>að</u> nefndin telur þrætuna ekki eiga undir úrskurð stjórnarráðsins.

Upples. staðf.
Fundi slitið.

Tilk. hlutaðeig. s. dg.

Magnús Torfason
A. A. Kristjánsson
J. Jóakimsson
Jón P. Gunnarsson
Sig. Jónsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1907, hinn 2. aprílmán. átti byggingarnefndin fund með sér.

1\. Good-Templurum leyft að byggja skúr 3 x 3 al. við norðurenda húsi sínu afan til að áskildu samþykki þriðja manns er lóð á að.

Tek 29/4

Byggingarnefndin athugaði að gluggar þeim megin Templarahússins eiga að vera 5 álnir útgöngum frá því.

2\. Pétri M. Bjarnasyni leyft að byggja þvottahús við norðurendann á núverandi verkstæðinu. 14 1/2 al x 14 al.
Byggingarnefndin setur það getið að skúr við suðurendann, sem er 16 x 8 áln.. megi aðeins standa þar til búið byggja.

3\. Beiðnum frá trésmíðafélaginu Víkingur, snikkara R. S. Bjarnason, Kr. O. Dýrfjörð um lóð á Torfnesinu frestað fyrst um sinn að taka ákvæði nú viðvíkjandi.

Upplesið.

Magnús Torfason.

J. Jóakimsson Jón P. Gunnarsson
Sig. Jónsson H. Kristjánsson

Ár 1907, hinn 7. maímán., átti byggingarnefndin fund með sér. 250.

1\. Trésmíðafélaginu Víkingur gefinn kostur á að kaupa lóð, 2100 áln. eftir uppdrætti á Torfnesinu fyrir

Skjalasafnið Ísafirði

ofan og norðan lóð R. Á. Bjarnasonar. Leggur nefndin til að bæjarstjórnin selji hverja feralin í lóðinni fyrir 25 aura (samþ. með 3 atkv.)

2. Útmælingarbeiðni R. Á. Bjarnasonar synjað og honum tilkynnt að lóð hans á Torfnesinu sé að eins 1025 ☐ al.

3. Útmælingarbeiðni F. O. Dýrfjörð synjað.

Nefndin athugaði að gata ætti að koma til sjávar frá Seljalandsveginum niður á Torfnesið norðan við sáttanefndarhúsið. Uppl. staðf.

Magnús Torfason

Á. Kristjánsson  Sig. Jónsson  Jón Þ. Gunnarsson

J. Jóakimsson

Ár 1907, hinn 27. maím., átti byggingarnefndin fund með sér og voru allir á fundi.

1. Byggingarnefndin hafði orðið þess vör, að Á. Ásgeirssonar verzlun hafði í morgun byrjað á að gjöra mannvirki á lóð þeirri er útmæld var M. S. Árnasyni 3. júní 1897 og Á. Ásgeirssonar verzlun var seld við opinbert uppboð 10. maím. 1907, en nefndin 30. apríl f. árs lýsti yfir að fallin skyldi talin til bæjarins.

Út af þessu atriði telur nefndin einhlýtt að leggja til að bæjarstjórnin geri lagalegar ráðstafanir til að þessu áliti nefndarinnar verði hlýtt.

2. Árna Árnasyni úthlutaðar 2 dagsláttur fyrir [illegible] tún Ólafs Halldórssonar til ræktunar. Uppl.

J. Jóakimsson  Magnús Torfason

Sig. Jónsson  Jón Þ. Gunnarsson

Á. Kristjánsson

Ár 1907, hinn 10. júnímán., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema Jón P. Gunnarsson.

1. Bæjarfógeta leyft að byggja samfeldan skíðgarð milli húss síns og Jóns Andrés Jónssonar og flytja dúnaskúr þá, er var við suðurenda hús norður fyrir skíðgarðinn.

2. Nefndin athugaði uppdrátt þann, er gerður hefur verið af lóð útvefjarans M. S. Árnasyni, 3. júním. 1897 og viðurkennir hann réttan í alla staði. Af uppdrættinum sést, að viðbót Á. Ásgeirssonar verzlunar við bátvark M. S. Árnasonar er mjög hornskakkt og lýsir nefndin því yfir, að hún mundi átti eigi hafa leyft neinum manni að byggja bátvark með slíku lagi.

3. Gekk nefndin niður að svokölluðum Gestsbæ og athugaði lóð tilheyrandi honum og hafa þá, er þar standa á en á bæjarstjórnarfundi 1. þ. mán. ákvað bæjarstjórnin að taka skyldi lóð þá eða mestan hluta hennar til að breikka Sundstræti. Samkvæmt umboði var mættur fyrir hönd eiganda Grímur Jónsson cand. theol. Varð það að samkomulagi milli hans og nefndarinnar að Guðmundur Gestsson eða Á. Ásgeirssonar verzlun sem veðhafi skyldi fá greiddar 1 - eina - kr.

Skjalasafnið Ísafirði

fyrir hverja feralin í lóðinni og auk þess 150 – eitthundrað fimtíu – krónur fyrir kjall þann og kofa þá sem hann á á lóðinni. Til staðfestu þessu ritar herra Grímur Jónsson nafn sitt hér undir.

4. Leyft til að kaupa 204 álnir af Lóð Sálm Thorsteinss. til breikkunar á Pálgötu fyrir 204 Kr.

Grímur Jónsson

Upplesið.

Fundi slitið.

A Magnús Torfason

Sig. Jónsson A. A. Kristjánsson J. Jóakimsson

Ár 1907, hinn 16. júlímán. átti byggingarnefndin fund með sér.

Allir á fundi nema

1. Sigurði Guðmundssyni leyft að byggja viðbót við hús sitt samkv. útmælingu 11. aprílmán. f. á. hús í sömu átt 7.44 ál. að ofan en 5.51 ál. að neðan eð: 80 fjálnir; því fylgir ályggð lóð þ: Nalir eigi þótti ástæða til að selja lóð þessa að öllum atriðum athugaðra.
2. Neitað beiðni Sk. Einarssonar um útmælingu undir bygginguna á girtri lóð Jóns Magnússonar.
3. Leó Eyjólfssyni leyft að byggja skúr við hús sitt eftir nánari tilvísun 9 x 4 áln.
4. Frestað beiðni Jens Ólafssonar um byggingu á skúr 6½ x 3°.

Upplesið.

Fundi slitið.

J. Jóakimsson

Magnús Torfason
Jón P. Gunnarsson

Skjalasafnið Ísafirði

[Ár 1907, hinn 17. ágústm. átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema Sig. Á. Kristjánsson.

Fyrir tekið:

1. Teknar lýsnaini undir götu í Silfurgötu
   - x 34 áln. af lóð Jósefs Sigmundssonar
   - x 50 — " — Guðríðar Arnadóttur
   - x 10 — — — Á. Ásgeirssonar verzlunar (norska bakaríið)

   Lagt til að lóðin kosti 1 Kr. alinin

2. Leyft Nilasnið Jessen að byggja skúr við hús sitt 8 x 12 áln. og má hann standa þar meðan byggingarnefnd telur ekki illa á því fara. Með samþykki hlutaðeigandi lóðareiganda um að hann setji skúrinn á mörk Tangsverzlunar.

Upplesið samþ.

Fundi slitið

Magnús Torfason

Sig. Jónsson  J. Jóakimsson

Jón P. Gunnarsson

Ár 1907, hinn 28. ágústmán., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema Sig. Á. Kristjánsson.

Fyrir tekið:

1. Leyft „Viking“ að byggja skúr við hús sitt 10 x 8 áln.

Skjalasafnið Ísafirði

2. Jóni Ólafssyni leyft að byggja skúr við norður-gafl íbúðarhúss síns 6 áln. x 3 áln., er hann taki burtu kostnaðarlaust ef svo þykir henta og hafi hann engin veð fyrir lóðinni. Samþ. með 3 atkv. gegn 1.

3. Bjarna Sigurðssyni frá Borg leyft að byggja skúr við vesturhlið húss síns 11 x 10 x áln., er hann taki er svo þykir henta burtu að kostnaðarlausu.

4. P. M. Bjarnarsyni leyft að byggja íbúðarhús 26 x 12 áln. 4 áln. inn frá skúr sínum í sömu stefnu og norðurendann frá götunni.

einr. samþ.

Fundi slitið.

Magnús Torfason.

J. Jóakimsson
Jón P. Gunnarsson
Sig. Jónsson

Ár 1907, hinn 5. desbrm., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema J. Jóakimsson.

1. Bjarna Vigfússyni leyft að byggja skúr við hús sitt 4 1/2 x 3 1/2 al. Taki hann burt, er krafist verður.

2. Guðm. Bergssyni leyft að byggja skúr við hús sitt 3 3/4 4 1/2 al. og annan skúr 4 1/2 x 12 áln., er hann taki burt er krafist er.

3. Jóhannesi Jenssyni leyft að byggja skúr við hús

Skjalasafnið Ísafirði

sitt 10 x 4½ al. og taki hann burt er krafist verður.
4. Ól. Halldórssyni leyft að byggja skúr við hús sitt 6 x 2½ al. og taki burt er krafist verður.
5. Nefndin leggur til, að Sigurði Kristjánssyni verði síldargirðing milli lóðar hans og lóðar Guðríðar Árnadóttur að stærð 58 aln. fyrir 25 aura alinin. og á lóð þessari ~~að~~ leyft að byggja skúr 21 x 5 al. á lóðartakmörkunum ~~og~~ er það samþykkt ~~að útalda~~ ~~en~~ Upp.

Fundi slitið

Sig. Jónsson
Magnús Torfason
Jón P. Gunnarsson
A. A. Kristjánsson

Ár 1908, hinn 7. febrúar, átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi
Kristinn Gunnarsson hafði óskað að fá lóð útmælda þar sem pakkhúsið hans stendur við Sundstræti til þess því að byggja viðbót við pakkhúsið 12 x 14 al. Eins og málið lá fyrir, var með 4 atkv. gegn 1 synjað að taka beiðni þessa til greina.

Fundi slitið.

Magnús Torfason.
A. A. Kristjánsson
J. Jóakimsson
Sig. Jónsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1908, hinn 19. febrúar, átti byggingarnefndin fund með sjer. Allir á fundi.

1. Jóni Halldórssyni leyft að byggja hús 18 x 14 áln. á lóð sinni út að Sundstræti samhliða bátaverkinu og í stefnu við innra horn á húsi Jóhannesar Þorkelssonar. Gaflarnir verði gluggalausir og þerrim frá kjallara uppmarktir sem afgegr.

Tek 25/2

2. Magnúsi Magnússyni leyft að hækka hús sitt um eitt loft og byggja skúr við bakhliðina 3 x 3½ áln.

Tek 25/2

Upplesið.

Fundi slitið.

Magnús Torfason.

Sig. Jónsson  J. Jóakimsson

Jón Þ. Gunnarsson  A. A. Kristjánsson

Ár 1908, hinn 16. marzmán., var byggingarnefndarfundur haldinn. Allir á fundi.

1. Stefáni J. Richter leyft að byggja skúr 4 x 3 al. við hús sitt í Tangagötu með kvistþaki.

2. Ragnhildi Sigurðar leyft að byggja hús á lóð sinni við Aðalstræti í áframhaldi af húsi F. Thordarsens 18 x 14 áln. á breidd með eldvarnargöflum í báða enda.

3. Frestað byggingarbeiðni Jóns Þórólfssonar og oddvita falið að benda honum á að nákvæmar mælingar verði að leggja fyrir nefndina.

Tek 16/3

Skjalasafnið Ísafirði

4. Beiðni S. Á. Kristjánssonar um að mega byggja hjall 15×12 áln. fyrir ofan Verksmiðjuslóð sína og innan hjalls Jóns Andréss synjað með 3 samhljóða atkv.

Fundi slitið.

Magnús Torfason

S. Á. Kristjánsson  Jón P. Gunnarsson

Sig. Jónsson  J. Jóakimsson

260. fundur.

Ár 1908, hinn 2. maímán. átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema J. P. Gunnarsson.

1. ~~Fyrir tekið~~ Ályktað að kaupa hluta af lóð S. M. Sæmundsdóttur neðan götu, út að Sundstræti fyrir 1 kr. alin hverja, er hún samþykkti. Sæmund. skal hjallur á lóð þeirri, er keypt var, fluttur og girðingin sett jafnhátt aftur á kostnað bæjarsjóðs. 47/4×14

2. Jóni Guðbrandssyni og Sambjörni Kristjánssyni leyft að byggja skúr fyrir aftan hús sitt 11×4 áln. þó standi hann skúrinn burt, er byggingarnefnd ákveður að það skuli gjört. Upplesið.

Magnús Torfason

J. Jóakimsson  Sig. Jónsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1908, hinn 15. maiim. átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema J. P. Gunnarsson.

Jóakim Jóakimssyni var leyft að bæta við norðurenda húss síns út að línu úr hornstólpa á Tangshúsgirðingu og í hornið á húsi Magnúsar Kristjánssonar að Tangagötu og Fjarðarstræti; viðbótin verður c: 8 1/2 5 álnir. Ofan á hús sitt framanvert var honum leyft að byggja.

upplesið.

Magnús Torfason

J. Jóakimsson Sig. Jónsson

Ár 1908, hinn 3. júlí, átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema S. Jónsson.

J. A. Jensen var leyft að bæta við norðurenda hússins síns 8 x 8 álnum og skal nefndan byggingarnefnd við vera látin. Mælti byggingarnefndin svo að selji honum svokallaða fatakassa fyrir 1 kr. fjalin eða k.

upplesið.

(Fundi slitið)

Magnús Torfason

J. Jóakimsson Jón P. Gunnarsson

Ár 1908, hinn 6. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema S. Á. Kristjánsson.

I Lögð var fram beiðni Einars Guðmundssonar um lóð undir hús einlyft 12 x 9 ál. fyrir ofan Hlíðarveg en utan útmælingar Baldvins Jónssonar. Byggingarnefnd lagði til að honum yrði seld lóðin fyrir 25 aur. fyrir alin en frestaði að taka nánari ákvörðun um lóðina og bygginguna á henni þangað til síðar.

upplesið. 17 x 9 álnir

Fundi slitið.

Magnús Torfason.

Jón P. Gunnarsson

Sjá athugasemd

Sig. Sveinsson

Ár 1908, hinn 17. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér. Á fund vantaði S. Jónsson og S. Á. Kristjánsson.

Lögð var fram beiðni Á. Ásgeirssonar verzlunar um að byggja geymsluhús á bólverkinu í Neðstakaupstaðnum og var það veitt, húsið er 28 x 18½ al.

upplesið.

Fundi slitið

Magnús Torfason

Sjá athugasemd Jón P. Gunnarsson

Ár 1908, hinn 25. ágúst, átti byggingarnefndin fund. S. Á. Kristjánsson fjarverandi.

Hlutafélagið Víkingur lofað að byggja

tvo skúra 10 x 10 álnir, sunnan vert við hús sitt og ennfremur leyft að byggja fyrir framan lóð Jóns Fr. Jensens geymsluhús 24 x 17 áln. út í sjó og leggur byggingarnefndin til að Hlutafélaginu verði seld lóð 24 x 27 álnir undir húsið fyrir 25 aur. fráálnina.

Uppl.

Fundi slitið.

Sig. Jónsson J. Jóakimsson Magnús Torfason

Ár 1908, hinn 3. septbr., átti byggingarnefndin fund. J. P. Gunnarsson fjarverandi.

1. Leonh. Tang & Søns verzlun leyft að byggja skúr í portinu út að Fjarðarstræti frá Aðalstræti til fjöruborðs 37 x 6 [illegible] áln. þó þannig, að verði tekinn partur af portinu undir götu, fær verzlunin engar bætur fyrir skúrinn.

2. Birni Pálssyni leyft að byggja skúr aftur af húsi sínu 6 x 6 áln.

3. Arna Sveinssyni leyft að byggja skúr við fjós sitt 10½ x 4½ áln.

4. Nefndin athugaði: að Leonh. Tang & Søns verzlun hafði byggt allstórt kolabyggi við salthúsið ofan Hafnarstrætis án leyfis. Fól hún oddvita að tilkynna verzlunarstjóra, að skúrinn skuli tekinn burt síðast 31. maí næstk.

Uppl.

Skjalasafnið Ísafirði

Fundi slitið

Magnús Torfason.

Sig. Jónsson   A. A. Kristjánsson   J. Jóakimsson

Ár 1908, hinn 23. septbrm. var Leonh. Tang & Sóns verzlun mæld út lóð á Grænagarði og var hún 85+61 álnir, úr símastaur fyrir innan bræðsluhúsin í stóran stein í fjörunni og 5 fet framm fyrir hann; í efri hornunum báðum voru reknir niður stólpar. Byggð lóð reyndist 220 ☐ álnir.

Magnús Torfason.

Ár 1908, hinn 1. Októberm. kom byggingarnefndin saman á fund við hús það, er þeir bræður Vilhjálmur og Skúli Skúlasynir hafa í smíðum í Aðalstræti nedanvert við T. Thordarson. Athugaði nefndin, að eldvarnargaflar við báða enda hússins eru of veikir, og gerði nefndin ráðstafanir til styrktar þeim, til þess að húseigendum eða nágrönnum stafi engin hætta af þeim. En sökum þess að húsið er offstórt á grunninum, var ekki unnt að gera gaflana nægilega þykka nema með því að steypa þá að nokkru inn í viðina, <u>en utan viða eru þeir of þunnir</u>.

II Jóni Þórálfssyni leyft að byggja bátaskúr 10×17 álnir við hús sitt og standi það meðan byggingarnefnd vill vera láta.

Magnús Torfason

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1908, hinn 14. októberm. kom byggingarnefndin saman á fund og lá
I fyrir fundinum beiðni frá Jóni Sn. Árnasyni skipasmið og timbursala um leyfi
til að mega breyta og stækka timburskúr þann, er hann nú hefir (án opinbers leyfis?)
í norðurhorni bletts Þorv. læknis Jónssonar við Bankagötu ~~Bankagötu~~ ~~Spítalagötu~~, þannig að
skúrinn verði 12 álna breiður með gaflinn út að Bankagötu, og 36 álna langur
inn á blettinn. Byggingarnefndin gefur fyrir sitt leyti leyfi til byggingar
þessa skúrs sem bráðabirgðabyggingar, þannig að skúrinn verði rifinn eða
fluttur burt, þegar bæjarstjórn krefst, og að gaflinn sá er veit að Banka-
götu verði sjálegur útlits. Leyfi þetta er að sjálfsögðu bundið fullu sam-
þykki lóðareiganda og ber beiðandi fulla ábyrgð á því.

M. Magnússon
(settur)
S. Á. Kristjánsson
Jón P. Gunnarsson
J. Þ. Matthíasson

Ár 1908, hinn 26. okt., átti byggingarnefndin fund með
sér. Mættir voru auk oddvita S. Á. Kristjánsson og
Jón P. Gunnarsson.
I. Lögð var fram beiðni Sigurðar Jónssonar kaupm.
um lóð þá er Guðm. Þorbjörnsson átti og sem er
39 x 17½ ál. til að byggja þar hús 14 x 12 áln. Samþ.
að leggja til við bæjarstjórn með 2 atkv. gegn 1 að
honum verði seld lóð þessi fyrir 30 au. □ alin.

Magnús Torfason
Jón P. Gunnarsson
S. Á. Kristjánsson

Skjalasafnið Ísafirði

I Ár 1909, hinn 2. marzm., útvísaði byggingarnefndin Soffíu Jóhannesdóttur og Ásgeir Jóhannessyni byggingarstæði fyrir hús á ~~þeirra~~ lóð ~~suðurenda~~ frøken Soffíu 12 x 16 áln. á Templaragötu.

Magnús Torfason

Jón Þ. Gunnarsson

Sig. Jónsson S. A. Kristjánsson

I Ár 1909, hinn 9. marzm., útvísaði byggingarnefnd Katli Magnússyni skósmið byggingarstæði á lóð hans við Sundgötu 10½ x 12 áln. við norðurenda húss hans og með útnorðurgafl að lóð Ormu Benediktssonar og skal framhlið hússins, sem er tvær hæðir, snúa út að hinni fyrirhuguðu götu fram hjá gafli á húsi Árna Sveinssonar og ~~Finnb~~ húsi Finnbjörnar Hermannssonar eftir því er nánar verður til vísað.

Magnús Torfason

Jón Þ. Gunnarsson

J. Jóakimsson

270. fundur.

Ár 1909, hinn 6. apríl, átti byggingarnefndin fund með sér. S. A. Kristjánsson eigi mættur.

I Nefndin samþykkti að leyfa Jóni Ebenezersyni að bæta við hús sitt norðar á við að lóðar

Skjalasafnið Ísafirði

mörkum hvorutt né Eldvarnargafli í alveg
sömu mynd og hús hans nú. Viðbótin er 11 x 9½.

Fundi slitið.

Magnús Torfason
Jón Þ. Gunnarsson
J. Jóakimsson
Sig. Jónsson

Ár 1909, hinn 7. apríl, átti byggingarnefndin fund með sér. S. Á. Kristjánsson eigi mættur.

1. Rætt um Tangstún.

Nefndin lítur svo á, að með því tún það, sem verið hefir í eignarhaldi verzlunar Leonh. Tang & Søns, hefir eigi verið notað til þess, er 3. gr. opins bréfs 26. jan. 1866 gjörir ráð fyrir en heldur til atvinnureksturs verzluninnar sem slíkrar, hafi hún misst rétt sinn til að halda því. Með skírskotun til þess að bænum þarfi á túninu að halda í sínar þarfir, ákveður nefndin því að túnið skuli frá því í dag fallið til bæjarins aftur, þó þannig að verzlunin haldi: spildu næst búðarhúsinu, er takmarkast af línu, dreginni frá Aðalstræti 227 fet norður frá barnaskólanum, sem síðan Von-arstræti, 170 fet suður eftir línunni. Þaðan

sé sú fell lína, með réttu horni, á Fjarðarstræti,
eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti.
Með því verzlunin hefir engin afnot haft af henni
yfirstandandi ár, leggur nefndin til að henni
verði endurgoldinn greiddur grunnskattur
fyrir 1909, og ennfremur, náist samkomulag
eigi, andvirði girðinga eftir mati óvilhallra
manna.
Sakir þess að hér er um lóðartöku að ræða, er
hefir fjárútlát í för með sér felur nefndin
formanni að skjóta máli þessu undir atkvæði
bæjarstjórnar.

2. Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin kaupi af
Guðmundi Þorsteinssyni svokallaða frönsku
búð, er bannað hefir verið íbúð í, og láti
rífa hana, með því breikka þarf Fjarðarstræti.
Uppl. staðf.

Fundi slitið.

Magnús Torfason
J. Jóakimsson Jón P. Gunnarsson
Sig. Jónsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1909, hinn 15. apríl, átti byggingarnefnd-
in fund með sjer

1. Jóni A. Jónssyni leyft að byggja fjós 10 × 5 álnir efst í vesturhorni erfðafestu landsins síns og stefni það jafnhliða veginum

2. Þorsteini Guðmundssyni klæðskera leyft að byggja steinhús 19 × 15 álnir á lóð þeirri er hann hefur keypt af Jóhannesi Pjeturssyni þannig að framhliðin sje með Brunngötu og suðurendi hússins sje 10 álnir frá brennihúsi Á. Ásgeirssonar verzlunar. Jafnframt afsalar Þorsteinn sjer lóðar til bæjarins lóðarparti þeim sem honum tilheyrir og sem verður fyrir sunnan hús hans.

Fundi slitið

Magnús Torfason

Sig. Jónsson

Jón Þ. Gunnarsson

J. Jóakimsson

samþykkur Þorsteinn Guðmundsson

Ár 1909, hinn 16. apríl, voru staddir ásamt bæjarfógeta á Tangatúni byggingarnefndarmennirnir Jón P. Gunnarsson og Jóakim Jóakimsson og var þar mælt af túninu sá hluti þess er byggingarnefndin 7. þ. mán. ákvað að taka og reknir niður hælar í hornmarkinu en gjörð merki á girðingunni bæjar megin húsanna á túninu.

Magnús Torfason.

Jón P. Gunnarsson

J. Jóakimsson

I 17 apríl 1909 D. Sch. Thorsteinsson leyft að byggja anddyri við hús sitt 4 x 3½ al.

II Hinn 15 maím. var Árna Árnasyni leyft að byggja smiðhús úr þögsku við(?) 25 x 20 álnir með 7 álna vegghæð og 3 álna risi (samkv. teikningu og sé skáð hornskakki í útnorðurendanum eins og byggingaráætlun sýnir. ~~Leyft~~ þyki byggingarnefnd þarf. Skal settur eldvarnargafl og eldvarnarhlíf á suðvesturgafls hlið.
Lagt til að undir sé sett 60 aura á fsalin.

Magnús Torfason. J. Jóakimsson

Sig. Jónsson Jón P. Gunnarsson

Hinn 23. maím. átti byggingarnefnd

Sv. 7/5 fund. Með skýrskotun til samþykktar nefndarinnar 3. septbr. f. árs neitaði nefndin Leonh. Tang & Sons verzlun að byggja skúr ofan við salthús hennar við Hafnarstræti.

Magnús Torfason

Jóh. Þorsteinsson Jón P. Gunnarsson

Ár 1909, hinn 30 júlím., átti byggingarnefnd-in fund. Fyrir tekið:

1. Kaupmanni Birni Guðmundssyni leyft að bæta 4½ x 4 áln. við hús sitt.
2. H/F. Víking leyft að byggja geymsluhús á Torfnesinu 11 x 20 áln. er standi þar meðan byggingarnefnd gott þykir og sé leigan venju-legt lóðargjald.
3. Kr. J. Jóhannssyni neitað að byggja geymsluhús innanvert við Krókslækinn.
4. Valdimar Haraldssyni leyft að byggja skúr við norðurenda húss síns 9 x 4½ al. og sé eins gengið frá honum og húsinu og sé lagt í alla staði. Ennfremur taki hann skúrinn burt, er byggingarnefnd virðist svo. Ennfremur taki hann burt 3 smáskúra við húsið.
5. Samþykkt að leggja til að bæjarstjórn kaupi

Skjalasafnið Ísafirði

lóðarspildu fyrir framan hús Árna Sveinssonar á 1 kr. feralin. 61 □ al.

6. J. A. Jónssyni leyft að byggja hlöðu við fjós á erfðafestulandi sínu 18 × 7 álnir.

7. Nefndin hafði athugað, að Á. Ásgeirssonar verzlun hafði byggt skíðgarð fyrir ofan bátakvína. Samkvæmt mælingu 19. októbr. 1866, sem gjörð er „eftir ósk hlutaðeigenda" var lengd lóðarinnar 91½ al. „frá því 6 al. fyrir utan ytri kráfvegg" fyrir neðan Strandgötu en breidd hennt fram í sjó 57½ al. Af þessu hefur síðan verið tekið fyrir „lendingu" og er lóð kvíarinnar talin að vera 4085 áln. enda hefur grunnskattur verið tekinn af þeirri stærð. Samkvæmt þessu á lengd kvíarlóðarinnar að vera $\frac{4085}{57\frac{1}{2}}$ eða 71 1/23 al. og hefur þá verzlunin girt of langt um 12,3 fet inn á við en nokkru of skammt út á við. Telur því nefndin adkvita að skora á verzlunina að stytta girðinguna að innanverðu um grind 12,3 fet samkvæmt því er mælt hefur verið og markað á girðinguna.

Í útmælingunni standa þessi orð „þó svo þeir skyldir til ef nauðsyn krefur að afstanda

Skjalasafnið Ísafirði

svo mikið sem hægt er og sanngjarnt virðist.
Með því á þessum stað er eina lendingin við Sundin,
er kaupstaðarbúar geta ~~leyft~~ bátum sínum í, álítur
byggingarnefndin sér alls rétt í þessu efni.

8. Oddviti lagði fyrir byggingarnefndina kæru verzl-
unarstjóra Leonh. Tangs & Söns verzlunar yfir
synjun á leyfi skúrbyggingar 23. maím. síðastl.
og lét nefndin uppi þannig lagað álit sitt:
Fyrir rúmum tveim árum lét þáverandi verzlunar-
stjóri Jón Laxdal í leyfisleysi hrófa upp þak-
lausu skýli í kringum kol að baki salthúss
áðurnefndrar verzlunar ofan Hafnarstrætis,
á þann hátt að reknir voru staurar í jörð niður
og innan á þá reknum óunnum borðviðar og
skúrað borðin og mjög óhrjálega frá gengið. Átti
þetta að vera aðeins til bráðabyrgða, að því er
borið var fyrir en svo varð þó eigi, því áður
en varði var sett þak yfir byrgið. Sumarið
1907 var gjört talsvert til að prýða bæinn
fyrir heimsókn konungs vors og var þá
verzlunarstjóranum af oddvita skipað
að taka það burt en hann færðist undan
og vann það til að tjalda það alt dúkum,
svo því yrði eigi breytt. Leið svo og beið, að

skýlið var eigi tekið niður og með því ýmsir
borgarar bæjarins höfðu orð á því, hve mikil
óprýði væri að því, ákvað byggingarnefnd
3. septbrm. f. árs, að skýlið skyldi tekið niður
fyrir lok maímánaðar þ. árs og ætlaðist til
að verzlunin þá sér án borga hefði rýmt það.

Þetta gjörði verzlunin og hafði í maímánuði
rifið skarsúðina af staurunum, svo eftir stóðu
þeir einir með þakinu hangandi á. Hinn
21. maím. bað svo verzlunarstjórinn um leyfi
til að byggja skúrinn upp aftur en því neitaði
byggingarnefndin 23. þ. mán., sökum þess að
henni fannst vera mjög mikil óprýði að skúr
á þessum stað, rétt við Hafnarstræti, einni
af aðalgötum bæjarins og blasandi við ann-
ari aðal götu bæjarins, Aðalstræti, beint á móti
barnaskólanum og alls ekki frá miðdepli
bæjarins, kaupmannatorginu, eða svokall-
aða Silfurtorgi. Enn síður fannst nefnd-
inni ástæða til að bæta þessu ærli við á
þessum stað, þar sem verzlunin neðan götunnar
á gamlan bræðsluskúr með portmynd,
afarfornfálegt og til stórrar óprýði og

Skjalasafnið Ísafirði

leiðinda.
Nefndin neitar því eigi að bæjarbúum hafi verið
leyft að byggja skúra við hús sín, og það oft og tíðum
til lýta fyrir bæinn en hins vegar eru mörg dæmi
þess, að mönnum hefur verið neitað um slíkar
skúrbyggingar, einkum nú síðustu árin. Í því
sambandi má og geta þess, að nefndinni fannst
full ástæða til og enda sjálfsagt að gjöra frek-
ari kröfu til sterkríkra verzlana við Aðal-
götu bæjarins en fátækra einstaklinga í
útjöðrum hans og þá sérstaklega til þessarar
verzlunar, sem eigi hefur byggt neinn kofa
í tíð núverandi eiganda, að skammlaust
megi heita fyrir útlit bæjarins.
Af framangreindu má sjá, að verzlunin hefur
byggt nefnt skýli þvert ofan í ákvæði opins
bréfs 26. jan. 1866 og 4. gr. laga 20. október
1905 og þegar þar við bætist, að verzlunin
þrátt fyrir bann byggingarnefndar hefur
nú þegar byggt nefndan skúr (18½ al × 23 áln.),
sem og áður byggt hafskipabryggju verzlun-
arinnar án nokkurs leyfis, virðist byggingar-
nefndinni með hér um ræddri kæru verzl-
unin hafa sýnt svo mikla frekju og svo

Skjalasafnið Ísafirði

mikla fyrirlitningu fyrir lögum og rétti, beint ofan í vægð þá og tilláts semi, er byggingarnefnd án skyldu sinnar hafði sýnt, að rétt sé að láta ~~[illegible]~~ eigi haldast slíkt uppi bótalaust, enda sé eigi hvað þýðingu byggingarnefnd á að hafa fyrir þennan bæ ef annað eins á fram að ganga. Samþ. í einu hljóði.

Upplesið.

Fundi slitið.

Magnús Torfason

Sig. Jónsson

Jón Þ. [illegible]

J. Jóakimsson

Ár 1909, hinn 6. apríl, var byggingarnefndarfundur haldinn.

1. Oddviti lagði fyrir nefndina bréf verzlunarstjóra Árna Jónssonar um lóð skipakróarinnar, dags. 3. þ. mán., með 2 fylgiskjölum. Nefndin athugaði skjöl þessi vandlega en með því dóms-útdráttur sá 7. Janúar 1859, er verzlunin ber fyrir sig, að eins nefnir stærð „skipakrófsins“ en eigi lóðar þeirrar er því tilheyrir – að öðru leyti ákveður hann ekkert um stærð

Skjalasafnið Ísafirði

lóðarinnar- og útdráttur úr heim-
ildarskjali 10. jan. 1860 ákveður eigi
breidd lóðarinnar gjör en svo að
hún nái svo langt fram „sem stór-
straumsfjara nær", gat hún eigi
sjeð, að skjöl þessi að neinu leyti
geti haggað við útmælingunni 19.
október 1866, sem er hið síðasta skjal
þessari lóð viðvíkjandi og bæði nákvæm-
ar og greinilegra en áðurnefnd
skjöl. Nefndin verður því að halda
sjer að öllu leyti til ákvörðunar
sinnar 30. f. mán. Hafi nefndin
eigi fengið játandi svar hjer uppá,
innan loka þessa mánaðar, eða á-
kvörðun hennar 30. f. mán. fullnægt
eða henni áfrýjuð mun hún sjálf
sjá um framkvæmd hennar.

2. Beiðni Björns kaupm. Guðmundssonar
um leyfi til að byggja skúr 6+12 al.
afanvert við fiskhús sitt við Sundstræti)
var samþykkt, að áskyldu lafi þurr, er lóðeiga að,
en taka verður hann skúrinn þegar byggingar-

nefnd þykir svo betur fara.

Fundi slitið.

Magnús Torfason

Jón Þ. Gunnarsson

Sig. Jónsson.

Á. Á. Kristjánsson

Ár 1909, hinn 4. septbr., var haldinn byggingarnefndar-fundur.

1. Karitas Hafliðadóttur leyft að framlengja skúr sjáfarmegin við húsið 6 x 5 álnir.

2. Verzluninni Edinborg leyft að byggja ofan á ytri enda fiskhúss við Sundstræti 12 x 9 álnir. Samkvæmt teikningu er lögð var fyrir byggingarnefnd með þeim breytingum, er þar voru á gjörðar.

3. Byggingarnefnd athugaði, að Ragnhildur Sigurðardóttir hafði látið umgirða lóð Kristjáns sál. ~~Hall~~ Hallgrímssonar við Smiðjustíg og sett girðinguna 1.2 þumlungum of langt fram í götuna í ytri endann og 20 þumlungum of langt fram í götuna við innri endann. Ákvað byggingarnefndin með öllum atkvæðum að girðing þess skuli færð inn sem að framan segir fyrir 15. þ. mán. en að ef því þessu eigi hlýtt þá er hún skyldug að láta gjöra það á kostnað eigendanna.

Fundi slitið.

Sig. Jónsson

Magnús Torfason

Á. Á. Kristjánsson

Jóh. Þorsteinsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1909, hinn 29. September, var haldinn byggingarnefndarfundur á skrifstofunni.
Allir á fundi.
Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Oddviti lagði fram úrskurð Stjórnarráðsins dags. 14. September þ.á. er staðfestir úrskurð byggingarnefndarinnar 23. ~~Septemb~~ maí þ.á. um að verzlun Leonh. Tang & Söns ~~verzlun~~ ekki megi byggja skúr bakvið salthús verzlunarinnar við Hafnarstræti.
Jafnframt því að tilkynna verzlunarstjóra O. F. Davíðssyni þennan úrskurð, fól byggingarnefndin oddvita að skýra honum frá, að ef verzlunin hefði 9. næsta mánaðar greitt í bæjarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar 25 – tuttugu og fimm – krónur skyldi ábyrgð frekari út af broti gegn 4 gr. op. br. 26. janúar 1866, falla niður og skúrinn fá að standa til næstu áramóta, en verði þessari ákvörðun byggingarnefndarinnar eigi hlýtt, felur hún oddvita að höfða lögreglumál út af áðurnefndu broti og sjá um að skúrinn verði tafarlaust rifinn niður.

Skjalasafnið Ísafirði

2. Beiðni Árna kaupm. Sveinssonar um að mega byggja kofa við austurhlið fjóss og hlöðu Friðbergs Stefánssonar. Eptir atvikum sá byggingarnefndin sjer eigi fært að sinna þessari beiðni.

3. Nefndin athugaði að rekkur hefðu verið niður 2 stólpar í miðja Brunngötu milli Á. Ásgeirssonar brauðgerðarhúss og húss J. Sek. Thorsteinsen og fól oddvita að sjá um að stólpar þessir verði teknir burtu. Fleira eigi gjört
Fundi slitið

Magnús Torfason
Jóh. Þorsteinsson
J. Jóakimsson
Jón P. Gunnarsson
Sig. Jónsson

Ár 1909, hinn 2. nóv. var haldinn byggingarnefndarfundur.

1. Helga Elíassyni neitað að byggja geymsluskúr á lóð sinni ofan Hnífsdalsvegi.

2. Árna Sveinssyni leyft að byggja hús 8×6 aln. á lóð sinni að hlíðabakki við Silfurgötu en taki undir hann það burt ef byggingarnefnd skipar svo fyrir.

Fundi slitið.

Jóh. Þorsteinsson
J. Jóakimsson
Sig. Jónsson
Magnús Torfason
Jón P. Gunnarsson

Skjalasafnið Ísafirði

28. fundur.

X/153

Ár 1909, hinn 16. Nóvembermán. var haldinn byggingarnefndarfundur. Fyrir tekið:

1. Beiðni Kaupm. Eðv. Ásmundssonar um að fá leyfi til að byggja 16+12 al. steinsteypuhús á lóð sinni meðfram „Pólgötu“ og norðan af Fangahúsportinu. Þetta var honum leyft og á húsið að vera tvílyft með kjallara undir, og standa í línu með Fangahúsinu. Eldvarnargaflar skulu vera á húsinu + skúr 4+5 álnir.

2. Beiðni frá bæjargjaldk. Helga Sveinssyni fyrir hönd útgjörðar „Freyju“ og „Huldu“ um að fá útmælt undir 4 búðarstæði á Eyrartúni. – Nefndin samþykkir að útgerðinni sé leyft að byggja hús með sperrureisi 12+24 ál. á neðstu útmælingarsvæðinu fyrir sjóbúðir með ~~sömu~~ þeim skilyrðum sem bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum 24. Sept. 1907, að því er leigu og notkun snertir, en leggur til að bæjarstjórnin framlengi leigutímann til ársloka 1930.

sbr. byggingar bls. 36

Fleira eigi gjört
Fundi slitið

Magnús Torfason
Joh. Þorsteinsson
Jón P. Gunnarsson
J. Jóakimsson
Sig. Jónsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1910 hinn 15 Januar var byggingarnefndarfundur haldinn. Fyrir tekið:
Beiðni bæjarfulltrúa Árna Gíslasonar um að fá útmælt búðarlóð á Eyrartúni. Samþykkt var að leyfa honum að byggja sjóbúð 12+6 al. móts fyrir ofan sjóbúð útgjörðar. Bygging haldin [?] með þeim sömu skilmálum og þeim var leyfts að byggja.

Fundi slitið.

Jóh. Þorsteinsson

Magnús Torfason

Jón P. Gunnarsson

Sig. Jónsson

Ár 1910 hinn 24. jan. var haldinn byggingarnefndarfundur. Fyrir tekið:
K. J. Jóhannesson [?] neitað um að fá útmældar 30+12 áln. undir sjóbúð á Eyrartúni en formanni falið að tilkynna honum að hann geti fengið útmælt á Hæðarstaði [?] 12×6 áln.

Fundi slitið.

Magnús Torfason

Jón P. Gunnarsson

J. Jóakimsson

Sig. Jónsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1910, hinn 18. apríl, var haldinn byggingarnefndarfundur. Fyrir tekið:

1. Beiðni Magnúsar Magnússonar um að mega afgirða suðurhluta lóðar sinnar út að Hafnarstræti og breikka bátaverkið fyrir neðan lóð sína niður að Pollinum. Var þetta leyft og lagt til að lóðin væri seld á 25 aura feralin. Lóðin reyndist 1110 álir.
2. Beiðni um að tröppur við suðurenda í húsi Einars Bjarnasonar megi breikka. Leyfði nefndin að breikka neðstu tröppurnar út í Pólgötu um 2 fet, en alls eigi neðstu þar né lengra út í Hafnarstræti en nú eru þær.

Fundi slitið.

Magnús Torfason.

Jóh. Þorsteinsson

J. Jóakimsson

Sig. Jónsson

Ár 1910, hinn 1. júlímán. var byggingarnefndarfundur haldinn. Fyrir tekið:

1. Beiðni Jóakims Jóakimssonar um leyfi til að byggja við hús sitt 8 al. að sunnanverðu í sama formi og var honum leyft það. (8×8½)
2. Nefndin hafði orðið þess áskynja, að Árni Sveinsson hafði hús til grunna á lóð sinni við Silfurgötu. Sem

Skjalasafnið Ísafirði

reyndist að vera c. 6+8 al. — Þar sem þetta hefir verið gert í algerðu óleyfi byggingarnefndar, áskilur nefndin aðilvita að sækja viðkomandi til sekta fyrir tiltækið. Fleira ekki gjört

Fundi slitið

Jóh. Þorsteinsson Magnús Torfason

Sig. Jónsson Jón Þ. Gunnarsson

Ár 1910 7. júlí átti byggingarnefndin fund með sér.

1. Birni kaupmanni Guðmundssyni leyft að byggja 4 álna háa ~~girð~~ girðingu í kring um lóð sína og ennfremur leggur nefndin til að honum verði seldar 2 x 10 áln. út á lóð Björns Pálssonar fyrir 1 kr. al. og verði það innan girðingar. Girðingin skal gerð eins og byggingarnefnd mælir fyrir um og samkv. tilvísun hennar.

2. Sama manni leyft að girða lóð sína í kring um íbúðarhús hans í Smiðjugötu samkv. tilvísun byggingarnefndar og fái hann 1 kr. fyrir hverja álnina, er girðingin kann að færast inn um. Fleira ekki

Skjalasafnið Ísafirði

fyrir tekið. Fundi slitið.

Magnús Torfason

Jóh. Þorsteinsson J. Jóakimsson

Jón P. Gunnarsson Sig. Jónsson

Ár 1910, hinn 27. júlí átti byggingarnefndin fund með sér. Aðrir á fundi nema Jóh. Þorsteinsson

1. Magnúsi Jónssyni neitað um að innrétta fjós á lóð bæjarins og umsvernar um að byggja hús á erfðafestu-landi hans niður við Hlíðarveg.
2. Leó Eyjólfssyni leyft að byggja heyhlöðu með steinsteypuveggjum og eldvarnargafli á sjávarlóðinni 5 x 12½ alin.
3. Nefndin athugaði að verzlun Á. Ásgeirssonar hafði innréttað geymslupláss fyrir olíu í hólk þeim, er hún fyrir löngu leyfislaust hafði sett upp ~~skamt fyrir neðan Mjósundin.~~ á lóð bæjarins. Nefndin gat ekki fundið neitt athugavert við að hólkurinn ~~stæði~~ þar sem nú er hann fyrst um sinn gegn hæfilegu lóðargjaldi, er hún fyrir sitt leyti lagði til að yrði ákveðið 5 kr. á ári. Var formanni falið, áður frekara yrði aðgjört, að spyrjast fyrir um hvort verzlunin vildi ganga að þessu ~~skilyrðum~~

Fundi slitið.

Sig. Jónsson Magnús Torfason

Jón P. Gunnarsson

J. Jóakimsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1910, hinn 10. ágústm., var haldinn byggingarnefndarfundur.

Samkvæmt beiðni frá Sigurjóni Jónssyni kennara var honum leyft að byggja hús sitt við Hafnarstræti um 7 áln. upp að Póstgötu í sömu fjarlægð og nú er það. Húsið er 13 áln. á breidd.

Fundi slitið.

f. Magnús Torfason

Hjálmarsson   Jón Þ. Gunnarsson

Sig. Jónsson

Ár 1910, hinn 27. ágústmán., var haldinn byggingarnefndarfundur. Fyrir tekið.

1. Stefáni Jónssyni leyft að byggja geymsluhús 4+5 al. í garði sínum Norð-austur horni hans að áskildu leyfi næstu lóðareiganda og taki hann það í burt þegar byggingarnefnd ákveður.
2. Á. Ásgeirssonar verzlun leyft að byggja smiðahús 15+11 al. með sperruþaki samanvert við smiðjuna fyrir neðan íbúðarhúsið í Neðstakaupstaðnum.
3. Út af beiðni Leonh. Tang & Søns verzl. um að byggja fiskþurkunarhús neðan Hafnarstrætis og ofan

Skjalasafnið Ísafirði

byggingunnar fál nefndin oddvita sínum að tjá forstjóra verzlunarinnar að hún gæti ekki átt svo staðið neitt hið umbeðna enda lá eingin teikning fyrir af húsinu.

Fundi slitið.

Jóh. Þorsteinsson Magnús Torfason
Sig. Jónsson Jón P. Gunnarsson
J. Jóakimsson

Ár 1910, hinn 30. ágústm., átti byggingarnefndin fund með sér. Allir á fundi nema Sigurður Jónsson. ~~Fyrir tekið~~:
Nefndinni hafði borist teikning af hinu fyrirhugaða fiskþurkunarhúsi Leonh. Tang & Söns verzlunar. Ákvað nefndin að leyfa verzluninni að byggja tvílaftað fiskþurkunarhús fyrir neðan Hafnarstræti en afan bygginguna í línu sem dregin er frá norðausturhorni á porti Magnúsar Magnússonar og í fiskihús verzlunarinnar neðan byggingarinnar, 4 álnir frá efra horni þess. Sé húsið bygt samkvæmt teikningunni með samilegum grunni og líti vel út í alla staði og sendi ~~málið~~ eins

Skjalasafnið Ísafirði

er báið hefir til tíkningu
af Jóak. Jóakimssyni
fljótt og vent er J. P. Gunnarssyni falið að vera viðstaddur útmælinguna og sjá um að hún sé rétt. samþ.

Magnús Torfason

Jón P. Gunnarsson   Jóh. Þorsteinsson   J. Jóakimsson

290. fundur.

Ár 1910, hinn 2. September var byggingarnefndarfundur haldinn. Allir á fundi nema Sigurður Jónsson. Fyrir tekið:

I Beiðni bæjarfulltrúa Árna Gíslasonar um að byggja ofaná skúrinn við norðurenda húss hans og var honum leyft það með því skilyrði að hann gjeti afsalað af hendi gegn 300 kr. endurgjaldi ef „Fjarðarstræti“ yrði ákveðið svo breitt að bygging þessi komi í bága þar við. Upps. samþ.

Fundi slitið.

Magnús Torfason

J. Jóakimsson
Jóh. Þorsteinsson   Jón P. Gunnarsson

Ár 1910, hinn 5. September var byggingarnefndarfundur haldinn. Allir á fundi. Fyrir tekið:

1. Birni kaupmanni Guðmundssyni leyft að byggja skúr 5x12 al. inn í porti sínu við „Tangagötu“. Ennfremur leggur byggingarnefndin til að lóðasjóður kaupi af honum lóðarræmu að stærð 36 □al. fyrir 1kr. feral.
2. Þorsteini Guðmundssyni klæðskera leyft að byggja tröppur sínar við norðurenda húss hans í sama formi og þær nú eru að austurhorni hússins, 6x2½ ála.

3.

Upples. samþ.

Magnús Torfason

Sig. Jónsson J. Jóakimsson

Jón P. Gunnarsson Jóh. Þorsteinsson

Ár 1910 hinn 27. September var byggingarnefndarfundur haldinn. Allir á fundi.

Fyrir tekið:

1. Erindi frá Helga Ketilssyni um að byggingarnefnd hlutist til um að skúr Þorbjörns skósmiðs Tómassonar og geymsluhús Jóns Tómassonar verði flutt burtu sökum þess að það gerði aðfenni að húsi hans. – Útaf þessu samþ. byggingarnefndin að fela oddvita að tilkynna við hon

endum að flytja þessa kofa burtu fyrir lok næsta mánaðar að viðlagðri ábyrgð.

2. Maríasi verzlunarmanni Guðmundssyni leyft að setja skúr 3×6 al. á lóð sinni í sumar við hjall Guðm. Guðmundssonar frá Lebóli að því áskyldu að hún verði flutt eða niður tekin þegar byggingarnefnd krefst.

3. Hinn 2. nóvember f. ár hafði byggingarnefnd leyft kaupm. Árna Sveinssyni að byggja hús 8×6 al á lóð sinni við Silfurgötu á húsabakki að því áskyldu að það væri tekið burt þegar byggingarnefnd skipaði svo fyrir, en hús þetta hafði hann áður reyst í óleyfi; þegar kom fram á sumar varð byggingarnefnd þess áskynja að sami maður hafði á sömu lóð milli húss hans og bökunarhúss A. Ásgeirssonar steypt grunn 6×8 al. út að Silfurgötu og ákvað nefndin á fundinum að koma fram ábyrgð á hendur honum út af þessu tiltæki og sama dag var hann sektaður í lögreglurjetti um

Skjalasafnið Ísafirði

10 krónur. — Síðan hefur Árni Sveinsson án alls leyfis flutt á nefndan grunn hús það er honum 2. nóvember hafði verið leyft að setja að húsabaki. — Með því hús þetta stendur fast við lóð og girðing Á. Ásgeirssonar, engan eldvarnargafl eða eldvarnarveggur þar í milli og eigi nærri 10 al. að bökunarhúsi Á. Ásgeirssonar, þá ákveður byggingarnefndin, með sjerstöku tilliti til þess að eldstó er í þessu umrædda húsi Árna Sveinssonar, að það skuli verða rifið niður og grunnurinn jafnaður með jörðu hafi húseigandinn eigi gjört það innan 9. næstamánaðar eða flutt húsið á þann stað er byggingarnefnd samþykkti.

Fleira eigi gjört
Fundi slitið

Joh. Þorsteinsson — Magnús Torfason.
J. Jóakimsson — Sig. Jónsson
Jón Þ. Gunnarsson

Rjett tilkynnt 28/9

Skjalasafnið Ísafirði

Ár 1910. hinn 16. Októbermán. var byggingarnefndarfundur haldinn. Allir á fundi nema J. Jóakimsson. Fyrir tekið:

I Bréf Árna kaupm. Sveinssonar dags. 6. október þ.á. var lagt fram svohlj: 4
Með því að bréf þetta ekki felur neitt það í sjer er gefi ástæðu til að breyta ákvörðun nefndarinnar frá 27. f. mán. fól hún Oddvita að tilkynna brjefritaranum að hún hjeldi fast við ~~fyrri~~ nefndarákvörðun sína.
Nefndin hafði bent við að ef brjefritarinn hefði verið óánægður með ákvörðun hennar mundi hann fyrir þann 9. þ.m. hafa áfrýjað því til bæjarstjórnar og vill því eptir atvikum gefa honum frest til slíkrar áfrýunar til 18. þ. mánaðar um hádegi.

Fleira eigi gjört
Fundi slitið.

Jóh. Þorsteinsson Magnús Torfason. —
Sig. Jónsson Jón P. Gunnarsson

Ár 1910, hinn 26. oktober, var byggingarnefndarfundur haldinn. Fyrir tekið

Skjalasafnið Ísafirði

1. Þorbirni Tómássyni leyft að setja skúr fram, er um ræðir í úrskurði byggingarnefndar 27. f. mán. bak við nr. 9 í Silfurgötu eftir nánari tilvísun Jóns P. Gunnarssonar og Jóak. Jóakimssonar en taki síðar hann burt skúrinn, er byggingarnefnd heimtar.

Fundi slitið.

Magnús Torfason

J. Jóakimsson Jón P. Gunnarsson

Ár 1910, hinn 16. nóvember var byggingarnefndarfundur haldinn. Fyrir tekið

1. Sigurbjörn Kristjánsson hafði kvartað undan því að sett hefði verið smiðja í skúrskoti áfasta við smíðaverkstæði Kristjáns Bergssonar, en það sje ekki 6 al. frá lóð sinni. Með því byggingarnefndin hefur aldrei veitt leyfi til að byggja þetta skot ákvarðaði hún að skot þetta skyldi rifið niður fyrir 20. þ. m.

2. Athugað var að Þorbjörn Tómasson hafði sett skúr sinn niður á lóð Guðríðar kaupkonu Arnadóttur við Silfurgötu ólöglega. Byggingarnefndin ákvarðaði að hann skyldi hafa flutt skúrinn burt fyrir 27. þ. m.

Skjalasafnið Ísafirði

3. Ennfremur athugaði nefndin að Árni Sveinsson kaupm. hafði enn eigi rifið kofa þann er honum hafði verið gert að rífa fyrir lok f. m. og var Jóni Þ. Gunnarssyni falið að sjá um að nefndu ákvæði byggingarnefndar, er bæjarstjórn hafði lagt samþykki sitt á, verði framfylgt án frekari dráttar.

4. Beiðni frá verksmiðjueiganda P. M. Bjarnarson um að fá að byggja skúr 5+6 al. sunnan af verksmiðju hans. Með því að nefndin þurfti að fá nánari upplýsingar þessu viðvíkjandi var samþ. að fresta ákvörðun í því.

Magnús Torfason

Jóh. Þorsteinsson J. Jóakimsson

Sig. Jónsson Jón Þ. Gunnarsson

Ár 1910, hinn 13. nóvbr., var byggingarnefndarfundur haldinn. Fyrir tekið:

I. Beiðni frá Pétri M. Bjarnarsyni um að fá lóð undir bræðsluskúr fyrir utan lóð hans við Eyrarhlíð. Samþykkt að láta hann fá 10 álna langa spildu og 18 áln. upp [illegible], sé byggt 2 áln. fyrir ofan neðri hlið verksmiðjunnar.

~~Speldag … honum leyft að byggja þar skúr … liðinu~~. Verð á lóðinni sé 25 a. fyrir feralin.

Magnús Torfason

Sig. Jónsson  Jón P. Gunnarsson  J. Jóakimsson

Ár 1911, hinn 28. Marzmán. var byggingarnefndarfundur haldinn. Fjarverandi voru J. P. Gunnarsson og Sig. Sveinsson.

I Fyrir tekið:
Beiðni frá Stefáni J. Ríthor um að mega byggja aðra hæð ofan á hús sitt í Tangagötu 6 og var honum leyft það.

Fleira eigi gjört
Fundi slitið

Jóh. Þorsteinsson  M. Magnússon (f. t.)
J. Jóakimsson

Ár 1911 hinn 17 maímán var byggingarnefndarfundur haldinn. Fjarverandi voru Jón P. Gunnarsson og Jóakim Jóakimsson. Fyrir tekið:

1. Þorvaldi Jónssyni prófasti leyft að lengja hús sitt um 7 & 11 al. norður á við samkvæmt framlögðum uppdrætti.

2. Magnúsi Magnússyni kaupmanni leyft

Skjalasafnið Ísafirði

að byggja skúr í porti sínu sunnan
húss hans 5 + 2½ al.
3. Beiðni Magnúsar Þórnálfssonar frestað
sakir þess að teikningu vantaði.
4. Sigurði Guðmundssyni kaupmanni
leyft að breyta inngangi í verslun-
arbúð sína og setja stærri glugga.

Fundi slitið

Sig. Jónsson Magnús Torfason
Jóh. Þorsteinsson

Ár 1911. hinn 9. júní var byggingarnefndar-
fundur haldinn í skrifstofu bæjarfógeta.
Allir á fundi. Fyrir tekið

I Beiðni Þorláks Magnússonar um út-
mælda lóð milli húss hans og hins svo-
nefnda fjelagshúss við Hafnarstræti.
Beiðni þessari var neitað vegna þess
að byggingarnefndin áleit ekki rjett að
loka þar sundi fyrir bátum sem kynnu
að þurfa að lenda þar, enda áfram-
hald af Pólgötu til sjávar.

Fleira ekki gjört

Skjalasafnið Ísafirði

Fundi slitið

Jóh. Þorsteinsson  Magnús Torfason

Sig. Jónsson  J. Jóakimsson

Jón P. Gunnarsson

300. fundur.

Ár 1911, hinn 23. júnímán. var byggingarnefndarfundur haldinn á skrifstofu bæjarfógeta. Allir á fundi. — Fyrir tekið:

1 Beiðni Valdimars Haraldssonar um að mega girða lóð sína útt að Fjarðarstræti: Eftir samkomulagi við hann samþ. nefndin að hann mætti girða lóð sína 15 al. frá húsi Árna Gíslasonar og 20 al. frá húsi kaupm. Sig. Guðmundssonar að því áskyldu að hann hafi opinn gang heim að húsi hans og dánarbús J. H. Jensens og að lóðinni hafi forkaupsrjett að ~~lóð~~ lóðarbletti þeim c. 8 x 15 al. norður frá gömlu lóð Ásmundar beykis. í síðasta lagi þegar hann selur hús sitt gegn 1 kr. fyrir □ al. Ennfremur samþ. nefndin að greiða honum 150 krónur þegar hann hefur girt lóðina samkv.

Samþykkur
framanrituðu. Valdemar Haraldsson
12. Beiðni fyrverandi sjúkrahúsráðskonu Sigurbjargar Helgadóttur um að mega byggja fjós hjá Hlakkanesi. Tók frú beiðni sína að sinni aftur.

Fundi slitið.
Magnús Torfason

Ár 1911, hinn 20. júlímán. var byggingarnefndarfundur haldinn á skrifstofu bæjarfógeta. Allir á fundi nema Jón Þ. Gunnarsson. Þetta tekið:
1. Beiðni Ragnars kaupm. Ólafssonar Akureyri um lóð undir olíugeymsluhús í Hæstakaupstaðnum innaf Tangartúninu. Svaraði nefndin því að honum mundi heimilt að setja það olíubyrgi eptir nánari ákvörðun gegn því að greiða venjulegt lóðargjald, en flytja verði hann húsið eptir árið 1925 hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með eins árs fyrirvara. Með þessu er tjáðum kaupm. Ragnari Ólafssyni ekki heimilað nein

eignarráð yfir lóðinni. Þetta leyfi er veitt að áskyldu leyfi bæjarstjórnar.

II. Beiðni Leonh. Tang & Sons verzl. um að mega byggja skúr 8+4½ al. áfasta við hlið gripahúss verzlunarinnar að sunnanverðu til mótorverkstæðis og var henni leyft það með þeim fyrirvara að komi til þess að bærinn þurfi að taka lóð undir götu þar sem skúrinn á að standa eða gripahúsið nú stendur verði lóðareigandi að taka skúrinn burt bænum að kostnaðarlausu.

III. Búnaðarsamband Vestfjarða leyft að byggja fjós 8+6 al. á húsmannslóð þess á Stakkanesi fyrir ofan íbúðarhúsið.

Fleira eigi gjört
Fundi slitið

Magnús Torfason

J. Jóakimsson  Sig. Jónsson  Jóh. Þorsteinsson

Ár 1911. hinn 22 júlímán. var byggingarnefndarfundur haldinn í skrifstofu bæjarfógeta.
Allir á fundi. Fyrir tekið:

I Edvard kaupm. Ásmundssyni leyft að byggja

Skjalasafnið Ísafirði

~~að byggja~~ steinsteypuhús áfast við norðurenda steinsteypuhúss hans við Pólgötu 14 ~~d~~ 12 al. í sama formi og eins útlits og það.

Fleira eigi gjört

Fundi slitið

Magnús Torfason

Sig. Jónsson     Joh. Þorsteinsson

Ár 1911, hinn 28. Júlí var byggingarnefndarfundur haldinn á bæjarfógetaskrifstofunni. Allir á fundi.

Fyrir tekið:

I Ráðið að kaupa Ásmundarsyni útmæld lóð milli fangahússins og húss Valdimars Haraldssonar 17½ + 13 al. gegn 1 kr. undirgjald og honum leyft að selja þar hús 8½ + 6 al. (Skúrbygginguna sem nú stendur við „Pólgötu“)
Húseigandi samþykkir hann að selja bænum lóð hans út að Pólgötu og Fjarðarstræti; 20 al. frá húsi Sigurðar Guðmundssonar fyrir 1 Kr. □ al samkv. nánari útmælingu síðar.

(Tekið: 532 □ áln, látið 227 □ áln. lóðin minkar um 305 áln.)

Skjalasafnið Ísafirði

Ennfremur skuldbindur hann sig að fara hjall hans og geymsluhús við Fjarðarstræti svo langt inn að Fjarðarstræti verði 20 álnir frá húsi Sig. Guðmundssonar og fái 100 krónur ~~úr bæjarsjóði~~ fyrir flutninginn og skal hann framkvæmdur fyrir ágústmánaðarlok þ.á.

Gamul hús sem rifin eru af lóð hans voru 151 □al.

Edvard Ásmundsson er mættur og undirskrifar gjörðabókina til staðfestingar samningi þessum.

Lóð M.-Th. frá E.Á. norðan símastöðvar
27/3.'18 mæld = 393.75 □ áln. = 155,19 m²
nú.

Fleira ekki gjört
Fundi slitið

Magnús Torfason

Jóh. Þorsteinsson

Sig. Jónsson

Jón Þ. Gunnarsson

Edvard Ásmundsson

Ár 1911, hinn 1. September var byggingarnefndarfundur haldinn í skrifstofu bæjarfógeta. Allir á fundi nema J. Jóakimsson. Fyrir tekið

1. Lagt fram erindi Sigurðar Kr. Sigurðsson
Eiðarnesi þar sem krafist er
að útmælingar á lóð þeirri er
Jens heitinn Ólafsson hafði byggt
á á Eiðarnesinu. Með skírskotun
til ákvæðis byggingarnefndar
28. ágústm. 1907 lýsir nefndin
því yfir, að hún lítur svo á, að
húsabygging á nefndri lóð sje
til baga fyrir vegagjörð út með
Eyrarhlíð og að það muni innan
margra ára vera nauðsyn á að
kaupa húsið til rifs eða flutnings.
Sjer nefndin sjer því eigi fært
að gefa neinn frekari rjett en
nú er fyrir lóðinni sem ekkert
gjald er af greitt en telur sjer
skylt þegar þar að kemur að
láta lóðarmælanda í tje jafn-
mikla lóð og af honum kann
að verða tekin, af túninu um-
hverfis, og bæta honum svo húsa-
rifin eptir samkomulagi eða
mati.

Skjalasafnið Ísafirði

2. Erindi frá Gísla Fr. Jónssyni. Beiðis og stendur, eign einstaklings, sem lóð ~~þá~~ er liggur umhverfis húss hans og hefur ~~bæriðið~~ enginn umráð yfir þeim. Lítur nefndin svo á að gata að húsi þessu eigi að koma sem framlenging af hinni fyrirhuguðu Smiðjugötu fram hjá húsi Árna kaupm. Sveinssonar, en ákvörðun um það sjer nefndin sjer eigi fært að taka fyrst um sinn. Það virðist því eigi unt nú að gjöra götu heim að húsi Gísla Fr. Jónssonar.

3. Hæstakaupstaðartúnið. Um það var bókað svohljóðandi: Að gefnu tilefni lýsir byggingarnefndin því yfir að þegar hún 7 aprílmán. 1909 tók Hæstakaupstaðartúnið lóðarnámi ljet hún verzluninni eptir spildu af því með því fyrir augum, að hún vildi eigi minka það þurkpláss, er verzlunin til þess tíma hafði notað. Spilduna hafði nefndin svo stóra að enginn vafi gæti

leikið á að hún væri stærri en það af túninu sem til þess hina hafði verið notað í verzlunarþarfir. Uppl.

Fundi slitið.

Magnús Torfason

Jóh. Þorsteinsson Jón P. Gunnarsson Sig. Jónsson

305. fundur.

Ár 1911, hinn 5. September var byggingarnefndarfundur haldinn á skrifstofu bæjarfógeta. Allir á fundi.

Fyrir tekið:

Erindi verzlunarstjóra Karls Olgeirssonar um land til ræktunar ofan Eyrartúns. Nefndin samþykkti í einu hljóði að leggja það til að bæjarstjórn veiti verzlunarstjóra Karl Olgeirssyni leigu eftirnot af svæðinu fyrir ofan Eyrartún en neðan hlíðarvegarins að ~~byggingu~~ Hafnarstræti, gegn því ~~að~~ hann þurki þetta svæði með lokræsum, sljetti það og rækti,

svo það sje í góðri rækt og girt
það með sómilegri girðingu.
Land þetta hafi hann leigulaust
til afnota til þess í september
1922 og jafnframt sje til sama
tíma heimilað honum afnot kaup-
artúnsins fyrir sama árgjald og
nú hefur hann og að öðru leyti
með sömu kjörum. Til girðing-
arinnar verði honum í upphafi
greiddar 100 - eitthundrað - krónur
og leyft sje honum að flytja þangað, á
stað er byggingarnefnd nánar til-
tekur, bygginguna þá er hann nú
á í Grænagarði að því tilskildu
að vel sje gengið frá grunni og
byggingin að öðru leyti líti
sómilega út.

Fleira eigi gjört
Fundi slitið

Magnús Torfason
Joh. Þorsteinsson
Jón J. Gunnarsson
Sig. Jónsson

Samþykkt
Karl Olgeirsson

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði